

TÍUNÐ

FRÉTTABLAÐ RSK • DESEMBER 2015



Afturgöngur í atvinnurekstri

Starfshópur á vegum ríkisskattstjóra hefur á undanförunum misserum kannað mögulegt umfang undanskota frá sköttum hérlandis. Niðurstaðan er um margt athyglisverð, en þar ber hæst að rösklega 80 milljarða vanti upp á þær skatttekjur sem umsvif í þjóðfélaginu gefa vísbendingar um að ættu að vera. Þetta hefur verið kallað skattagapið og eru það þeir skattar og þau gjöld sem ekki skila sér til þjóðarbúsins. Það myndi miklu breyta fyrir samfélagið í heild ef unnt væri að draga úr undanskotum til framtíðar.

Kálið er þó ekki sopið þótt í ausuna sé komið. Vitaskuld er mikilvægt að hafa í huga að um fræðilega nálgun er að ræða á því hvernig skattar hefðu átt að skila sér, en það er ekki það sama og að þessir fjármunir gætu verið í hendi. Umtalsverður hluti hinna undanskotnu viðskipta fer einmitt fram vegna þess að þau eru dulin og myndu alla jafna ekki eiga sér stað ella. Raunveruleg velta sem upplýst yrði um myndi því aldrei ná því marki sem hinn fræðilegi skattur reiknast. Allt að einu er full ástæða til að sporna kröftuglega við fótum og horfa til þess hvort ekki sé unnt að grípa til frekari aðgerða með það fyrir augum að sækja gull í greipar Ægis.

Það er þó athyglisvert og um leið fagnaðarefni að Ísland sker sig ekki úr í alþjóðlegu samhengi hvað umfang undanskota varðar og er á svipuðu röli og flest lönd í norðurhluta Evrópu. Sú staðreynd breytir þó engu um nauðsyn þess að tekið sé fastar á þessum málum. Hver þjóð verður að takast á við vandamál af þessum toga á eigin forsendum og kanna hvað sé hægt að gera miðað við staðbundnar aðstæður. Þannig er greining vandamála lykilatriði til að unnt sé að gera betur hvað skilvirkni skattheimtu varðar og fá til þess virkari úrræði en hafa hingað til verið tiltæk.

Kennitöluflakk hefur löngum fylgt atvinnurekstri á Íslandi og er sá ósiður býsna útbreiddur. Rekstraraðili kemst af einhverjum ástæðum í vandræði og á réttu augnabliki er snarlega skipt um kennitölu og atvinnurekstrinum haldið áfram undir

nýjum auðkennum en skuldir, einkum við hið opinbera, eru skildar eftir í gamla félaginu. Helst minnir þetta á Ketkrók, blessaðan karlinn hinn tólfta af jólasveinunum, sem kom á Þorláksmessu og nældi sér í tutlu hér og þar. Eini munurinn er sá að Ketkrókur hafði ekki hugmyndaauðgi nútímamannsins til að bæta eigin hag á kostnað samborgaranna þar sem hann tók aðeins einn dag á árinu í að hrifsa til sín næringu úr annarra eigu. Raunar gat þjóðtrúin af sér ýmsar furðuverur og fyrr á öldum var iðulega leitað til kunnáttumanna til að kveða niður afturgöngur sem gerðu mönnum lífið leitt með óknyttum sínum. Til að vinna á slíkri óáran var jafnframt gripið til ýmissa meðala í því skyni að menn gengju ekki aftur eftir að þeir höfðu lokið jarðvist sinni. Í þjóðsögum varð mönnum því betur ágengt en stjórnsýslu nútímans. Úr-ræðaleysið gagnvart þeim einstaklingum sem ganga ítrekað aftur í atvinnurekstri eftir að hafa skilið eftir sig sviðna jörð í hverju fyrirtækinu á fætur öðru er alvarlegt. Hugarfarið að baki því að senda félög í gjaldþrot og rísa svo upp og hefjast handa að nýju er sjaldnast með sama ásetningi og Íslands-bersi hafði á sínum tíma; að koma undir sig fótunum og gera upp við lánardrottna sína, hvort heldur voru almennir kröfuhafar eða það verkafólk, sem yfirgefið hafði síldarplanið að hausti án þess að hafa fengið greidda sumarhýruna. Ekki var því barist í sama anda og liggur að baki því landlæga kennitöluflakki sem óprúttir aðilar stunda í þeim eina tilgangi að hlaupast undan skuldum sem þeir hafa stofnað til í skjóli takmarkaðrar ábyrgðar á rekstri félags. Þeir sem lánuðu og sitja uppi með sárt ennið eru kröfuhafar, fyrirtæki landsins, ríkissjóður vegna innheimtra skatta sem ekki er skilað, stéttarfélög, lífeyrissjóðir og almenningur allur með beinum eða óbeinum hætti sem greiðir reikninginn að lokum hvort heldur er í formi skatta eða hækkaðs vöruverðs. Það þykir því miður oft ekki vera tiltökumál hjá ákveðnum aðilum, þótt ríkissjóður og launamenn verði af stórum fjárhæðum þegar athafnamenn fara í „skuldahreinsun“.

TÍUND

DESEMBER 2015 - BLAÐ NR. 70

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Halldóra Viðarsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.



Að ríkisjóði standa skattgreiðendur landsins sem verða beint eða óbeint fyrir skertri þjónustu sem afleiðingu af óinnheimtanlegum skattkröfum og almenn atvinnustarfsemi líður fyrir röskun á samkeppnisstöðu og tap á óinnheimtum kröfum vegna slíkra viðskiptahátta. Hátsemi í nútímasamfélagi er stýrt af almennum viðhorfum á hverjum tíma og ekki síst af þeirri umgjörð sem sett er með lögum. Lagaumgjörð félaga-réttar kann því að þarfnast úrbóta svo unnt sé að koma í veg fyrir að slík hátsemi haldi áfram. Sé litið til grannþjóða okkar þá tóku Norðmenn á árinu 1976 upp í hlutafélagalöggjöf sína sjálfvirkt bann við því að einstaklingur fengi að taka þátt í stofnun og stjórnun í nýju hlutafélagi hefði hann árið á undan verið stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í félagi sem tekið var til gjaldþrotaskipta. Reglur af svipuðum toga tóku gildi í Danmörku 1. janúar 2014. Setning löggjafar hér á landi í ætt við lögfest úrræði grannþjóða hefur verið í um-ræðunni og ábendingar hafa verið settar fram af því tilefni.

Ríkisskattstjóri hefur bent á að til þess að ná raunhæfum árangri þarf að grípa til strangari lagareglna um stofnun á hlutafélögum, einkum einkahlutafélögum, til að sporna við því sem hér er fjallað um. Öðruvísi verður tæplega unnt að stemma stigu við því að skuldir séu skildar eftir í eignalausum lögaðila - eins konar tómri skel. Á allra síðustu árum hefur orðið æ algengara að í stórum framkvæmdum kaupum aðal-verktaki drjúgan hluta verksins hjá undirverktökum sem aftur kaupa hjá öðrum undirverktökum sem aftur kaupa svo vinnu hjá enn öðrum undirverktökum og svo koll af kolli, jafnvel niður í sjö eða átta lög undirverktaka. Við þessar að-stæður hefur það æ oftar komið upp að síðustu aðilarnir í keðjunni standi ekki skil á opinberum gjöldum og séu að auki með starfsmenn á duldu launum eða óskráða. Á þessu verður ekki breyting nema með hertri löggjöf.

Sú lagalega lausn sem unnt er að grípa til er að horfa betur til forsendna þess með hvaða hætti stofnað sé einkahlutafélag þar sem ábyrgðin er takmörkuð og er gjarnan umgjörð um störf eins manns. Flestir lögaðilar á Íslandi eru örfélög utan um tiltölulega umfangslitla starfsemi og eru ekki vinnuveit-



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

endur í þeirrar merkingu orðsins sem öllum er kunn. Ítrekuð vanskil á gögnum til opinberra aðila, vanskil á skattfram-tölum, ársreikningum og öðrum gögnum auk almennrar óreiðu eiga að klingja viðvörðunarbjöllum og kalla á við-brögð. Það getur vart talist til brota á mannréttindum eða atvinnufrelsi þótt löggjafinn grípi inn í við slíkar aðstæður og leggi einn og einn stein í götu þeirra sem ítrekað hafa skilið eftir sig sviðna jörð. Vitaskuld á að útiloka athafnasemi af þessum toga og það er unnt með því að setja skorður við heimildir til að hefja rekstur félaga ítrekað að nýju undir nýjum auðkennum. Það hefur sýnt sig að heimsóknir eftir-litsmanna til sömu aðila er starfa undir nýjum kennitöluhatti hafa á stundum takmörkuð áhrif. Sannarlega hefur ekki skort viljann til að takast á við vanda þennan en marktækri víg-stöðu verður seint náð fyrir en sett verða í lög ákvæði sem hæfa aðstæðum og jafnframt gera kennitöluflokkurum erfitt að halda óskertri getu til að narrast að samfélagi okkar. Það væri verðugt verkefni á komandi ári.

Leiðarinn	2
Tímamót eftir 45 ár í skattamálum	4
Skattkort hverfa	10
Nýjungar og breytingar á skattframkvæmd	12
Kennitölufلاك	14
Virðisaukaskattur af ferðaþjónustu	16
Skattkerfisbreytingin mikla árið 1877	18
Frádráttarbær rekstrarkostnaður	24
Heimsókn frá Aserbaídsjan	28
Boðar fésekt á skilaskussa	29

Álagning lögaðila 2015	30
Staðgreiðsla 1988 - 2015	42
Velta í virðisaukaskatti 2015	44
Mismunandi félagaform	46
Eignir og skuldir einstaklinga	48
Rafræn fyrirtækjaskrá	62
Dómar	65
Úrskurðir yfirséðanefndar	66
Bindandi álit	68
Lokaorðið	70



Jón Guðmundsson viðskiptafræðingur

Tímamót eftir 45 ár í skattamálum

Jón Guðmundsson viðskiptafræðingur hefur látið af störfum hjá ríkisskattstjóra eftir að hafa varið starfsævi sinni hjá skattyfirvöldum og fjármálaráðuneyti. Jón starfaði samfleytt að skattamálum í hálfan fimmta áratug, þar af í 25 ár hjá ríkisskattstjóra. Fyrstu sporin sté hann á skattstofunni í Reykjavík, síðan kom hann til starfa hjá ríkisskattstjóra, fór þaðan til starfa í fjármálaráðuneytinu og loks lauk hann starfsferlinum hjá ríkisskattstjóra.

Á sínum langa starfsferli sinnti Jón margvíslegum störfum. Hann var yfirmaður virðisaukaskattsskrifstofu hjá RSK, var settur skattstjóri um skeið á Norðurlandi og var lykilmáður í samskiptum ríkisskattstjóra við skattstjóra landsins. Hann tók virkan þátt í öllum þeim stóru breytingum sem gerðar voru hérlandis á tilhögun skattlagningar á síðari hluta tuttugustu aldar. Þær breytingar sem þá urðu á skattframkvæmdinni mörkuðu djúp spor í hvernig tekjuöflun hins opinbera var háttað. Hefur Jón tekið virkan þátt í mótun skattframkvæmdar á hverjum tíma, ekki síst á þeim tíma sem ráðist var í breytingarnar. Síðustu árin var hann skrifstofustjóri virðisaukaskattsskrifstofu á fagsviði og einnig um skeið á atvinnurekstrarsviði. Hann starfaði með öllum þeim sem hafa gegnt embætti ríkisskatt-

stjóra frá því að embættið var stofnað fyrir meira en hálfrí öld.

Við þessi tímamót sem óneitanlega munu setja svip á störf ríkisskattstjóra á næstu árum var við hæfi að Tíund tæki hús á Jóni Guðmundssyni og ræddi við hann um helstu bautasteina á ferlinum.

Hvenær komst þú til starfa hjá skattyfirvöldum?

Það var á árinu 1971 þegar ég var að útskrifast sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands að Guðlaugur heitin Þorvaldsson, sem þá var prófessor þar, benti mér á að það kynni að vera laus staða á skattstofunni í Reykjavík. Fór ég til fundar við Halldór Sigfússon sem þá var skattstjóri. Fór vel á með okkur og mál skipuðust þannig að ég var ráðinn strax í ráðningarviðtalinu og hóf síðan störf

stuttu síðar. Þetta var í minningunni góður tími, þá voru heilmiklar breytingar á skattstofunni. Hún hafði það sama ár flutt úr Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu í Tollhúsið sem var alveg nýtt og húsakynnin voru glæsileg. Halldór hafði mikinn metnað fyrir hönd stofnunarinnar, hafði þá ráðið nokkra viðskiptafræðinga til starfa og hafði ýmsar góðar hugmyndir. Mér fannst gaman að vera hluti af þessum hópi og þarna kynntist ég auðvitað mörgu góðu fólki.

Eftir námsleyfi komst þú til starfa hjá ríkisskattstjóra á árinu 1978. Segðu okkur frá þeim verkefnum sem þú tókst þá að þér.

Já, ég hafði farið í námsleyfi á árinu 1976 og þegar ég fór að huga að heimferð hafði



Þorsteinn Pálsson skipaði nefnd í nóvember 1986 sem fékk það hlutverk að kanna einföldun skattkerfisins og íhuga upptöku staðgreiðslukerfis. Myndin er tekin á einum af fundum nefndarinnar í ársbyrjun 1987. Frá vinstri: Sigurður B. Stefánsson, Lárus Ögmundsson, Bolli Héðinsson, Jón Guðmundsson, Sveinn Jónsson, Skúli Eggert Þórðarson, Indriði H. Þorláksson og Garðar Valdimarsson.

Garðar Valdimarsson sem þá var skatt-rannsóknarstjóri samband við mig og spurðist fyrir um hvort ég væri tilleiðan-legur að koma til ríkisskattstjóra og halda námskeið fyrir starfsmenn skattstjóra sem Guðmundur Guðbjarnason hafði annast en hann var þá að fara til annarra starfa.

Þegar fyrstu námskeiðunum var lokið bað Ævar mig um að koma til liðs við þann starfs-hóp sem þá var að undirbúa framkvæmdina eftir að lögin tóku gildi. Starfshópurinn var undir forystu Ævars en ásamt honum unnu þeir Garðar Valdimarsson, Gestur Steinþórson, Jón Zophóníasson, Sverrir Júlíusson og

Leiðbeiningablaðið - blái bæklingurinn - þótti merk nýjung sem auðveldaði mörgum framteljendum að telja fram á nýju framtalseyðublaði. Hvernig stóð á því að þessi leið var valin?

Ég hafði rekist á svipaða hugmynd frá dönskum yfirvöldum svo ég ákvað að prófa hvort unnt væri að koma þessu á það form. Hönnunin tók auðvitað sinn tíma og tók ýmsum breytingum áður en við vorum ánægð með útkomuna. Margir komu að verkinu en ég stýrði því, enda mín hugmynd að gera þetta svona. Bækl-ingnum var dreift inn á hvert heimili og af viðtökunum, sem voru mjög góðar, var ljóst að menn áttu auðveldara með að að-lagast þessum breytingum. Því miður var þetta form á leiðbeiningunum þó aðeins notað í eitt skipti.

Skattabreytingarnar 1978 - 1980 voru miklar eins og við höfum rætt. Hvernig var viðhorf almennings gagnvart þessum breytingum?

Það var auðvitað mikil breyting þegar hvort hjóna um sig fékk sérstakt tekju-framtal en fram að þessu höfðu tekjur

”

Jón starfaði með öllum þeim sem hafa gegnt embætti ríkisskattstjóra frá því að embættið var stofnað fyrir meira en hálfri öld

Ég fór því til fundar við þá Sigurbjörn Þor-björnsson ríkisskattstjóra og Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra. Mér leist vel á þetta og það varð úr að ég tæki þetta verkefni að mér.

Skattabreytingin mikla með lögum nr. 40/1978 markaði djúp þáttaskil. Hvernig var þeim undirbúningi hagað og hvert var þitt hlutverk?

ýmsir aðrir starfsmenn ríkisskattstjóra að þessu verkefni. Þeir Jón Zóp. og Sverrir voru starfsmenn Skýrr og fjármálaráðuneytisins svo að þessu verki komu margir fleiri en starfsmenn skattkerfisins. Mitt hlutverk var að semja leiðbeiningar og koma laga-textanum í það horf að almenningur skildi hvað þarna væri á ferðinni. Eitt af því sem við tókum þá upp var að halda kynningar-fundi hjá stéttarfélögum og ýmsum öðrum hópum.



Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Jón Guðmundsson voru báðir heiðursgestir á hátíðarkvöldverði stjórnenda ríkisskattstjóra á árlegum stjórnendafundi sem haldinn var á Akureyri í byrjun september sl.

hjóna verið lagðar saman og síðan mátti draga helming tekna eiginkonu frá. Eyðublaðið var nýtt og gert eftir nýjustu

á verðbólguþrekingsskilum og fram fór endurmat á verðmæti allra fastafjármuna í atvinnurekstri. Verðbreytingafærslan

vitað komu fleiri að því. Þetta var mjög krefjandi tími en jafnframt skemmtilegur, enda var á þessum tíma að miklu leyti verið að móta nýja framkvæmd.

”

Mitt hlutverk var að semja leiðbeiningar og koma lagatextanum í það horf að almenningur skildi hvað þarna væri á ferðinni

stöðlum sem þeir Sverrir og Jón Zóp. áttu stærstan heiður af. Allir reitir voru númeraðir og skráning framtalsins varð því miklu ítarlegri en áður og tók því lengri tíma. Þá var skattlagningu atvinnurekstrar breytt í grundvallaratriðum með upptöku

var séríslenskt fyrirbrigði sem ætlað var að mæta mikilli verðbólgu sem hafði verið viðvarandi ástand árum saman. Öll rekstrareyðublöð voru gerð upp á nýtt og var það verkefni m.a. á minni könnu og Guðmundar Guðbjarnasonar en auð-

Virðisaukaskatturinn hafði verið í undirbúningi um alllangt skeið þegar upptaka hans fór fram en þú varst við stjórnvölinn á þeim tíma. Hvernig sérð þú þau mál núna þegar 25 ár eru liðin?

Það var árið 1982 að starfshópur var myndaður til að semja lagafrumvarp um virðisaukaskatt. Formaður hópsins var Árni Kolbeinsson sem þá var yfirmaður tekjudeildarinnar í fjármálaráðuneytinu og var ég fenginn til að vera ritari starfshópsins. Upp úr þessu varð ég fljótlega einn af helstu sérfræðingum ríkisskattstjóra í virðisaukaskatti. Í þessum hópi voru

m.a. Ólafur Nílsen, Gamalíel Sveinsson og Garðar Valdimarsson en við Garðar áttum eftir að starfa lengi saman að framkvæmd virðisaukaskatts. Frumvarpið var

vinnumarkaðinum. Mikil fundahöld voru á þessum tíma til að tryggja að atvinnulífið vissi hvernig virðisaukaskatturinn virkaði en þar breyttust einkum þau uppsöfnun-

Staðgreiðslan var næsti stóri áfangi í breytingasögunni. Hver var þinn þáttur þar?

Það bar skyndilega að á meðan við vorum á kafi í undirbúningi virðisaukaskattsins að tilkynnt var að stjórnvöld vildu að staðgreiðsla opinberra gjalda yrði tekin upp. Upptaka á staðgreiðslu hafði árum saman verið rædd reglulega en ekki var eining um hvernig hún ætti að verða. Verkalýðshreyfingin kom með nýja hugmynd seint á árinu 1986 og kynnti útfærslu sem að mörgu leyti hentaði svo skömmum aðlögunartíma. Ég vann með starfshópi sem fékk það verkefni að semja frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og veturinn 1986 - 1987 fór í það verkefni að mestu leyti. Övenju mikil og löng fundahöld fylgdu þessari vinnu, svo mikil að ég man ekki eftir öðru eins. Þarna sátum við Garðar, Indriði Þorláksson, Skúli Eggert, Lárus Ögmundsson og fleiri með Erlu Björgvinsdóttur á hliðarlínunni, yfir lagatexta kvöld eftir kvöld. Það tókst þó vel til og frumvörpin voru samþykkt án mikilla umræðna enda um þjóðþrifamál að ræða sem margir voru búnir að biða árum saman eftir.

”

Það var merkilegt að upplifa sameiningu stofnana skattkerfisins sem varð rúmum tveimur árum eftir að ég kom aftur. Gríðarlega merkilegt þótti mér hversu greiðlega sameiningin gekk fyrir sig

ekki lagt fram í þetta skipti en málið unnið áfram. Lárus Ögmundsson tók við störfum Árna þegar hann varð ráðuneytisstjóri í sjávarútvegssráðuneytinu og var unnið að þessu verkefni næstu árin á eftir. Horft var til norræna skattkerfisins og mjög margt var sótt til danskrar skattframkvæmdar. Hlé varð á vinnu okkar á meðan staðgreiðsla opinberra gjalda var undirbúin en síðan var þráðurinn tekinn upp að nýju 1988 og áherslan þá lögð á að ljúka lagavinnunni og kynna málið fyrir hagsmunaaðilum og

aráhrif sem söluskatturinn hafði haft og gerði virðisaukaskatturinn atvinnulífið því samkeppnishæfara.

Þegar ég lít til baka minnst ég þess að við sem unnum að þessu höfðum hug á því að virðisaukaskattkerfið yrði sem einfaldast. Eitt þrep og fáar undanþágur. Þannig virkar það best og nær tilgangi sínum sem gott tekjuöflunarkerfi. Þróunin hefur orðið önnur og það finnst mér miður. Mér finnst að leggja eigi áherslu á að einfalda virðisaukaskattkerfið og efla það.

Skattframtal 1980

Nafn Jón Jónsson		Nafn Jóna Jónsdóttir	
Fæddur 18.08.43	Náttíð XXXX-XXXX	Fæddur 12.01.53	Náttíð XXXX-XXXX
Stofn Adalgata 88	Stofn og heimilisnúmer 119 Reykjavík	Stofn 0000	Stofn og heimilisnúmer XXXX-XXXX
Eignir Sigrún Björnsdóttir	Fæddur 01.04.73	Nafn 	Fæddur

Skattframtalið er skráð og skráðar eru skráðar. Skattframtalið er skráð og skráðar eru skráðar. Skattframtalið er skráð og skráðar eru skráðar.

Eignir b. m. t. eignir barna (innstæður og verðbréf barna, sbr. l. 68, fæst á l. 68 ef eignir eru á skattframtali barna)	
1.1 Eignir b. m. t. eignir barna (innstæður og verðbréf barna, sbr. l. 68, fæst á l. 68 ef eignir eru á skattframtali barna)	250.000
1.2 Skattgjöld	250.000
1.3 Skattgjöld	2.800.000
1.4 Skattgjöld	2.800.000
1.5 Skattgjöld	2.800.000
1.6 Skattgjöld	2.800.000
1.7 Skattgjöld	2.800.000
1.8 Skattgjöld	2.800.000
1.9 Skattgjöld	2.800.000
1.10 Skattgjöld	2.800.000
1.11 Skattgjöld	2.800.000
1.12 Skattgjöld	2.800.000
1.13 Skattgjöld	2.800.000
1.14 Skattgjöld	2.800.000
1.15 Skattgjöld	2.800.000
1.16 Skattgjöld	2.800.000
1.17 Skattgjöld	2.800.000
1.18 Skattgjöld	2.800.000
1.19 Skattgjöld	2.800.000
1.20 Skattgjöld	2.800.000
1.21 Skattgjöld	2.800.000
1.22 Skattgjöld	2.800.000
1.23 Skattgjöld	2.800.000
1.24 Skattgjöld	2.800.000
1.25 Skattgjöld	2.800.000
1.26 Skattgjöld	2.800.000
1.27 Skattgjöld	2.800.000
1.28 Skattgjöld	2.800.000
1.29 Skattgjöld	2.800.000
1.30 Skattgjöld	2.800.000
1.31 Skattgjöld	2.800.000
1.32 Skattgjöld	2.800.000
1.33 Skattgjöld	2.800.000
1.34 Skattgjöld	2.800.000
1.35 Skattgjöld	2.800.000
1.36 Skattgjöld	2.800.000
1.37 Skattgjöld	2.800.000
1.38 Skattgjöld	2.800.000
1.39 Skattgjöld	2.800.000
1.40 Skattgjöld	2.800.000
1.41 Skattgjöld	2.800.000
1.42 Skattgjöld	2.800.000
1.43 Skattgjöld	2.800.000
1.44 Skattgjöld	2.800.000
1.45 Skattgjöld	2.800.000
1.46 Skattgjöld	2.800.000
1.47 Skattgjöld	2.800.000
1.48 Skattgjöld	2.800.000
1.49 Skattgjöld	2.800.000
1.50 Skattgjöld	2.800.000
1.51 Skattgjöld	2.800.000
1.52 Skattgjöld	2.800.000
1.53 Skattgjöld	2.800.000
1.54 Skattgjöld	2.800.000
1.55 Skattgjöld	2.800.000
1.56 Skattgjöld	2.800.000
1.57 Skattgjöld	2.800.000
1.58 Skattgjöld	2.800.000
1.59 Skattgjöld	2.800.000
1.60 Skattgjöld	2.800.000
1.61 Skattgjöld	2.800.000
1.62 Skattgjöld	2.800.000
1.63 Skattgjöld	2.800.000
1.64 Skattgjöld	2.800.000
1.65 Skattgjöld	2.800.000
1.66 Skattgjöld	2.800.000
1.67 Skattgjöld	2.800.000
1.68 Skattgjöld	2.800.000
1.69 Skattgjöld	2.800.000
1.70 Skattgjöld	2.800.000
1.71 Skattgjöld	2.800.000
1.72 Skattgjöld	2.800.000
1.73 Skattgjöld	2.800.000
1.74 Skattgjöld	2.800.000
1.75 Skattgjöld	2.800.000
1.76 Skattgjöld	2.800.000
1.77 Skattgjöld	2.800.000
1.78 Skattgjöld	2.800.000
1.79 Skattgjöld	2.800.000
1.80 Skattgjöld	2.800.000
1.81 Skattgjöld	2.800.000
1.82 Skattgjöld	2.800.000
1.83 Skattgjöld	2.800.000
1.84 Skattgjöld	2.800.000
1.85 Skattgjöld	2.800.000
1.86 Skattgjöld	2.800.000
1.87 Skattgjöld	2.800.000
1.88 Skattgjöld	2.800.000
1.89 Skattgjöld	2.800.000
1.90 Skattgjöld	2.800.000
1.91 Skattgjöld	2.800.000
1.92 Skattgjöld	2.800.000
1.93 Skattgjöld	2.800.000
1.94 Skattgjöld	2.800.000
1.95 Skattgjöld	2.800.000
1.96 Skattgjöld	2.800.000
1.97 Skattgjöld	2.800.000
1.98 Skattgjöld	2.800.000
1.99 Skattgjöld	2.800.000
2.00 Skattgjöld	2.800.000

RÍKISSKATTSTJÓRI

Sýnishorn af útfylltu framtali hjóna ásamt skýringum við einstaka liði

Inngangur
Sýnishorn þess sem hér birtist hefur að geyma skattframtal árið 1980 fyrir hjónin Jón Jónsson og Jónu Jónsdóttur, Adalgata 88, Reykjavík. Skýringar og upplýsingar um efnahag þeirra og tekjur eru raktar lið fyrir lið hér á eftir og er vísað með örvum í viðeigandi liði eða reiti á framtalseyðublaðinu. Jón og Jóna giftu sig á árinu 1979 og hafa valið að telja fram sameiginlega allt árið. Dálkurinn lengst til hægri á hverri síðu er samtöludálkur. Þar á að rita, að fjárhæð með öðrum fjárhæð, samtölu hvers liðar. Athuga ber að samtöludálkur er tvískiptur frá T8 — T13. Skyggu fletimír eru atlaðir skattgjöld og skal ekki rita í þá.

- 1 Peningar**
Hjónin eiga 250.000 kr. í peningum um áramót sem þau fara til eignar bæði í reit 03 og samtöludálk.
- 2 Útataki**
Jóna á bifreiðina R-0850 sem hún keypti á árinu 1978 á 3.000.000 kr. Jón á R-01750 sem hann keypti á árinu 1977 á 2.800.000 kr. Báðar bifreiðarnar ferast til eignar á upphaflegu kaupverði. Samtala kaupverðs ferast í reit 06.
- 3 Fasteignir**
Hjónin á Adalgata 88 ferast til eignar á fasteignamatsskattverði í árslok. Mat hiðvar 22.000.000 kr. og leigulundur 1.000.000 kr. skv. fasteignamatsskattverði sem þau fengu sendan. Frá mati loðar draga þau afgjaldskvæðaverðmæti 75.000 kr. (þ. e. 15 fúlda löðarleigu ársins 1979 sem var 5.000 kr.). Samtala fasteigna ferast síðan í reit 07.
- 4 Hlutabréf**
Hjónin á hlutabréf í Einingaverksmiðjunni hf. að nafnverði 1.000.000 kr. og fær greiddar 120.000 kr. í arð. Hjónin kaupa hlutabréf að nafnverði 300.000 kr. í Farskip hf. á 420.000 kr. Hlutabréfin ferast í heild til eignar í reit 08 á nafnverði. Arður samtals ferast í reit 09 og einnig sem tekjur í reit 75 á síðu 4.
- 5 Innlendrar innstæður**
Hjónin eiga í árslok sparisjóðsbók með 800.000 kr. innstæðu og höfðu 130.000 kr. vaxtatekjur af henni á árinu. Einnig eiga þau spariskirteini ríkissjóðs að nafnverði 100.000 kr. Innstæðan samtals 900.000 kr. ferast í reit 11. Vextir samtals ferast í reit 12 og einnig sem tekjur í reit 73 á síðu 4. Vextir af spariskirteini greiðast ekki fyrr en á innlausnartími og verða þá skattskyldir ásamt verðbótum á vexti og nafnverð breifanna. Ef spariskirteini er selt fyrir innlausnartími verður mismunur söliverðs þess og nafnverðs skattskyldur sem vextir á söluárinu.
- 6 Verðbréf**
Hjónin eiga veðskuldabréf að eftirstöðvum 500.000 kr. í árslok og fengu greiddar 84.000 kr. í vexti. Stofnsjóður þeirra í kaupfélaginu bar 3.000 kr. í vexti. Þau hafa valið að fara alla vexti (vaxtatekjur og vaxtagjöld) þegar þeir eru greiddir og gjaldfáltnir enda þótt heimilt sé að fara reiknaða áfallna vexti. Verðbréf samtals ferast í reit 13. Vextir samtals ferast í reit 14 og einnig sem tekjur í reit 74 á síðu 4.
- 7 Arðar eignir**
Hjólhýsi sem þau eiga ferast til eignar á upphaflegu kaupverði.
- 8 Innstæður og verðbréf barna**
Sigrún dóttir Jóna á sparisjóðsbók með innstæðu ásamt vöxtum að fjárhæð 180.000 kr. í árslok. Þar sem Sigrún hefur engar tekjur og skuldar ekkert er framtalskyldu vegna hennar fullnægt með þessum hætti.

Framtalseyðublaðin voru mikið breytt árið 1980 og meira í lagt að kynna þau og skýra en venjulega.



Fundað um virðisaukaskatt árið 2011. Frá vinstri: Anna Júlíusdóttir, Björn Ingi Jósefsson, Jón Guðmundsson, Óskar H. Albertsson, Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir og Gunnar Níelsson.

Þú komst svo aftur til RSK eftir 13 ára fjarveru vegna starfa í fjármálaráðuneytinu. Hvernig var að snúa aftur á fornar slóðir?

Eftir langan starfsferil hjá RSK varð það úr að ég fór til starfa hjá fjármálaráðuneytinu vorið 1994. Í fjármálaráðuneytinu var ég á kafi í skattamálunum og um tíma var ég einnig með tollamál. Þetta var ágætur tími og starfið lærdómsríkt og krefjandi. Þar tók ég þátt í flestum liðum skattastjórnsýslunnar, frumvarpsvinnu, sótti fundi hjá OECD, þingnefndum og átti svo auðvitað mikið samstarf við RSK árum saman. Eftir rúm 13 ár í ráðuneytinu fékk ég einn góðan veðurdag símtal frá Skúla Eggert Þórðarsyni sem þá var orðinn ríkisskattstjóri sem spurði mig hvort það væri ekki kominn tími til að ég kæmi aftur heim. Eftir nokkra umhugsun sló ég til og var mjög ánægður með þá ákvörðun. Verkefnin hjá RSK voru eins og gefur að skilja virðisaukaskattur og aftur virðisaukaskattur. Það var einstaklega ánægjulegt að koma aftur til ríkisskattstjóra og kynna

upp á nýtt öllum þeim sem ég hafði unnið með á árum áður og voru enn starfandi. Ekki síður var skemmtilegt að hitta allt það góða fólk sem ráðist hafði til starfa á meðan ég var í ráðuneytinu. Verkefnin eru, eins og alltaf, mjög krefjandi en mjög gaman var að enda starfsferilinn hjá RSK. Það var merkilegt að upplifa sameiningu stofnana skattkerfisins sem varð rúmum tveimur árum eftir að ég kom aftur. Gríðarlega merkilegt þótti mér hversu greiðlega sameiningin gekk fyrir sig. Ég tók auðvitað þátt í henni eins og allir starfsmennirnir og fékk tækifæri til að láta ljós mitt skína. Ég er þeirrar skoðunar að sú sameining hafi verið eitt mesta framfaraspor í sögu skattastjórnsýslunnar á Íslandi, öllum til heilla og þeim til sóma sem stóðu fremst í þeirri víglínu bæði af hálfu RSK og fjármálaráðuneytisins.

Við starfslok hljóta viðbrigðin að vera mikil. Hvað tekur nú við?

Já það er rétt að vinnan hefur löngum skipað stóran sess í mínu lífi eins og

hjá flestum. Upphaflega var það mín hugmynd að láta af störfum fyrir hálfu öðru ári síðan en þá fékk RSK það verkefni að annast framkvæmd á leiðréttingu húsnæðislána. Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir sem starfaði í virðisaukaskattinum var fengin í það verkefni og þá varð það úr að ég héldi áfram störfum til að brúa það bil sem þá myndaðist, en reyndar í 60% starfshlutfalli. Það var ágætur aðlögunartími og ég gat farið að sinna hugðarefnum mínum sem nú taka við. Við Guðrún Ólafsdóttir eiginkona mín höfum komið okkur upp afdrepi við Langá á Mýrum þar sem við höfum lagst í skógrækt. Það er mjög áhugavert verkefni sem gefur okkur hjónunum mikið og verður okkar aðal verkefni á komandi árum. Við erum heilsuhaust og útiveran í skógræktinni mun örugglega gera okkur gott. Svo eigum við góðan hóp af barnabörnum sem dætur okkar eiga og þeim fylgja heilmikil og bráðskemmtileg verkefni.

IHG

Jónas Magnússon verkefnisstjóri í rafrænum persónuafslætti og Magnús Pétursson fyrrum ríkissáttasemjari. Magnús hefur aðstoðað ríkisskattstjóra við kynningu á þeim breytingum sem í vændum eru hjá nokkrum af stærstu launagreiðendum landsins.



Skattkort hverfa

Þann 19. desember sl. samþykkti Alþingi frumvarp um breytingu á lögum 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Er þar kveðið á um að skattkort verði lögð af frá og með árinu 2016 og lýkur þar með 27 ára farsælli sögu þeirra.

Uppataka skattkorta var samhliða allsherjar uppstokkun á skattkerfi Íslendinga árið 1987 þegar eftirágreiðdir skattar voru kvaddir og tekin upp staðgreiðsla. Við gildistöku staðgreiðslunnar féllu úr gildi hinar ýmsu frádráttarheimildir til lækkunar á tekjuskattsstofni sem áður höfðu

verið við lýði og fengu allir landsmenn einn og sama frádráttinn, svokallaðan persónuafslátt. Afsláttinn áttu launamenn að geta notað mánaðarlega með lægri skattgreiðslum og þurfti þá að útbúa kerfi svo þeir gætu ávísað afslættinum til launagreiðenda sinna og var lausnin sú að útbúin voru skattkort.

Með breyttum tíðaranda, tækni- frampróun og umbyltingum í atvinnulífinu hafa skattkortin setið eftir sem einskonar minnisvarði gamalla tíma frá því þegar eðlilegt þótti að ganga á milli


húsa með pappír, já eða senda landshorna á milli til varðveislu hjá réttum launafulltrúa. Skattkortunum hefur frá upphafi fylgt mikið umstang og hafa þau verið gjörn á að týnast „í pósti“ eða í djúpum skúffum.

Á árinu 2014 voru heimsóknir í afgreiðslu ríkisskattstjóra á Laugavegi 166 vegna útgáfu skattkorta ríflega 24 þúsund og útgefin skattkort á fyrstu 10 mánuðum ársins 2015 nærri 28 þúsund. Af þeim umsækendum eru ríflega 17 þúsund á aldrinum 16-30 ára eða um 62%. Sé miðað við þá sem eru yngri en 40 ára er hlutfalið 78%. Áætla má að meirihluti þessara aðila hefðu getað sloppið við að taka sér tíma til að leita til ríkisskattstjóra og hjálpað sér sjálfir hefði verið boðið upp á það. Með áður nefndu lagafrumvarpi er skreifið loksins tekið og munu skattkortin heyra sögunni til, verði frumvarpið að lögum.

Að hætta notkun skattkorta kann að hljóma sem svo að það kalli á stórtækar breytingar fyrir launagreiðendur. Þótt notkun skattkorta verði hætt þá kallar það

Súluritið sýnir fjölda einstaklinga sem fengið hafa skattkort á fyrstu 10 mánuðum ársins 2015 eftir aldri. Mikill fjöldi útgefna skattkorta til ungs fólks endurspeglar hreyfingu þeirra á vinnumarkaði.

Fjöldi á hverju aldursbili sem fékk skattkort árið 2015



Nýtt yfirlit verður aðgengilegt launamönnum á þjónustusiðu RSK þar sem tekjur ársins eru dregnar saman auk þess sem tilgreindur er nýttur persónuafsláttur ársins.

ekki á neinar breytingar fyrir launagreiðendur á launavinnslu, staðgreiðsluskilum eða notkun persónuafsláttar launamanna sinna. Nýtingin verður áfram með sama hætti og á síðasta launatímabili 2015, nema launamaður óski sérstaklega eftir breytingum þar á. Breytingin er því stór en samt svo lítil.

Sá þáttur sem kallar á nýtt verklag hjá launagreiðendum er þegar nýr starfsmaður kemur til starfa. Hann þarf ekki að framvísa skattkorti með upplýsingum um nýtingu persónuafsláttar eins og áður hefur verið. Þess í stað upplýsir launamaður launagreiðanda um hvort nýta eigi persónuafslátt við útreikning staðgreiðslu og þá hversu hátt hlutfall. Eigi launamaður uppsafnaðan persónuafslátt eða vill nýta persónuafslátt maka upplýsir hann launagreiðanda um það. Mikilvægt er að launagreiðandi, sem fagaðili í staðgreiðslu, spyrji réttu spurninga áður en nota á persónuafslátt nýs launamanns og er mikilvægt að fá á hreint frá og með hvaða tíma óhætt er að nota persónuafslátt, hve mikið og hvort nýta eigi uppsafnaðan persónuafslátt, ef einhver er. Ríkisskattstjóri eykur rafræna þjónustu sína í tilefni þessara breytinga með því að birta launamönnum ítarlegri upplýsingar um staðgreiðslu og nýtingu persónuafsláttar á þjónustusiðu RSK. Launamenn geta frá áramótum séð hvernig nýting persónuafsláttar er frá mánuði til mánaðar og samantekt nýtingar persónuafsláttar ársins. Mögulegt er fyrir launamenn að sækja þar yfirlit yfir nýttan persónuafslátt ársins til framvísunar hjá launagreiðanda, sé þess óskað.

Þegar launamaður lætur af störfum og byrjar að fá greiðslur frá nýjum launagreiðanda er mikilvægt að hann upplýsi báða launagreiðendur sína um hvernig haga skuli nýtingu, hvenær sá fyrri á að hætta nýtingu og hvenær sá nýi má byrja. Séu launagreiðendur meðvitaðir um hugsanlega skörun á launagreiðslum og veki máls á því getur það sparað launamanni tugi þúsunda við álagningu hafi hann ekki áttað sig á því sjálfur.

Samhliða þessum breytingum kemur ríkisskattstjóri til með að auka samtímaeftirlit með nýtingu persónuafsláttar og kveður lagafrumvarpið skýrar á en verið hefur um heimild ríkisskattstjóra til að

Heildar ráðstöfun – öll tímabil	Sigrún	Jóhannes
Laun	3.000.000	
Greitt í lífeyrissjóð	120.000	
Afdregin staðgreiðsla	565.220	
Reiknaður skattur	1.074.240	
Persónuafsláttur	509.020	
Fjöldi mánaða	10	9
Nýttur persónuafsláttur	509.020	458.118

grípa inn í komi til ofnýtingar hans. Leita á leiða til að leiðrétta ofnotkun persónuafsláttar innan ársins jafn óðum og hún kemur upp. Launagreiðendur geta í slíkum tilvikum átt von á að fá boð frá ríkisskattstjóra um að hætta notkun á persónuafslætti tiltekins launamanns tímabundið þangað til ofnýting hefur verið leiðrét.

Rétt nýting persónuafsláttar leiðir til réttar staðgreiðslu sem leiðir svo til þess að háir bakreikningar við álagningu heyri sögunni til. Auk réttu skattgreiðslna á réttum tíma er fyrirsjáanlegt að afleiddur

fyrir að umferð minnki með tilheyrandi eldsneytissparnaði og jákvæðum áhrifum fyrir umhverfið fyrir utan allan pappírinn sem sparast.

Öllum breytingum fylgir aðlögunartími á meðan gamlar hefðir eru brotnar og nýjar skapaðar. Er það einlæg von ríkisskattstjóra að með samstilltu átaki launamanna, launagreiðenda og ríkisskattstjóra verði hægt að koma nýju verklagi á fljótt og vel enda er til svo mikils að vinna. Dómur sögunnar verður vonandi sá að þetta hafi verið tímabært heillaspor fyrir landsmenn alla.

JM



sparnaður vegna þessara breytinga verði nokkur. Má þar nefna tímasparnað launþega sem þurft hafa að elta skattkort sín uppi út um hvippinn og hvappinn, póstkostnaður fyrirtækja og stofnana kemur til með að lækka þegar ekki þarf lengur að senda skattkort á milli aðila auk þess sem gera má ráð

Ríkisskattstjóri hefur látið útbúa tvö kynningarmyndbönd sem verða hluti af kynningarherferð ríkisskattstjóra á breytingunum. Annað útskýrir nýja fyrirkomulagið með almennum hætti á meðan hitt leiðbeinir um hvernig skipta skal persónuafslætti milli tveggja launagreiðenda eða hvernig skal fara að þegar skipt er um vinnu.

Nýjungar og breytingar á skattframkvæmd

Föstudaginn 11. desember síðastliðinn hélt ríkisskattstjóri árlegan starfsmannafund á Grand Hótel í Reykjavík. Þá hittust allir starfsmenn embættisins sem annars sinna störfum sínum á níu starfsstöðvum um landið. Greinilegt var á fundinum að þrátt fyrir dreifða starfsemi hefur hópurinn náð mjög mikilli samheldni og góðum starfsanda, en yfirbragð fundarins var hvetjandi og jákvætt.



Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra opnaði fundinn með ávarpi þar sem hann fjallaði m.a. um árangur RSK í opinberri stjórnsýslu, rafvæðingu verkefna og lýsti áncægu sinni með framkvæmd Leiðréttingarinnar.

Í upphafi fundar var frumflutt myndband um starfsemina á árinu þar sem fléttað var saman skýrum tölulegum upplýsingum, verkefnum og árangri í því krefjandi verkefni sem Leiðréttingin var. Var gerður góður rómur að myndbandinu og veitti það nýja sýn á starfsemina. Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra opnaði fundinn að því loknu með stuttu ávarpi og hvatti til áframhaldandi góðra verka auk þess að vera með öllum starfsmönnum á hópmynd.

Tryggvi Þór Herbertsson kynnti nýja hagdeild ríkisskattstjóra, mönnun hennar, stefnu og hlutverk. Hann fór yfir

helstu verkefni sem deildin mun sinna, en þess má geta að greinaskrif í Tíund verða þar talsvert stór þáttur. Stefán Skjaldarson starfsstöðvarstjóri á Akranesi kynnti því næst störf og niðurstöður starfshóps er vann að mati á skattundanskotum á Íslandi, en hann var formaður starfshópsins.

Elín Alma Arthursdóttir kynnti verkefni framundan í hópavinnu og kom af stað hópastarfi sem miðaði að því að vinna með gildi embættisins, en þau eru fagmennska, jákvæðni og samvinna. Gott og árangursríkt hópastarf var svo á hátt í 30 borðum um gildin og munu niðurstöður þess verða unnar nánar í kjölfarið.



Þorsteinn Svavar Fransson og Sigurjón Hávarsson.



Magnús Bragi Ingólfsson og Dragana Zastavnikovic.

Fyrrum ríkisskattstjórar og starfsmenn sem létu af störfum á árinu bættust í hópinn í hádeginu og nutu ljúffengra jólarétta af hlaðborði, en áhersla er lögð á það hjá embættinu að rækta samband við fyrrum starfsmenn þess með þessum hætti. Hlýddu þeir einnig á fagan söng hluta Mótettukórs Hallgrímskirkju er sannarlega kom með jólaandann á fundinn.

Jónas Magnússon leiðir verkefni er snýr að rafrænum persónuafslætti í stað skattkortanna sem hafa verið notuð um áratugaskeið. Hann kynnti verkefnið fyrir starfsmönnum, fór yfir hvernig kynningu þess hefur verið háttað til þessa og verður fram haldið. Í lokin sýndi hann kynningarmyndbönd er notuð verða annars vegar fyrir

launþega og hins vegar launagreiðendur til að skýra þeirra hlið á breytingunni sem í þessu felst.

Starfsmannafélag ríkisskattstjóra heiðraði þá starfsmenn sérstaklega er höfðu átt stórafmæli á árinu 2015, en hefð er fyrir því vegna 50, 60 og 70 ára afmæla. Var þar um talsvert stóran hóp að ræða sem uppskar einnig gott klapp frá samstarfsmönnum.

Áður en fundi var slitið tók Skúli Eggert Þórðarson saman efni fundarins og fór yfir opnunartíma starfsstöðva yfir hátíðirnar auk þess að óska starfsmönnum gleðilegrar hátíðar og ánægjulegra frídaga eftir vinnuálag síðustu mánaða. ■

IHG



Kennitöluflakk

- stundum er raunveruleikinn ótrúlegri en lygasaga -

Þeir sem starfa við skatteftirlit verða áþreifanlega varir við hvernig kennitöluflakk gengur fyrir sig. Þetta er mikið samfélagslegt mein sem leiðir hugann að því af hverju ekki hafi meira verið gert til að taka á vandamálinu.

Til útskýringar má nefna nýlegt dæmi. Starfsmenn skatteftirlits höfðu afskipti af rekstraraðila sem var með tugi starfsmanna við störf í desember 2014 er í ljós kom að hann hafði ekki skilað neinum opinberum gjöldum vegna starfseminnar frá því í maí 2014 er félagið hóf starfsemi. Eftir aðgerðir vettvangseftirlits brást hann við með því að skila upplýsingum til skattfyrivalda um launagreiðslur og gerði einnig greiðsluáætlun hjá tollstjóra. Á nýju ári kom svo í ljós að viðkomandi rekstraraðili stóð ekki við þá samninga sem hann hafði gert til að bæta ráð sitt og hefur hann ekki staðið skil á neinum sköttum eða gjöldum, hvorki virðisaukaskatti né staðgreiðslu launamanna. Þar fyrir utan hefur hann engu skilað í lífeyrissjóð eða stéttarfélag. Frá og með 1. mars 2015 er hann hins vegar með starfsemi í nýstofnuðu fyrirtæki og því líklegt að samfélagið verði af tugum milljóna út af þessum aðila.

Skattfyrirvöld geta ekkert aðhafst þrátt fyrir að hafa upplýsingar um háttsemi forsvarsmannsins í gamla félaginu og þurfa að leyfa skráningu nýja félagsins á virðisaukaskattskrá og launagreiðendaskrá. Vitaskuld verður fylgst með þessum rekstraraðila, en því miður er ekkert sem hindrar hann í því að halda áfram uppteknum hætti, standa ekki skil á neinu heldur stofna nýtt félag þegar stefnir í óefni.

Á grundvelli afar veikrar löggjafar hefur forsvarsmaður þessa rekstraraðila háar fjárhæðir bæði af samfélaginu og launþegum sínum fyrir utan að skekkja samkeppnistöðu þeirrar atvinnugreinar er hann starfar í með því að geta boðið óeðlilega lágt í verk miðað við þá sem fara að reglum. Hegðun sem þessi virðist vera ákveðið módel sem mýmörg dæmi eru um bæði hér á landi og erlendis. Það byggir á undirboðum í verk í ákveðnum atvinnugreinum á grundvelli vanskila á launatengdum gjöldum og eftir atvikum virðisaukaskatti. Félag eru látin fara „á hausinn“ og leikurinn byrjar upp á nýtt.

Erfitt er að skilja hvers vegna ekki hafi fyrir löngu síðan verið settur öflugri lagarammi um hæfi rekstraraðila til að stýra félögum eða standa í atvinnustarfsemi yfirleitt. Reyndin er sú að það er alltof auðvelt fyrir forsvarsmenn að flakka á milli félaga og skilja skatta og aðrar skuldbindingar eftir í þeim. Á meðan ekki er tekið á þessum málum af festu þá heldur samfélaginu áfram að blæða út og þegar svona háttar til er samkeppni ekki á jafnræðisgrunni.

Allir vita að þessi háttsemi er ekkert einsdæmi en það er algerlega ótækt fyrir samfélagið að ekkert sé aðhafst. Þarna er ábyrgð löggjafans mikil að bregðast hratt við. Kannski vantar þá, sem ákvörðunarvaldið hafa, nálægðina við það sem er á seyði en við sem höfum starfað lengi við þessi mál vitum að raunveruleikinn er stundum ótrúlegri en nokkur lygasaga. ■

SJ

Ein birtingarmynd skattsvika á grundvelli kennitölulakks

Í dæminu hér að neðan stofnar einstaklingur einkahlutafélag eða endurvekur gamla kennitölu, fær virðisaukaskattsnúmer, fer að selja þjónustu og gefur út sölureikninga. Fyrirfram er ásetningur að skila engu til skattýfirvalda. Á þeim grunni fær hann áætlun skattýfirvalda. Þegar viðkomandi hefur verið afskráður af grunnskrá virðisaukaskatts eða rekstur félagsins stöðvaður af hálfu skattýfirvalda stofnar hann nýtt félag og ferlið hefst á ný.



A

A er stofnað í ársbyrjun 2014 og er áætlað allt árið 2014. Vsk númeri er lokað og ábyrgðarmaður hættir afskiptum af því og um leið er nafninu breytt.




B

Um leið og skattýfirvöld byrja að aðhafast í félagi A stofnar ábyrgðarmaður félag B, með sama nafni og A, og hefur nákvæmlega sama ferli. Skattýfirvöld þurfa að bíða í tvö virðisaukaskattstímabil til að geta aðhafast eitthvað. Í raun getur lokun ekki átt sér stað fyrr en ca. 6 mánuðum eftir að starfsemi B hefst.



C

Keðjan heldur áfram, ábyrgðarmaður stofnar nýtt félag, fær aftur nýtt vsk númer og selur þjónustu sína og annarra áfram undir merkjum félagsins en skilar engu til samfélagsins.



Þessi háttsemi getur í raun staðið út í það óendanlega ef viðkomandi sleppur við

dóm. Ferlið í gegnum dómskerfið getur hins vegar tekið nokkur ár. Að dómi uppkveðnum er honum óheimilt að sitja í stjórn félags. Í millitiðinni getur hann stofnað fjölda félaga og stungið undan gríðarlega háum fjárhæðum í formi virðisaukaskatts, staðgreiðslu sem og að skila ekki tryggingagjaldi eða tekjuskatti vegna starfsemi sinnar.

UNDANSKOT
50
MILLJÓNIR

Engu skilað til ríkissjóðs.

UNDANSKOT
100
MILLJÓNIR

Engu skilað til ríkissjóðs.

UNDANSKOT
?
MILLJÓNIR

Engu skilað til ríkissjóðs?

Ríkið verður af miklum fjármunum og samkeppni á markaði er óheiðarleg.

Virðisaukaskattur af ferðapjónustu

– breytingar í upphafi árs 2016 –

Hinn 1. janúar 2016 taka gildi breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem varða ferðapjónustu á Íslandi. Veigamestu breytingarnar, sem eru skv. lögum nr. 124/2014, eru þær að þjónusta ferðaskrifstofa verður virðisaukaskattsskyld og undanþága vegna fólksflutninga takmörkuð verulega en þessar atvinnugreinar hafa verið undanþegnar virðisaukaskatti frá gildistöku laga um virðisaukaskatt. Frá sama tíma verður starfsemi heilsulinda, baðhúsa og baðstaða einnig virðisaukaskattsskyld.



Óskar Helgi Albertsson
skrifstofustjóri

”

Þá nær skattskyldan einnig til þóknunar ferðaskrifstofu vegna skipulagningar ferðar ferðamanns og fyrir að útvega honum t.d. farmiða, gistingu, mat og aðra ferðapjónustu

Fólksflutningar

Almenningssamgöngur verða áfram undanþegnar virðisaukaskatti, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframbirtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Undanþágan nær einnig til skipulagðrar ferðapjónustu aldræðra og fatlaðs fólks, skipulagðs flutnings skólabarna, sjúkraflutninga og aksturs leigubifreiða. Undanþágan tekur einnig til verktaka sem annast þessa tegund fólksflutninga. Þá nær undanþágan einnig til farangurs farþega og flutnings ökutækja sem er í beinum tengslum við flutning farþega, m.a. reiðhjóla og hjólastóla.

Virðisaukaskattsskyldir fólksflutningar

Aðrir fólksflutningar en að framan greinir verða skattskyldir í 11% skatthlutfalli, þ.m.t. ýmiss konar skipulagðar hópferðir undir leiðsögn í afþreyingarskyni, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fjórhjólaferðir, hvalaskoðunarferðir, sjóstangaveiðiferðir og útsýnisferðir. Sama gildir um farangur farþega og

einnig til erlendra fólksflutningafyrirtækja sem starfa hér á landi. Taki ferðin til fleiri landa ber fyrirtækinu að skila virðisaukaskatti á Íslandi af þeim hluta ferðarinnar sem fram fer hér á landi.

Fólksflutningar milli landa

Þjónusta fólksflutningafyrirtækja sem felst í fólksflutningum á milli landa verður undanþegin skattskyldri veltu, þ.e.a.s. að veltan er sérstaklega undanþegin þótt þjónustan sem slík falli ekki undir framangreinda undanþágu. Í þessu felst að ekki ber að innheimta virðisaukaskatt af slíkum fólksflutningum en söluaðili nýtur engu að síður frádráttarréttar í formi inn-skatts af aðföngum sínum ólíkt því sem á við um almenningssamgöngur.

Starfsemi ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga

Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda verður virðisaukaskattsskyld, þ.m.t. vegna milligöngu þeirra um viðskipti hér á landi, umboðs- og um-sýsluviðskipta og endursölu á vörum eða þjónustu hér á landi. Þá nær skattskyldan einnig til þóknunar ferðaskrifstofu vegna skipulagningar ferðar ferðamanns og fyrir að útvega honum t.d. farmiða, gistingu, mat og aðra ferðapjónustu. Skattskyldan tekur á sama hátt einnig til ferðafélaga vegna starfsemi sem þau hafa með höndum á starfssviði ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda, en starfsemi þeirra er leyfissskyld skv. lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

Sala á þjónustu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda, jafnt íslenskra sem

afnot af búnaði sem skipuleggjandi ferðar leggur farþegum til í ýmiss konar skipulagðar hópferðir undir leiðsögn í afþreyingarskyni. Skattskyldan tekur

erlendra, telst til skattskyldrar veltu að því leyti sem hún varðar sölu á vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir á Íslandi. Erlend ferðaskrifstofa sem kaupir t.d. gistingu og fólksflutninga hér á landi og endurselur viðskiptavinum sínum telst þannig virðisaukaskattskyld hér landi vegna þeirra viðskipta.

Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda telst aftur á móti til undanþeginnar veltu að því leyti sem hún varðar fólksflutninga milli landa og vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands. Þannig telst t.a.m. sala ferðaskrifstofu eða milliganga um sölu í hefðbundnar sólarlandaferðir til undanþeginnar veltu, þ.e. að ekki er innheimtur virðisaukaskattur af þjónustunni en ferðaskrifstofan nýtur engu að síður frádráttarréttar í formi innskatts af aðföngum vegna sölnunnar, þó ekki af kostnaði við aðföng sem falla til erlendis.

Skattskyld velta í almennu skatthlutfalli (24%)

Þóknun ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga fellur undir hærri skatthlutfallið að því leyti sem hún er um milligöngu viðskipta sem tilheyrir því skatthlutfalli. Þannig fellur t.d. þóknun fyrir milligöngu um leigu lausafjármuna án stjórnanda, svo sem bílaleigubíla, vélsleða og fjórhjóla, undir hærri skatthlutfallið. Sama gildir um umboðs- og umsýslusölu og endursölu á vöru og þjónustu sem fellur undir almenna skatthlutfallið en í þessum viðskiptum reiknast virðisaukaskattur af heildarandvirði hins selda.

Skattskyld velta í lægra skatthlutfalli (11%)

Þóknun ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga fyrir milligöngu um sölu eða afhendingu á vörum og þjónustu sem fellur undir lægra skatthlutfall virðisaukaskatts ber virðisaukaskatt í sama hlutfalli. Á það t.d. við um milligöngu um sölu eða afhendingu á gistipjónustu, veitingum, fólksflutningum og þjónustu baðstaða. Sama gildir um umboðs- og umsýslusölu og endursölu þessara aðila á vöru og þjónustu sem fellur undir hið lægra skatthlutfall. Gagnvart virðisaukaskatti skiptir því ekki máli hvort ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og ferðafélög kaupa og endurselja vöru eða þjónustu sem fellur undir lægra skatthlutfallið eða taka þóknun fyrir að koma á viðskiptum með slíka vöru eða þjónustu.

Þóknun fyrir milligöngu um sölu á þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti, t.d. um sölu veiðileyfa í ár og vötn og sölu aðgöngumiða að íþróttakappleik eða að tónleikum, fellur einnig undir lægra skatthlutfallið. Er lítið svo á að milliganga um kaup hinnar undanþegnu þjónustu geti ekki talist liður í þeirri þjónustu. Þar sem

um flestar atvinnugreinar sem teljast ríkur þáttur í ferðapjónustu á Íslandi. Ef önnur virðisaukaskattsskyld starfsemi sem fellur undir hið almenna skatthlutfall virðisaukaskatts fer fram samhliða aðgangi að baðstað, svo sem hvers kyns snyrting, hefur það ekki þau áhrif að sala á snyrtingunni færist í lægra hlutfall virðisaukaskatts. Aðgangur

”

Þannig fellur t.d. þóknun fyrir milligöngu um leigu lausafjármuna án stjórnanda, svo sem bílaleigubíla, vélsleða og fjórhjóla, undir hærri skatthlutfallið

þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga felst fyrst og fremst í milligöngu um þjónustu sem fellur undir lægra skatthlutfallið er milliganga um þjónustu af þessum toga einnig felld undir sama skatthlutfall.

Endursala á undanþeginni þjónustu

Endursala ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda á þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti og umboðs- og umsýslusala þeirra á slíkri þjónustu er jafnframt undanþegin virðisaukaskatti og telst því hvorki til skattskyldrar veltu þeirra né til undanþeginnar veltu. Aftur á móti er þóknun þeirra fyrir umboðs- og umsýslusölu undanþeginnar þjónustu skattskyld í lægra skatthlutfalli eins og að framan greinir.

Blönduð sala - aðgreining á sölureikningum

Við sölu ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga á vöru eða þjónustu sem er að hluta skattskyld og að hluta undanþegin virðisaukaskatti skal halda viðskiptum sem eru skattskyld greinilega aðgreindum á reikningi frá öðrum viðskiptum. Jafnframt ber að aðgreina á reikningi skattskylda sölu eftir skatthlutföllum þannig að heildarverð vöru og þjónustu ásamt virðisaukaskatti komi fram vegna hvors skatthlutfalls. Ef þessa er ekki gætt ber öll salan virðisaukaskatt í hinu almenna skatthlutfalli.

Heilsulindir, baðhús, baðstaðir og gufuböð

Sala á aðgangi að baðstöðum, baðhúsum, gufubaðstofum og heilsulindum verður virðisaukaskattsskyld í lægra skatthlutfalli virðisaukaskatts, 11%, líkt og gildir

að baðaðstöðu í hefðbundnum íþróttamannvirkjum, svo sem í sundlaugum, og í líkamsræktarstöðvum verður áfram undanþeginn virðisaukaskatti.

Aðrar breytingar

Aðrar breytingar sem hafa áhrif á virðisaukaskattsskyldu af starfsemi tengdri ferðapjónustu eru samkvæmt nýsamþykktum lögum frá Alþingi m.a. eftirfarandi:

Fari afhending skattskyldrar vöru eða þjónustu fram eftir 31. desember 2015 telst hún til skattskyldrar veltu án tilfyllis til þess hvort samningur um sölu hafi verið gerður fyrir 1. janúar 2016 eða greiðsla farið fram þá að hluta eða að fullu.

Ferðaleiðsögn verður færð í lægra skatthlutfall virðisaukaskatts, 11%, þ.m.t. þjónusta sjálfstætt starfandi leiðsögunna. Sama gildir um sölu áfengis en á móti því verður áfengisgjald hækkað þannig að breytingin ætti ekki að hafa mikil áhrif á útsöluverð áfengis.

Áfram verður í gildi heimild til endurgreiðslu af söluverði hópþífreiða sem sannanlega eru seldar úr landi. Endurgreiðslan tekur til rekstraraðila hópþífreiða sem verða áfram undanþegnir virðisaukaskatti og nemur hún 19,35% af söluverði þífreiðanna.

Innskattur verður heimilaður vegna öflunar og rekstrar hópþífreiða og torfærubílfreiða sem notaðar verða við skattskylda starfsemi. Í þessu sambandi er einnig gert ráð fyrir breytingum á reglugerð nr. 192/1993, um innskatt, þar sem m.a. verður gert ráð fyrir afturvirkum innskattsfrádrætti til aðila sem hafa með höndum starfsemi sem verður virðisaukaskattsskyld hinn 1. janúar 2016.

Skattkerfisbreytingin mikla árið 1877

Tekjuskattur í stað tíundar

Seinni hluti

Skattkerfið sem komið var á í lok 11. aldar varð ótrúlega lífseigt. Á því byggðist skattlagning Íslendinga í 800 ár. Þótt þjóðin vænti lengi réttlátara skattheimtukerfis varð henni ekki að ósk sinni fyrr en árið 1877. Í fyrri hluta ritgerðarinnar benti höfundur á ástæðurnar fyrir langlífi tíundarkerfisins en hér í seinni hlutanum er fjallað um kerfisbreytinguna sem Alþingi samþykkti árið 1877. Þá var tekið upp tekjuskattkerfi fyrir hluta þjóðarinnar og árið 1921 fyrir hana alla. Um lagabreytinguna árið 1921 vísast til ritsins *Í þágu þjóðar. Saga skatta og skattkerfisbreytinga 1877–2012* sem út kom í lok árs 2013.



Friðrik G. Olgeirsson

Fyrsta löggjafarþingið hreyfir við skattamálinu

Með stöðulögum árið 1871 ákváðu dönsk stjórnvöld einhliða stjórnskipunarlega stöðu Íslands í ríkinu og gerður var fjárhagsaðskilnaður landanna. Skattamál áttu að vera meðal sérmála Íslands. Lands-sjóður var stofnaður sama ár og í hann áttu að renna meðal annars skattar, tollar og afrakstur þjóðareigna og opinberra sjóða.

Með stjórnarskrá 5. janúar 1874 fékk Alþingi löggjafarvald í íslenskum sérmálum ásamt konungi og fjárveitingarvald. Fyrsta löggjafarþingið var háð árið 1875 því enn kom það saman annað hvert ár. Þess var vænst að skattamálið kæmist þá aftur á dagskrá eftir langt hlé. Áður en þingið kom saman kom fram sú skoðun í blaðinu *Norðanfara* á Akureyri að þess mætti vænta að í flestum héruðum landsins myndi

breytingu á skattalögum.¹ Þar er talað um ósannngirni gildandi skattalaga og að þau séu flókin. Nú sé löggjafarvaldið fengið og „sjáum vjer ekki betur, en þingið hljóti að byrja á því að útvega „afl þeirra hluta sem gjöra skal“ með sem einföldustum og sanngjörnustum hætti, byrja á því að umsteypa skattalögunum.“ Sama ár birti blaðið langa grein eftir Björn Jónsson ritstjóra, „Um skattamálið“, í fimm tölublöðum.² Þar rökstyður hann þá skoðun sína að setja eigi á lágan landskatt en hækka tolla á ónauðsynlegum innflutningi. Hann vill að allir greiði einhvern skatt sem miðist við efnahag.

Alþingi kom saman í júlí. Konungur lét leggja 16 frumvörp fyrir þingið en skattamálið var þar ekki á meðal. Þingmenn komu líka sjálfir með mál en ekkert varðandi skatta. Hins vegar bárust þinginu tvær bænarskrár um málið, önnur frá sýslufundi í Árnessýslu um eitt þjóðgjald í stað allra gömlu skattanna og bænarskrá frá sýslufundi í Þingeyjarsýslu um að skipuð yrði millipínganefnd til að semja frumvarp til nýrra skattalaga. Málið væri flókið og ekki nægilega vel undirbúið. Jón Sigurðsson, sem var forseti neðri deildar þingsins, lagði til að ein umræða yrði um málið og fór hún fram 17. júlí. Deildin kaus fimm manna nefnd til að fjalla um bænarskrárnar. Hún lagði til að Alþingi tæki afstöðu með bænarskrá Þingeyinganna og skoraði á landshöfðingja að skipa millipínganefnd. Jafnframt gaf nefndin ýmsar ábendingar um að hvaða breytingum bæri að stefna. Eftir nokkrar

”

Þingnefndin, sem fékk frumvörpin þrjú til skoðunar, fjallaði um þau öll samtímis enda mynduðu þau eina heild, nýtt skattkerfi

fólk koma saman til funda og setja fram skoðanir sínar í skattamálum í formi bænarskráa. Blaðið birti eina slíka 13. apríl 1875 úr ónefndu kjördæmi: „Bænaskrá um

*Jón Sigurðsson forseti lét sig skattamál varða en vildi
bíða með að taka upp nýtt kerfi þangað til Alþingi
hefði fengið löggjafarvald.*



bókaður 3. apríl. Hún lauk tilætluðu verki um sumarið og skilaði af sér álitssgerðum og fjórum frumvörpum: Frumvarpi til laga um skatt á jarðir og lausafé, frumvarpi til laga um tekjuskatt, frumvarpi til laga um húsaskatt og frumvarpi til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta. Þótt um þrjú skattafrumvörp væri að ræða voru þau tengd og mynduðu eina heild, nýtt skattkerfi. Undirbúningur hefur því verið töluverður áður en nefndin tók til starfa og nefndsmenn höfðu mikið gagn af ýmsum eldri skjölum allt frá því að Grímur amtmaður kom málinu af stað árið 1840.⁶

Töluverðar þjóðfélagsbreytingar höfðu átt sér stað á 19. öld sem meðal annars



NORDLINGUR.

II. 7.	Kewer út 2-3 i minni, 30 lög áls um árs.	priðjudag 31. október.	Kostur 3 krónur árg. (erlendis 4 kr.) síkk. ut. 20 aurs.	1876.
--------	---	------------------------	---	-------

SKATTIÐ,
 eitt
 Arfgröf. Örnfróð.

Þessi er grein í bókablaði blaðs „Norrðinga“ að stafröfnuninni
nóms og frumvarp um lán sjálfnum og hjartaförum, er hún og
blund að gæta, þann áttat til, sem og er sjálfst, að allir
skattar sem skattarinn í lánþöf. Alfróð í frumvarp þess

Þá hefur grein og frumvarp þess verið á lánun, er þess að
1. júl 1978, skatt í lánþöf nema tekjur skattans, þær eru þær
saka, og eru tekið: skattaleikarararar, tekjur til frumvarps,
tekjur til frumvarps, tekjur til frumvarps, tekjur til frumvarps,
af tekið, og allir skattar skattans eru tekið til frumvarps
á lánþöf. (Blk. 26. febr. 1972, 10. gr.) og Söku (Blk. 11. febr.
1978, 3. gr.) allir tekjur skattans þær eru tekið eru til frumvarps
á lánþöf. (Blk. 1978, 10. gr.) er tekið tekið, og allir tekjur
skattans, skattar þess tekjur skattans og allir tekjur í lánþöf.

Syftet	Månadshöjstärkt på 5 år omfattat 1971.					För årslönans på 5 år omfattat 1971.		
	Platta, kr.	Guld, kr.	Kilopond, kr.	Lågpräst, kr.	Upphöjst, kr.	Skatt, kr.	Skatt, kr.	Skatt, kr.
Industria	1941 25	1044 84	865 08	41 61	496 78	1962 75	4254 48	
Industria	1804 43	1041 43	865 08	41 61	479 21	1943 97	4254 48	
Industria	2058 89	1252 62	901 37	67 84	423 30		3400 00	
Industria med Akcyrt	1941 54	1356 30	1100 28	67 84	341 00	1000 04	4282 67	
Industria	2550 94	1291 08	865 08	41 61	359 28		4254 48	
Industria	2972 80	1501 88	1348 08	63 78	040 12	501 72	4708 88	
Industria	495 45	425 41	315 15	22 05	123 83	191 17	1478 82	
Industria med Akcyrt	1114 62	1250 20	867 91	42 45	350 79	1100 00	3114 49	
Industria	1004 20	628 08	867 91	42 45	220 72	738 25	2514 00	
Industria med Akcyrt	604 30	649 00	755 33	42 45	213 33	615 87	2514 00	
Industria med Akcyrt	2080 50	1241 00	1325 15	66 58	041 15	738 35	4575 76	
Industria med Akcyrt	2080 50	1241 00	738 35	63 37	295 77	71 71	4575 76	
Industria	2078 11	1486 30	1200 00	74 28	024 45	738 35	4470 82	
Industria	2120 88	1256 45	1222 04	40 00	347 28	614 04	3400 04	
Industria					54 76	62 66	214 04	
Industria	2217 05	2046 10	613 00	44 32	005 28	248 50	2742 71	

Eg hefði eigi annað unnið að talmákrum þessum, en að ræða þeim heit niðr en gjöft var, og að telja þær saman. Þess er of
 að geta að engin skýrsla fylgdi úr Barlastraendarysila, og fyrir þrið stengt og nafni víslandar. (Frámhald stíðar).

tala¹ er nafnin kunnin mestu ængur af infansum, er kappaða hve-
 við annan: lífrangtamen þeir, sem í gróðaskyni hafa tekið hluta
 þeirf í ljónmættarlíffugum og fleiri þessum menum. Á þeim hluta
 sem er kinn mestu hlíttalagur, og þá er andlitum allra anna nokk
 urakonar ósmjálfráupir. Það er því salkhíll, að þeir tala eigi um
 hvern nafnastafa áðna dætt, og menn heyra helstur eigi hin vanaleg-
 adagap, er jafnan fylgja lífrígrugum.


Å gåtun bergrinn, i ålmenningavågen (Omniherren) og spor
vågen taka menn i hendar her a åtrem med bytingarvågen agna
satt og fongjvæp, skjønt åtten spur, da taka opp kvæddial sin
da hent at mæla anneh, en cirt eller anneh stott en bytingarvå
cinatkvæddial at enka.

Í veitingahúðunum, í Hlekkahúðunum, í Naum glæflegu og upp
ljóðinu þorðilum aðmannaþinga, í þessum trúnaði og í samgættu
þorðilum þessu efst í þessum, í þessum þessum í þessum þessum

einkenndust af þéttbýlismyndun, nýjum iðngreinum og aukinni verslun. Í starfi sínu leituðust þremenningarnir við að laga skattkerfið að íslenskum veruleika eins og þeir töldu hann vera um þær mundir. Þeir vildu að greiðslur kæmu réttlátlega niður bæði á einstaklinga og sýslur og því álitu þeir að leggja þyrfti á blandaðan skatt á fasteignir og lausafé og almennan tekjuskatt á launþega sem fyrst og fremst voru þá embættismenn. Skattur á jarðir og lausafé var skattur á landbúnaðinn en tekjur af sjávarútvegi voru skattlagðar með svokölluðu spítalagjaldi sem fyrst var sett á fiskibáta laust fyrir miðja 18. öld. Árið 1872 var með tilskipun farið að leggja gjaldið á aflann í stað bátanna og rann það til lækna sjóðs sem var hluti af landssjóði. Þess vegna taldi nefndin óþarft að semja frumvarp um skatt á fiskveiðar. Þær voru enn óverulegar miðað við það sem síðar varð. Tilskipunin gildi til ársins 1881 en var þá afnumin með lögum um útflutningsgjald af fiski, lýsi og fleiri afurðum.⁷

*Jón Sigurðsson bóndi á Gautlöndum
og alþingismaður.*

Magnús Stephensen yfirdómari við Landsyfirdóminn, seinna landshöfðingi.



Skjöl millipingnefndarinnar og skattalagafrumvörp hennar voru prentuð árið 1877 og gefin út í bók.

Skattanefndin vildi leitast við að hafa skattlagninguna væntanlegu með þeim hætti að landssjóður fengi það mikið fé að hægt yrði að stuðla að framförum í landinu og einnig taldi hún nauðsynlegt að landsmenn eignuðust varasjóð til að mæta því að senn færu framlög Dana samkvæmt stöðulögum 1871 að

tekjum yfir 9000 krónum. Tekjuupphæðin átti alltaf að vera deilanleg með 50 þannig að í rauninni átti ekki að byrja að greiða skatt fyrr en tekjurnar væru orðnar 1050 krónum. Skattur af eignatekjum var 5%. Húsaskatturinn átti að ná til allra stein- og timburhúsa í kaupstöðum og nema tveimur krónum af hverjum 1000 krónum

Afnema átti undanþágur en þó skyldu þeir sem þá voru undanþegnir manntalsbókargjöldum vera undanþegnir nýja skattinum meðan þeir skiptu ekki um embætti. Tekjuskatturinn miðaðist við það að ekkert þyrfti að greiða af tekjum undir 1000 krónum á ári, 1% af tekjum á bilinu 1000–2000 krónur, 1,5% af tekjum á bilinu 2000–3000 krónur og 2% af tekjum á bilinu 3000–4000. Eftir það átti skatturinn að hækka um 0,5% fyrir hvert þúsund sem tekjurnar hækkuðu, allt að 5% sem greiðast áttu af

Hiti í umræðum á þingi

Alþingi var sett í byrjun júlí 1877 og skattalagafrumvörpin voru öll tekin á dagskrá 6. júlí. Frumvarpið um skatt af ábúð og lausafé var fyrst tekið til umræðu. Það var stutt og aðalatriðin þau að af öllum jörðum sem metnar væru til dýrleika skyldi ábúandinn greiða eina alin af hundraði, það jafngilti 50 aukum, og eina alin af hundraði lausafjáreigna. Frá jarðarskattinum voru engar undanþágur gerðar, allir áttu að borga. Afnema átti með öðrum orðum forréttindi embættismanna og margra fleiri. Um var að ræða breytingu sem embættismenn Stjórnarráðsins höfðu gert á tillögum millipingnefndarinnar.⁹

Grímur Thomsen skáld, sem skírður var í höfuðið á Grími Jónssyni amtmanni móðurbróður sínum, lagði til að málinu yrði vísað til nefndar og umræðunni frestað þar til álit hennar lægi fyrir. Ýmsar breytingar höfðu verið gerðar á þingsköpum þegar Alþingi fékk löggjafarvald og sú sjálfsgert ástæðan fyrir því að þingmenn voru nú ekki sammála um hvernig skyldi staðið að framgangi mála. Lentu þeir Grímur og Hilmar Finsen landshöfðingi í nokkru karpi um það hvort rétt og nauðsynlegt væri að fresta umræðunni þar til nefndarálit væri fengið eða hvort hún mætti halda áfram á meðan frumvarpið væri í nefnd. Vildi Hilmar halda umræðunni áfram en Grímur benti honum á að hann þekkti manna best til danskra þingskapa því hann hefði átt þátt í að semja þau meðan hann var embættismaður dönsku stjórnarinnar. Um þetta greiddu þingmenn atkvæði og féllst meirihluti þeirra á rök skáldsins.

Þingnefndin, sem fékk frumvörpin þrjú til skoðunar, fjallaði um þau öll samtímis enda mynduðu þau eina heild, nýtt skattkerfi. Tveir af þremur höfundum frumvarpanna áttu sæti í nefndinni, Jón Sigurðsson og Halldór Kr. Friðriksson. Hún skilaði álitum sínum um frumvörpin 18. júlí og var þá fyrstu umræðu um ábúðar- og lausafjárskattinn haldið áfram í neðri deild. Er skemmst frá því að segja að umræður urðu mjög miklar og þeirri þriðju lauk ekki fyrr en vika var liðin af ágúst. Við þessu mátti búast enda skipti ábúðar- og lausafjárskatturinn nánast alla þjóðina máli en hin tvö frumvörpin

”


Þingnefndin, sem fékk frumvörpin þrjú til skoðunar, fjallaði um þau öll samtímis enda mynduðu þau eina heild, nýtt skattkerfi

minnka. Nefndarmenn voru samt eftir á að hyggja ákaflega varfærnir því þeir ákváðu að beinir skattar skyldu aðeins gefa landssjóði um 75 þúsund krónur á ári en það var ekki miklu meira en meðaltal manntalsbókargjaldanna á árunum 1873–1875. Var við það miðað að greidd yrði hálf króna af hverju jarðarhundraði og það sama af hverju lausafjárhundraði.

virðingarverðs þeirra. Draga skyldi þinglýstar skuldir frá verðmæti eignarinnar.⁸

Þegar öll þrjú frumvörpin eru skoðuð sem ein heild má sjá að þrjár meginreglur einkenndu þau: 1. Almenn skattskylda yrði lögleidd. 2. Sömu reglur áttu að gilda um allt land. 3. Leggja bar á eftir efnum og ástæðum sem ekki var gert í gamla kerfinu.

Alþingi var til húsa í Lærða skólanum í Reykjavík, nú húsi Menntaskólans í Reykjavík. Húsið var byggt á árunum 1844-1845 og vígt 1. október 1846. Myndin var tekin um 1910.



miklu fámennari og afmarkaðri hópa. Fór mestur tími í að ræða það hvort skatturinn væri hóflegur eða ekki og einnig hlutföllin milli jarðarskatts og lausafjárskatts. Þingmenn báru fram fjölda breytingartillagna um þessi atriði og höfðu margar tillögur verið felldar og samþykktar áður en yfir lauk. Séra Arnljótur Ólafsson vildi steypa frumvörpunum þremur saman í eitt frumvarp og einnig vildi hann hækka skattinn á fasteignir en lækka skattinn á lausafé eða afnema. Hafði hann sig mjög í frammi og hlaut löngu seinna, í grein árið 1906, þann dóm Björns M. Ólsen sem um tíma var alþingismaður og seinna fyrsti rektor Háskóla Íslands að þingræður hans hefðu verið meðal þeirra bestu sem nokkur þingmaður hefði flutt á þingi.¹⁰ Meðal annarra alþingismanna sem létu til sín taka í umræðunum um frumvörpin þrjú, ásamt Grími, Arnljóti og Hilmari, má nefna Benedikt Sveinsson, Tryggva Gunnarsson, Halldór Kr. Friðriksson, Jón Sigurðsson frá Gautlöndum, Jón Hjaltalín, Einar Ásmundsson í Nesi, Berg Thorberg og Magnús Stephensen. Forseti deildarinnar, Jón Sigurðsson forseti, stýrði umræðum en tók aldrei til máls. Hann var orðinn veikburða og þetta var síðasta þingið sem hann sat þótt hann væri enn kosinn til þingsins árið 1879.¹¹


Alþingi samþykkir nýtt skattkerfi

Frumvarpið var loks samþykkt 6. ágúst eftir þrjár umræður og tekið fyrir í efri deild

tveimur dögum seinna. Deildin breytti frumvarpinu og því þurfti það að fara aftur til einnar umræðu í neðri deild. Efri deild lækkaði upphæðir skattgreiðslnanna og skaut inn í frumvarpið ákvæði þess efnis að allir þeir sem fram að þessu hefðu verið lausir við að greiða manntalsbókargjöldin yrðu áfram lausir við jarðar- og lausafjárskatt meðan þeir sætu í sama embætti, eins og skattanefndin hafði lagt til. Sjó af níu þingmönnum deildarinnar vildu með öðrum orðum viðhalda skattaforréttindum embættismanna. Það vildu þingmenn neðri deildar ekki sætta sig við. Með nýjum lögum ættu öll forréttindi að heyra sögunni til. Ákvæðið var því strikað út og enn og aftur voru gerðar breytingar á upphæðum skattsins. Því fór málið öðru sinni til efri deildar og þar var það loks samþykkt sem lög 27. ágúst. Í endanlegri útfærslu Alþingis urðu ábúðarskatturinn og lausafjárskatturinn með þeim hætti að af öllum jörðum sem metnar voru til dýrleika átti sá sem bjó á jörðinni eða

hafði hana til afnota að greiða 2/5 álnir af hundraði í skatt til landssjóðs. Það jafngildi 20 aukum af hverju jarðarhundraði. Af hverju lausafjrhundraði greiddu menn eina alin eða 50 aura. Engar undanþágur voru veittar, hvorki tilteknum stéttum né eignum. Voru þessir skattar hugsaðir fyrst og fremst sem skattar á bændur enda ljóst að þeir kæmu hvorki til með að greiða tekjuskatt né húsaskatt.¹²

Frumvarpið um tekjuskattinn skiptist í þrjá hluta: Um tekjuskatt af eign, um tekjuskatt af atvinnu og almennar ákvarðanir en þar var að finna ýmis ákvæði varðandi það kerfi sem byggja átti upp til þess að leggja skattana á og innheimta þá, viðurlög og fleiri atriði. Eignarskatturinn var fimm krónur af hundraði. Ljóst var að hann kæmi til með að lenda mest á jarðeigendum enda greiddu þeir ekki ábúðarskatt nema af þeirri jörð sem þeir byggðu. Eignartekjur undir 100 krónum áttu að vera undanþegnar skatti. Ákvæðin um tekjuskatt af atvinnu voru nákvæmlega eins og skattanefndin hafði lagt til að öðru leyti en því að landstjórnin hafði bætt við því ákvæði að greidd opinber gjöld mætti draga frá tekjum áður en skattur væri lagður á. Sérstaklega var tekið fram að tekjuskattur greiddist ekki af tekjum manna sem störfuðu við landbúnað og sjávarútveg.¹³





Séra Arnljótur Ólafsson alþingismaður var mikill áhugamaður um hagfræði og skattamál.

Grímur Thomsen skáld, þingmaður og bóndi.

Tryggvi Gunnarsson alþingismaður
og seinna bankastjóri.

Benedikt Sveinsson sýslumaður
og alþingismaður.



Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar sem áður gat og umræðum ekki fram haldið fyrir en 23. júlí. Nefndin lagði til ýmsar breytingar. Meðal annars vildi hún lækka tekju- og eignarskattinn í samræmi við tillögur hennar um lækkun ábúðarskattsins. Hins vegar fannst nefndarmönnum ótækt að miða skattfrelismörk eignarskatts við 100 krónur því þá yrðu allt of margir lausir undan skattinum, til dæmis meiri hluti sjálfs- eignarbænda. Lagði nefndin til að miðað yrði við 25 krónur. Á sama hátt fannst nefndinni of langt gengið að miða skattfrelismörk tekjuskatts við 1000 krónur, lagði til að miðað yrði við 500 krónur og að þeir sem hefðu 500–1000 krónur í tekjur á ári greiddu 0,5% skatt. Um öll þessi atriði og mörg fleiri tókust þingmenn neðri deildar á fram í þriðju vikuna í ágúst. Hafa verður í huga að þingið var að ræða nýja skattlagningu og margir þingmenn voru mjög á móti tekju-

krónu af hverjum 25 krónum. Um 4% skatt var því að ræða sem var mun hærri skattur en tekjuskatturinn af atvinnu því almennt var talið á þessum tíma að eignatekjur gæfu meira af sér en launatekjur þar sem auðveldara væri að afla þeirra. Frá mátti draga umboðskostnað og kostnað af þinglesnum veðskuldum. Ef eigandinn bjó sjálfur á jörðinni átti að meta hana til afgjalds af skattanefnd viðkomandi hrepps. Sömu upphæð átti að greiða af fjármagnstekjum, hvort heldur það var arður af

því ákvæði. Hlutfélög, verslunarfélög og önnur slík félög bar að telja sem sérstaka gjaldendur. Undanþegnir tekjuskatti voru landssjóður og aðrir sjóðir sem fjárlög náðu til, kirkjur, sveitarfélög, félög og sjóðir sem voru til almennra þarfa og sparissjóðir sem ekki voru í einkaeign. Endanlega hafði efri deild sitt fram um að miða skattfrelismörkin við 1000 krónur. Af tekjum á bilinu 1000–2000 krónur bar að greiða 1% í skatt, 1,5% af tekjum á bilinu 2000–3000 krónur og 2% af tekjum á bilinu 3000–4000 krónur. Síðan hækkaði skatturinn um 0,5% fyrir hvert þúsund sem tekjurnar hækkuðu allt að 4% sem bar að greiða af tekjum yfir 7000 krónum. Samkvæmt reglugerð sem seinna var gefin út var við það miðað að 50 krónur hefðu bæst við hvert nýtt þrep, upphæðirnar orðnar 2050, 3050 og áfram.¹⁵

Vert er að vekja athygli á því að 1000 króna skattleysismörkin voru ekki í samræmi við ákvæði ábúðarskattsins og lausafjárskattsins en þá bar að greiða nánast af öllum eignum. Þetta taldi millipinganefnd sem starfaði á árunum 1907–1908 hafa valdið því að tekjuskattur af atvinnu hefði ekki náð tilætluðum árangri, heldur nær eingöngu lagst á embættismenn og kaupmenn.¹⁶

Frumvarpið um húsaskatt var óbreytt frumvarp skattanefndarinnar; skatturinn átti að ná til allra stein- og timburhúsa í kaupstöðum og nema tveimur krónum af hverjum 1000 krónum virðingarverðs þeirra. Draga skyldi þinglýstar skuldir frá verðmæti eignarinnar.¹⁷ Umræður um frumvarpið tóku mun skemmri tíma en umræðurnar um hin frumvörpin. Þingmenn voru þó ekki allir sáttir við að taka skattinn upp, einkum þingmenn efri deildar. Til dæmis taldi Jón Hjaltalín

”


Tekjuskatt af atvinnu bar að greiða af tekjum af verslun, siglingum, iðnaði, veitingasölu, handið og hverjum öðrum bjargræðisvegi nema landbúnaði og sjávarútvegi, tekjum af embættum, hlunnindum, lífeyri, eftirlaunum og allri andlegri og líkamlegri vinnu

skatti, til dæmis Benedikt Sveinsson sem taldi að hann mundi draga allan dagnað úr þjóðinni. Jón Hjaltalín landlæknir taldi hann „óbærilegan skatt og siðspillandi“ og Grímur Thomsen skáld var á móti tekjuskatti á eign. Meirihluti þingmanna var þó hlynntur frumvarpinu sem var samþykkt sem lög 23. ágúst 1877 með ýmsum breytingum.¹⁴

Um tekjuskatt af eign giltu þau ákvæði að af öllum árstekjum af jarðeignum, hvort heldur voru landskuldir, leigur af innstæðukúgildum, arður af hlunnindum eða öðru, bar eigandanum að greiða eina

skuldabréfum, hlutabréfum eða lausafé. Þeir sem ekki náðu 50 krónum í tekjur af eign sinni voru undanþegnir skatti.

Tekjuskatt af atvinnu bar að greiða af tekjum af verslun, siglingum, iðnaði, veitingasölu, handið og hverjum öðrum bjargræðisvegi nema landbúnaði og sjávarútvegi, tekjum af embættum, hlunnindum, lífeyri, eftirlaunum og allri andlegri og líkamlegri vinnu. Heimilt var að draga frá kostnað af atvinnustarfsemi, svo sem rekstur skrifstofu, aðföng og ferðakostnað en ekki tekjuskatt og önnur gjöld síðasta árs. Þingið hafnaði



Heimildir

- 1 *Norðanfari* 13.4. 1875, 39–41.
- 2 *Norðanfari* 13.5. 1875, 53; 19.5. 1875, 57; 29.5. 1875, 69–70; 31.12. 1875, 109–119 og 12.1. 1976, 113.
- 3 *Alþingistiðindi* 1875, 330–344. - *Fréttir frá Íslandi* 4. árgangur 1875, 16–41.
- 4 Jón Sigurðsson: „Fjárhagur og reikningar Íslands“, 112. *Andvari* 1875.
- 5 *Stjórnartíðindi* 1875 B, 98–99. - *Álitsskjal um skattamál Íslands*, 1. (Reykjavík 1877).
- 6 *Álitsskjal um skattamál Íslands*, 1–50. - *Ísafold* 29.6. 1876, 61. - *Þjóðólfur* 6.7. 1876, 89. - *Alþingistiðindi* 1877 1, 223–226.
- 7 Lög nr. 16 4.11. *Stjórnartíðindi* 1881 A, 58–63. - Björn Björnsson: „Ágrip af sögu íslenskrar skattalöggjafar“, 44–45. *Afmælissit til Þorsteins Þorsteinssonar* 5. apríl 1950. (Ísafoldarprentsmiðja 1950).
- 8 *Álitsskjal um skattamál Íslands*, 50–67. - *Alþingistiðindi* 1877 1, 222–223, 305–311, 359–360.
- 9 *Alþingistiðindi* 1877 1, 222.
- 10 Björn M. Ólsen: „Frá Arnlióti Ólafssyni“, 16. *Andvari* 1906.
- 11 *Alþingistiðindi* 1877 1, 222–305. - Páll Eggert Ólason: *Jón Sigurðsson. Foringinn mikli*, 446.
- 12 *Alþingistiðindi* 1877 1, 304–305. - *Tillögur um skattamál Íslands 1907–1908*, 45. (Reykjavík 1908).
- 13 *Alþingistiðindi* 1877 1, 305–306, 312.
- 14 *Alþingistiðindi* 1877 1, 305–359. Sjá t.d. bls. 323, 331, 350 og 354.
- 15 *Alþingistiðindi* 1877 1, 355–359. - *Stjórnartíðindi* 1878 B, 49–57.
- 16 *Tillögur um skattamál Íslands 1907–1908*, 45.
- 17 *Alþingistiðindi* 1877 1, 359–360.
- 18 *Alþingistiðindi* 1877 1, 360–377.
- 19 Lög nr. 21 14. 12. Lög um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafé. - Lög nr. 22. 14.12. Lög um húsaskatt. - Lög nr. 23 14.12. - Lög um tekju-skatt. *Stjórnartíðindi* 1877 A, 88–107.
- 20 Lög nr. 37 8.11. *Stjórnartíðindi* 1901 A, 172–181. - Ólafur Björnsson: „Tekjuöflun hins opinbera“, 93–95. *Alþingi og fjárhagsmálin 1845–1944*. (Reykjavík 1953). - *Tillögur um skattamál Íslands 1907–1908*, 24–30.
- 21 *Alþingistiðindi* 1877 1, 72–73.
- 22 Páll Briem: „Nokkur landsmál einkum fátækramálið og skattamálið“, 40–41, 47 og 50. *Andvari* 1889. - *Hagskinna*, 740. (Hagstofa Íslands 1997).

landlæknir að hann myndi hindra allar framfarir í landinu og sýna ummæli hans mjög vel þann ótta sem margir báru í brjósti gagnvart sköttum og neikvæðum afleiðingum þeirra á þjóðfélagið.

Niðurstaðan varð sú, eftir að málið hafði farið fram og til baka milli deilda í tvígang, að samþykkt var að af öllum húseignum í kaupstöðum og verslunarstöðum sem voru 500 króna virði eða meira bar eigendunum að greiða eina og hálfa krónu af hverjum 1000 krónum virðingaverðs þeirra. Sama skatt átti að greiða af öllum húsum, sem voru 500 króna virði, þótt þau væru utan verslunarstaðanna ef þau voru ekki notuð við ábúð á jörð sem metin var til dýrleika. Þinglýstar veðskuldir bar að draga frá virðingarverðinu og skatturinn var lagður á eftirstöðvarnar. Um eignarskatt var því að ræða. Upphæðin sem skatturinn var greiddur af átti alltaf að vera deilanleg með 500. Það sem fram yfir var átti ekki að koma til greina skattinum til hækkunar. Undanþegnar honum voru kirkjur, skólar, sjúkrahús og aðrar þær byggingar sem töldust þjóðareign eða til opinberra þarfa. Frumvarpið var samþykkt sem lög 27. ágúst.¹⁸ Konungur staðfesti öll lögin þrenn 14. desember og samkvæmt þeim átti að byrja að greiða nýju skattana árið 1879. Jafnframt þessu samþykkti Alþingi að sýslumenn fengju föst laun en skattarnir gengju óskertir til landssjóðs.

Það sem ekki breyttist

Skattkerfisbreytingin árið 1877 tók til aðalatriða en hróflaði ekki við nokkrum gömlum sköttum og þóknunum sem í raun skiptu ekki miklu máli um tekjuöflun landssjóðs og ekki þótti ástæða til að afnema. Má þar nefna erfðafjárskatt, gjöld af fasteignasölum, leyfisbréfastgjöld og vitagjald sem var nýlegt enda stutt síðan fyrsti vitinn var byggður. Gjöld þessi voru almennt kölluð aukatekjur landsjóðs. Þá má áreita að fiskveiðum var til að byrja með haldið utan við hið nýja kerfi en tekjur af þeim skattlagðar með spítalagjaldi og síðan útflutningsgjaldi frá árinu 1881.

Sömu sögu er að segja um tolla eða óbeinu skattana, á þeim var ekki gerð nein breyting fyrst um sinn. Á árunum

1854–1879 var innheimt lestargjald af skipum sem komu með vörur til landsins en árið 1871 var í fyrsta sinn settur tollur á ákveðnar vörur. Um var að ræða brennivín og aðra áfenga drykki og árið 1876 var settur tollur á tóbak. Árið 1879 fékk landssjóður greiddar næstum 142 þúsund krónur í tolla af þessum vörum eða fjórðung allra tekna sinna. Árið 1889 bættist kaffi- og sykurtollur við en þá var farið að tolla kaffi, sykur, te, brjóstsykur og súkkulaði. Lög um tolla voru endurskoðuð og þeim steipt saman í fyrstu heildstæðu tollalögin árið 1901. Nokkrar vörutegundir í viðbót voru þá tollaðar og gjöldin hækkuð en sem fyrr var eingöngu um vörumagnstolla að ræða.²⁰

Lítill sem engin breyting var gerð á sveitargjöldum en þó var gerð breyting á tíundarlögunum á þinginu árið 1877 og þau nefnd lög um lausafjártíund. Til stóð að afnema kirkju- og preststíundir en frá því var horfið og í raun var bara konungstíundin afnumin. Eins og áður var kveðið á um að allir með lágmarks-eign skyldu á vorhreppapingum telja fram allt lausafé sitt en á hausthreppaskilum telja frá það sem farist hafði um sumarið. Með fylgdi listi um verðgildi búfjár, skipa og báta. Greiða bar 9/10 hluti álnar í tíund af hverju lausafjárhundraði. Upphæðin skiptist í þrjá jafna hluti sem gengu til fátækra, kirkju og sóknarprests. Tíund af minna fé en fimm hundruðum kallaðist öreigatíund og gekk til fátækra.²¹ Jarðartíund var áfram við lýði og fátækartíund af jörðum og lausafé var nánast eini fasti skatturinn sem sveitarsjóðirnir fengu en kirkjutíund kom einnig íbúum sveitarfélaganna í góðar þarfir. Aukaútsvörunum var jafnað niður eftir efnum og ástæðum án einhvers bindandi ramma eða reglugerða. Þau voru hæstu gjöldin á landsmenn og samkvæmt reikningum sveitarsjóða árið 1902 skilaði tíundin þeim í heild 23 þúsund krónum en aukaútsvarið 287 þúsund krónum. Framkvæmd útsvarsálagningarinnar var sem sagt ósamræmd, lagt var á nánast af handahófi og með tilkomu bæjanna varð ósamræmið enn meira.²² Kirkjutíund og preststíund voru afnumdar árið 1909 og fátækratíund árið 1914. Þar með voru hin fornu tíundarlög endanlega úr sögunni. ■

Frádráttarbær rekstrarkostnaður



Elín Alma Arthursdóttir
sviðsstjóri

Algenzt er að þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi spyrji hvort heimilt sé að færa tiltekinn kostnað til frádráttar rekstrartekjum. Um er að ræða alls konar kostnaðarliði og þess vegna ekki alltaf einfalt að svara því í fljótu bragði hvernig með skuli fara. Aðstæður og atvik kunna að vera með ólíkum hætti á milli rekstraraðila þannig að það sem getur talist til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá einum fellur ekki undir þá skilgreiningu hjá öðrum. Ætla má að í hjarta sínu viti allir rekstraraðilar hvaða kostnaðarliðir tengjast tekjuöflun í viðkomandi rekstri og hvenær um er að ræða kostnað sem tilheyrir þeim sjálfum, en persónulegan kostnað er óheimilt að færa sem rekstrarútgjöld.

”

Gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við ... og það sem varið er til tryggingar og viðhalds eignum þeim sem arð bera í rekstrinum

Um frádráttarbæran rekstrarkostnað gilda ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þar sem fjallað er nánar um frádráttarbæran rekstrarkostnað, þar takmarkanir sem settar eru og þau skilyrði sem upp-

fylla þarf. Hér á eftir verður fjallað um almennar reglur í þessum efnunum og reglur sem gilda um nokkra algenga kostnaðarliði sem til falla í rekstri fyrirtækja.

Almennt um frádráttarbærni rekstrarkostnaðar

Samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 er heimilað að draga rekstrarkostnað frá þeim tekjum lögaðila/manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, „það eru þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við ... og það sem varið er til tryggingar og viðhalds eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.“ Persónulegur kostnaður er ekki frádráttarbær. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins er um að ræða heimild til frádráttar en ekki skyldu og ber undir rekstraraðila að sýna fram á frádráttarbærni kostnaðarins bæði með gögnum og skýringum ef eftir því er leitað.

Í reglugerð nr. 483/1994 er nánar fjallað um frádráttarbæran rekstrarkostnað. Í 1. gr. reglugerðarinnar kemur fram m.a. að til rekstrarkostnaðar teljist gjöld, greidd eða áfallin, sem eigi á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við og ekki eru sérstaklega undanskilin í lögum. Hvorki teljist til rekstrarkostnaðar útgjöld til eignakaupa eða annarra fjárfestinga né útgjöld til einkaþarfa, nema að því marki sem slík útgjöld séu talin til tekna. Er þannig samspil á milli lagaákvæðisins og þessa reglugerðarákvæðis þar sem jafnframt er skýrt tekið fram að persónulegur kostnaður teljist ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður nema að slík útgjöld séu talin til tekna hjá þeim sem þiggur.

Í mörgum tilvikum er í reglugerðinni áskilið að kostnaður verði að vera „eðlilegur miðað við tilefni“. Getur að hluta verið um að ræða matskennda frádráttarliði og aldrei hægt að telja upp með tæmandi hætti hvað er frádráttarbært og hvað ekki heldur verður að byggja á lögum, reglugerðum, úrskurða- og dómafordæmum eftir því sem tilefni er til og atvik máls segja til um. Þá getur kostnaður verið „eðlilegur“ í einni tegund rekstrar en ekki annarri og ræðst það af aðstæðum öllum. Sem dæmi má taka að kaup á hársnyrtivörum verða að teljast eðlileg í rekstri hárgreiðslustofu en slíkur kostnaður yrði talinn ótrúverðugur t.d. í rekstri smíðaverkstæðis.

Fullnægjandi gögn

Frádráttur þarf að byggjast á fullnægjandi gögnum. Greiðslukortanótur eru t.d. ekki fullnægjandi til sönnunar á útgjöldum, enda bera slík gögn ekki með sér nægjanlega tilgreiningu hins keypta.

Í 8. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, segir að sérhver færsla í bókhaldi skuli byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja meg til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skuli fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

Skattskylda launa og annarra starfstengdra greiðslna

Laun og annar starfstengdur kostnaður er í mörgum tilvikum mjög stór þáttur í heildar kostnaði við rekstur fyrirtækja. Á þessum gjaldalið er síðan einnig sú hlið sem snýr að tekjufærslu hjá starfsmanni/ viðtakanda greiðslu. Í 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 er mælt fyrir um skattskyldu endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Eru í ákvæðinu nefnd í dæmaskyni ýmis konar laun svo og „fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfæraþeningar, ökutækjastyrkir, flutningsþeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki“. Tekið er fram að hvorki skipti máli „hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum“. Samkvæmt þessu teljast ekki einungis beinar fjárgreiðslur til skattskyldra tekna sem laun fyrir vinnu, heldur einnig hvers konar fríðindi og hlunnindi sem launamenn njóta í starfi.

Af eðli hlunninda leiðir að meta verður þau til verðs. Samkvæmt 118. gr. laga nr.

90/2003, skal ríkisskattstjóri að fenginni staðfestingu ráðherra gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr. og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögnum. Ríkisskattstjóri gaf út reglur um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2015 hinn 19. desember 2014 og voru þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda sem auglýsing nr. 1173/2014.

Laun og annar starfsmannatengdur kostnaður

Meginreglan er sú að öll laun, hvernig sem þau eru greidd, og annar starfsmannakostnaður er frádráttarbær hjá launagreiðanda en telst jafnframt til tekna hjá launamanni með þeim takmörkunum sem fjallað er um í 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Hér undir fellur allur kostnaður við að hafa starfsmann í sinni þjónustu, bæði allar launagreiðslur og annar kostnaður sem til fellur í því sambandi, og hlunnindi og fríðindi. Hlunnindi skal færa til gjalda á kostnaðarverði, en meginreglan varðandi mat á hlunnindum til tekna hjá móttakanda er sú að þau skal telja á gangverði. Skilyrði fyrir frádrætti er að greiðslur sem skattskyldar eru séu gefnar upp á launamiða, sbr. 2. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003. Vert er að geta þess að þrátt fyrir að heimilt sé að fella frádrátt niður vegna þess að engar upplýsingar hafa borist um þær til ríkisskattstjóra þá eru allar þessar greiðslur eftir sem áður skattskyldar hjá viðtakandanum.

Til viðbótar við þá meginreglu að laun og annar starfsmannakostnaður sé frádráttarbær rekstrarkostnaður er í 3. gr. reglugerðarinnar tæmandi upptalning á þeim undantekningum sem um þetta gilda. Um allar þessar undantekningar gildir að kostnaður sé ekki verulegur, erfitt sé að heimfæra hann á einstaka starfsmenn, jafnt gangi yfir alla starfsmenn og kostnaður sé eðlilegur miðað við tilefni. Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt, ber að líta á kostnaðinn sem skattskyld hlunnindi sem gefa skal upp á launamiða ella er ekki um frádráttarbæran kostnað að ræða. Beint liggur við að hafa hliðsjón af gildandi skattmati hverju sinni varðandi þessa liði og mat á þeim.

Hlunnindi og fríðindi

Kostnað vegna hlunninda og fríðinda er heimilt að færa til gjalda á kostnaðarverði en færist á hinn bóginn til tekna hjá viðtakanda á gangverði. Oft er gangverð það sama og kostnaðarverð en svo þarf alls ekki að vera t.d. varðandi metna liði eins og fæðishlunnindi sem ákvörðuð eru árlega í skattmati.

Munur á hlunnindum og fríðindum eins og hann er skilgreindur í íslenski orðabók sem útgefin var 2007 af Eddu útgáfu, er sá að hlunnindi eru tiltekin réttindi eða hagræði af aðstöðu (sem aðrir hafa ekki), aukatekjur eða aukakostir en fríðindi eru sögð hlunnindi eða forréttindi. Í skattframkvæmd hefur verið miðað við að munurinn á hlunnindum og fríðindum sé sá að hlunnindi teljist eitthvað sem fylgir starfi beint en fríðindi séu eitthvað tilfallandi og kannski ekki alltaf notuð þótt þau standi til boða.

Óskattskyld hlunnindi og fríðindi

Í skattmati er lagt mat á þau hlunnindi og fríðindi sem telja skal til tekna en þar er jafnframt tekið fram hvaða hlunnindi og fríðindi teljast ekki til skattskyldra tekna viðtakanda. Þótt hlunnindi og fríðindi geti þannig verið óskattskyld er heimilt að telja kostnað vegna þeirra til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar. Sem dæmi um þetta má telja kostnað vegna hlífðarfatnaðar sem látinn er starfsmanni í té án þess að um skattskyld hlunnindi sé að ræða.

Skemmtanir fyrir starfsmenn

Í 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994 segir að til rekstrarkostnaðar teljist kostnaður við árshátíð, jólagleði og sambærilegar samkomur svo og starfsmannaferðir, enda séu samkomur þessar og ferðir fyrir starfsfólk almennt og kostnaður hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á rekstrarárinu. Frádráttur á þessum grundvelli kemur því ekki til álita ef einungis hluta starfsmanna er boðið að taka þátt. Nafngift eða form slíkra skemmtana eða viðburða getur aldrei verið úrslitaatriði varðandi frádráttarbærni heldur verður að líta á eðli máls hverju sinni. Fari greiðslur vegna skemmtana starfsmanna í gegnum starfsmannafélög gilda sömu sjónarmið varðandi frádráttarbærni og almennt.

Við mat á því hvað talist getur eðlilegur kostnaður í þessu sambandi er rétt að líta bæði til einstakra atburða og heildarkostnaðar á starfsmann á öllu reikningsárinu, auk þess að hafa hliðsjón af því sem fram kemur í gildandi skattmati hverju sinni varðandi þá fjárhæð sem launagreiðandi greiðir vegna skemmtana starfsmanna og undanskilin er frá því að teljast til skattskyldra hlunninda eða fríðinda hjá starfsmanninum. Við mat á eðlilegum skemmtanakostnaði ber að líta til alls slíks kostnaðar innan rekstrarársins. Almennt verður ekki litið til fleiri ára í þessu sam-



bandi þótt eðlilegt verði að telja að hafa hliðsjón af því hvort viðburðum hafi verið „safnað saman“ yfir t.d. tvö ár.

Að því er varðar útgjöld vegna þátttöku undirverktaka rekstraraðila í skemmtunum starfsmanna þess síðar-

aðgerða og trúnaðarlæknis teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort þessi þjónusta er veitt á vinnustaðnum sjálfum eða t.d. á heilsugæslustöðvum, læknaðstofum eða öðrum sambærilegum

”

Ekki skuli telja til tekna einkennisfatnað sem starfsmanni er látinn í té og honum er ætlað að nota við störf sín, eða annan þann fatnað sem auðkenndur er eða merktur launagreiðanda, og einkum er nýttur vegna starfa í þágu hans

nefnda getur ekki verið um eiginlegan starfsmannakostnað að ræða en á hinn bóginn getur slíkur kostnaður eftir atvikum fallið undir að teljast risnukostnaður eftir þeim mælikvörðum sem um slíkan kostnað gildir. Ef kostnaður vegna skemmtana er einungis tilkominn vegna eigenda hefur verið litið svo á að ekki geti verið um að ræða frádráttarbæran starfsmannakostnað.

Almenn fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta

Útgjöld vegna almennrar fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu, þ.e. kostnaður vegna almennrar læknisskoðunar, ónæmis-

stöðum. Einstakar lækni-aðgerðir falla ekki hér undir. Sem dæmi má taka að kostnaður vegna influensusprautu getur verið frádráttarbær rekstrarkostnaður en greiðsla á tannviðgerð starfsmanns er það ekki nema að um sé að ræða kaupauka sem talinn er til tekna hjá starfsmanninum.

Heilsurækt

Kostnaður vegna heilsuþótaraðstöðu sem er aðgengileg öllum starfsmönnum á vinnustað er frádráttarbær rekstrarkostnaður, þ.e. kostnaður vegna húsnæðis og tækja og reksturs þeirra, og eftir atvikum fyrningar. Sem dæmi um þetta má nefna sal með nokkrum æfingataekjum, gufu-

baði, heitum potti og búningaðstöðu. Hér undir mundi ekki falla búnaður sem almennt er ekki á slíkum stöðum eins og t.d. golfhermir.

Þá er heimilt að greiða og gjaldfæra kostnað starfsmanna af heilsurækt upp að ákveðinni fjárhæð án þess að um sé að ræða skattskyldar tekjur hjá starfsmanninum. Um þetta eru settar ákveðnar reglur í skattmati.

Fatnaður

Kostnaður vegna kaupa rekstraraðila á fatnaði fyrir starfsmenn getur eftir atvikum talist frádráttarbær rekstrarkostnaður. Í hluta tilvikanna er heimilt að færa slík hlunnindi ekki til skattskyldra tekna viðtakanda en að hluta til er það skilyrði fyrir gjaldfærslu. Í skattmati koma fram þær undantekningar að ekki skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf hans, þ.m.t. sem skylt er samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum. Jafnframt kemur fram að ekki skuli telja til tekna einkennisfatnað sem starfsmanni er látinn í té og honum er ætlað að nota við störf sín, eða annan þann fatnað sem auðkenndur er eða merktur launagreiðanda, og einkum er nýttur vegna starfa í þágu hans.

Greina má þann fatnað sem ekki ber að telja til tekna í þrennt:

1. Einkennisfatnað sem starfsmanni er ætlað að nota við störf sín.
2. Fatnað sem auðkenndur er eða merktur launagreiðanda og einkum er nýttur vegna starfa í þágu launagreiðanda.
3. Nauðsynlegan öryggis- og hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir starfsmanni honum til afnota við störf hans, þ.m.t. sá öryggis- og hlífðarfatnað sem launagreiðendum er skylt skv. lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum að afhenda launþegum án endurgjalds.

Meta verður hverju sinni hvort aðstæður eru með þeim hætti að framangreindar undanþágur eigi við. Sé litið til þess hvaða fatnað ber ekki að telja til tekna, sbr. fram- anritað, verður ráðið að almennt megi gera ráð fyrir að um sé að ræða fatnað sem ekki er fallinn til afnota utan vinnutíma og almennt ekki ætlaður til slíkra nota. Kostnaður vegna slíkra fatakaupa er frádráttarbær hjá launagreiðanda eftir almennum reglum.

Ferðakostnaður

Ferðakostnaður er algengur útgjalda-liður í rekstri þótt vægi hans sé eðli málsins samkvæmt misjafnt eftir eðli starfseminnar.

Samkvæmt c-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994 er ferðakostnaður í þágu atvinnurekstrar frádráttarbær rekstrar-kostnaður að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.m.t. dagpeningar greiddir launamönnum. Til sönnunar á þessum kostnaði þurfa að liggja fyrir í bókhaldi gögn um tilgang ferðar, þátttakendur og fjölda ferðadaga.

Samkvæmt þessu ber undir rekstrar-aðila að sýna fram á að ferðakostnaður tengist viðkomandi starfsemi. Almennar upplýsingar eru ekki nægjanlegar í því sambandi heldur verða gögn og eftir atvikum skýringar að vera gleggri en svo. Almennar skýringar um eitthvað sem er í deiglu eða kemur hugsanlega til nægja ekki í þessu sambandi.

Þótt ferðir sem í eðli sínu eru orlofs-ferðir séu að einhverju leyti nýttar í þágu rekstrar eða til hugmyndaauðgi sem seinna kemur að gagni í starfseminni þá verður kostnaður ekki þar með frádrátt-arbær. Það sama á einnig við þótt ferðir geti t.d. veitt innsýn í tækninýjungar eða slíkt sem getur gagnast í rekstri ef í raun er fyrst og fremst um að ræða hefðbundnar skemmti- og fjölskylduferðir. Aukakostn-aður sem fellur til vegna erinda í þágu rekstrar sem rekin eru samhliða orlofs-eða skemmtiferðum getur á hinn bóginn verið frádráttarbær.

Meta þarf í hverju tilviki fyrir sig hvort ferðakostnaður vegna maka þess sem ferðast í þágu rekstrar geti talist til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar. Fer það eftir almennum sjónarmiðum um tengsl kostnaðar við rekstur og aðstæðum öllum, s.s. hvort maki er einnig starfsmaður, eða hvort maki sinnir tilteknum verkefnum á ferðalögum. Til þess að ferðakostnaður maka geti verið frádráttarbær þarf þannig að vera rekstrarleg þörf fyrir þátttöku þeirra, hvort heldur sem þeir eru starfs-menn í viðkomandi rekstri eða ekki.

Falli til ferðakostnaður vegna þátt-töku starfsmanna í félagsstörfum sem út af fyrir sig tengjast viðkomandi starfsemi verður að greina á milli hvort um er að ræða persónuleg félagsstörf eða hvort um er að ræða þátttöku fulltrúa rekstrar í hagsmunastarfi t.d. vegna viðkomandi starfsgreinar.

Ferðakostnaður sjálfstætt starfandi manna er frádráttarbær á sama hátt og rakið er að framan en þeim er þó ekki

heimilt að reikna sér dagpeninga og færa þá til frádráttar í stað kostnaðar samkvæmt reikningum nema með ákveðinni undantekningu. Þessi undantekning frá sönnunarskyldu kostnaðar er sú að þeim er heimilt að færa til frádráttar kostnað vegna ferða erlendis að því marki sem nemur 30% hluta metinna dagpeninga sem ætlaður er til greiðslu annars kostn-aðar en vegna gistingar. Ef ferðakostnaður er greiddur með því að starfsmaður fái greidda dagpeninga frá lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu þurfa ætíð jafnframt að liggja fyrir reikningar um kostnað vegna ferðalaga í þágu launa-greiðandans. Frádráttur getur aldrei numið hærri fjárhæð en þeim kostnaði nemur sem sannað er að sé ferðakostn-aður í þágu launagreiðandans.

Risna

Risna er sá kostnaður sem lagt er í til að ljúka viðskiptum, afla nýrra viðskipta-sambanda eða halda þeim við, enda sé kostnaður eðlilegur miðað við tilefni. Frádráttarbær risna þarf að beinast að aðilum sem ekki starfa við fyrirtækið eða tengjast því með öðrum hætti, svo sem stjórnarmenn eða hluthafar. Til staðfest-

skiptamönnum, en ekki starfsmönnum, hluthöfum, stjórnarmönnum eða öðrum slíkum. Hins vegar geta slíkir aðilar einnig verið í hlutverki viðskiptamanna og er risnan þá frádráttarbær eftir almennum skilyrðum þar um. Með viðskipta-mönnum í þessu sambandi er t.d. átt við viðskiptavini, birgja, ráðgjafa, sölumenn og umboðsmenn sem ekki eru ráðnir hjá fyrirtækinu. Einnig er óhjákvæmilegt að í flestum tilvikum sé um einhverja þátttöku starfsmanns/a að ræða í risnu-tilefnum og er sá kostnaður sem af því hlýst frádráttarbær sem slíkur.

Að lokum

Stiklað hefur verið á stóru um ýmsa út-gjaldaliði sem gjarnan falla til í rekstri og talist geta til frádráttarbærs rekstrarkostn-aðar eftir því sem við á. Aldrei er hægt að telja þennan kostnað upp með tæmandi hætti eins og fyrr segir. Aðalatriðið er ætíð tengsl útgjaldanna við tekjuöflun í við-komandi starfsemi og oft á tíðum geta verið ákveðnar hömlur á frádráttarheim-ildum, bæði fastsettar og matskenndar. Rekstraraðili þarf ætíð að geta sýnt fram á að um frádráttarbæran rekstrarkostnað sé að ræða og getur þar skipt sköpum að skrá hjá sér tilefni útgjaldanna og að



ingar á risnukostnaði þurfa upplýsingar m.a. um tilefni risnu, hverjir hennar nutu og tengsl þeirra við fyrirtækið að liggja fyrir með aðgengilegum hætti.

Frádráttarbær risnukostnaður beinist þannig að utanaðkomandi aðilum, við-

bókhaldsgögn séu þannig úr garði gerð að þau beri glögglega með sér fyrir hvað var greitt. Þannig er unnt á einfaldan máta að sýna fram á að um frádráttarbæran rekstrarkostnað sé að ræða. ■



Elchin Mammadov yfirmaður skattgreiðendadeildar skattaráðuneytis Aserbaídsjan ásamt Ingu Gula sem var með honum í för.

Heimsókn frá Aserbaídsjan


Þann 17. nóvember sl. var staddur hér á landi yfirmaður skattgreiðendadeildar skattaráðuneytis Aserbaídsjan, Elchin Mammadov. Hann heimsótti ríkisskattstjóra og fékk kynningu hjá Skúla Eggert Þórðarsyni á starfi embættisins og þeim umbótum sem unnið hefur verið að síðustu ár í þjónustu við framteljendur og í rafrænni stjórnsýslu. Efni kynningarinnar rímaði vel við þær stjórnsýslulegu framfarir sem hafa verið í skattaráðuneyti Aserbaídsjan síðustu ár, með stofnun rafrænnar fyrirtækjaskrár og rafrænum skattskilum.



Aserbaídsjan

- Aserbaídsjan er ríki við vestanvert Kaspíahaf í sunnanverðu Kákasussvæðinu. Það á landamæri að Rússlandi, Georgíu, Armeníu, Íran og Tyrklandi. Aserbaídsjan hlaut sjálfstæði við hrun Sovétríkjanna árið 1991 en hafði áður verið sjálfstætt ríki frá 1918 til 1920 eftir fall Rússneska keisaradæmisins.
- Íbúar eru 9,7 milljónir og eru um 92% þjóðarinnar Aserar.
- Aseríska er opinbert tungumál landsins og er móðurmál um 90% íbúanna.
- Frá sjálfstæði hafa Armenía og Aserbaídsjan deilt um yfirráð yfir héraðinu Nagorno-Karabakh en þar eru nánast allir íbúar af armenskum uppruna.
- Höfuðborg Aserbaídsjan heitir Bakú og er hún helsta iðnaðarborg í suðurhluta Kákasus. Olíuiðnaður er undirstaða efnahagslífsins í landinu ásamt öðrum þungaíðnaði eins og stálframleiðslu. Aserbaídsjan varð aðildarland að Evrópuráðinu árið 2001.

ÁRSREIKNINGASKRÁ RSK



Boðar fésekt á skilaskussa

Ársreikningaskil skattskyldra félaga hafa aldrei verið betri en núna, en 81,5% þeirra hafa skilað ársreikningi til ríkisskattstjóra. Á sama tíma í fyrra var hlutfallið 81,1% og hafði þá hækkað úr 72,1% árið 2010. Á síðustu fimm árum nemur breytingin því tæplega 10 prósentustigum.

Þann 7. desember sl. sendi ársreikningaskrá ríkisskattstjóra boðun um fyrirhugaða fésekt á 4.932 félög, en þar var þeim gefin 30 daga frestur til að skila ársreikningi áður en kemur til ákvörðunar um fésekt.

Skiladagur ársreikninga er 31. ágúst ár hvert en það hefur verið vani margra að gefa sér frest í jafnvel nokkra mánuði. Í raun eru engir frestir gefnir heldur er þetta eitthvað sem viðkomandi aðilar hafi sjálfir tekið upp á. Staðreyndin er að allir frestir eru liðnir og nú hefur ríkisskattstjóri boðað fésektir á skussana sem hafa enn ekki skilað.

Meðfylgjandi er tafla sem sýnir hvernig skil hafa verið þann 13. desember undanfarin ár.

Skil til ársreikningaskrár 13. desember ár hvert					
Reikningsár	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi ársreikninga skilað	23.730	24.199	25.625	27.166	28.052
Fjöldi félaga í skilaskyldu	32.910	33.081	32.846	33.646	34.596
Heildarskil	72,1%	73,2%	78,0%	80,7%	81,1%

Álagning lögaðila 2015



Páll Kolbeins
Hagdeild

Um miðjan október sl. lagði ríkisskattstjóri skatta og gjöld á lögaðila vegna rekstrarársins 2014. Lögaðilar fá um tveimur mánuðum lengri tíma en einstaklingar til að gera upp árið en framtalsfrestur var ekki fyrir en í maí. Lagt var á um miðjan október og í kjölfarið voru álagningarseðlar sendir út. Álagning á tekjur þeirra sem ekki hafa skilað framtali fyrir álagningu byggir á áætlun ríkisskattstjóra. Gjalddagar eru tveir, 1. nóvember og 1. desember. Lögaðilar hafa 30 daga til að kæra álagninguna. Þrátt fyrir skilafrest berast mörg framtöl seint og því má búast við að álagningarniðurstaðan eigi eftir að taka nokkrum breytingum þegar lengra líður frá lokum skilafrests. Álagningartölurnar miðast hins vegar við stöðuna strax að lokinni álagningu um miðjan október. Alls voru nú lagðir 183,8 milljarðar á lögaðila í skatta og gjöld sem var rúmum 1,2 milljörðum eða 0,7% meira en í álagningunni í fyrra. Niðurstöður álagningar bera vitni um það að efnahagur landsins sé enn á uppleið, fyrirtækjum fjölgar og hagnaður og laungreiðslur í þjóðfélaginu hafa aukist.

Lögaðilar á skrá

Nú voru 55.955 lögaðilar á skattgrunnskrá en þar af voru 39.183 tekjuskattsskyld félög. Lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgaði um 1.277 frá álagningu í fyrra en þar af voru 1.040 skattskyld félög. Aðrir lögaðilar en tekjuskattsskyld félög eru opinberir aðilar, sveitarfélög, stofnanir og félaga- og líknarsamtök sem eru ekki rekin í ágóðaskyni. Húsfélög voru skráð á skatt-

til ársins 2014 fjölgaði einstaklingum á skattgrunnskrá um 73.196 á meðan skattskyldum fyrirtækjum fjölgaði um 30.245. Á sama tíma og einstaklingum hefur fjölgað um 36,9% hefur fyrirtækjum fjölgað um 316,1%, eða nær 8,6 sinnum hraðar en einstaklingum. Nú er u.þ.b. eitt fyrirtæki fyrir hverja sjö einstaklinga á skattgrunnskrá sem er nokkur breyting frá því sem var í byrjun aldarinnar en þá voru u.þ.b. 13 einstaklingar fyrir hvert fyrirtæki. Tekjuskattsskyld fyrirtæki voru nú um 12,1% skattskyldra einstaklinga og fyrirtækja á skattgrunnskrá og hafa þau aldrei verið fleiri að tiltölu.

Árið 2014 fjölgaði einstaklingum á skattgrunnskrá um 3.356 og fyrirtækjum um 1.040 þannig að tæplega eitt nýtt fyrirtæki hefur verið stofnað fyrir hverja þrjá einstaklinga sem bættust á skattgrunnskrá.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að fyrirtækjum hefur fjölgað og má þar nefna að skattar á fyrirtæki og arð voru lækkaðir frá því sem var í byrjun 10. áratugarins. Einkahlutafélög komu til sögunnar en reglur um hlutafé og fjölda hluthafa í einkahlutafélögum voru rýmri en hafði verið um hlutafélög. Einstaklingum var auðveldað að flytja fyrirtæki sem rekin voru í nafni eiganda yfir í hlutafélag án þess að þurfa að innleysa söluhagnað við flutninginn. Það ríkti mikil hagsæld í landinu á árunum fram að hrúni sem var mörgum hvatning til að spreyta sig

”

Ríkisskattstjóri lagði nú tæpa 63,8 milljarða í skatt á hagnað lögaðila sem var tæpum 7,8 milljörðum meira en fyrir ári. Þetta er hækkun um 13,9%

grunnskrá í fyrsta skipti í fyrra en venjan hafði verið að húsfélög væru aðeins skráð á skattgrunnskrá ef ástæða þótti til, þ.e. ef launaðir starfsmenn voru í vinnu hjá þeim.

Á síðustu 20 árum hefur fyrirtækjum á skattgrunnskrá fjölgað mun hraðar en einstaklingum. Árið 1992 voru 198.611 einstaklingar á skattgrunnskrá en þá voru 9.568 tekjuskattsskyld fyrirtæki á skrá. Það var þannig u.þ.b. eitt skattskyld fyrirtæki fyrir hverja 20 einstaklinga. Fram

á eigin atvinnurekstri og loks má ekki gleyma eignarhaldsfélögunum sem gegndu lykilhlutverki á uppgangsárunum fyrir hrún. Þessum félögum fjölgaði mikið á blómaskeiði fésýslunnar í landinu. Á síðustu árum hefur nokkuð dregið úr fjölgun skráðra félaga. Skattar á félög og arð hafa verið hækkaðir og þrátt fyrir afturbata atvinnulífsins á síðustu árum þá hefur atvinnuástandið ekki verið upp á marga fiska sem hefur vafalaust dregið úr mönnum kjarkinn.

Áætlanir

Þrátt fyrir að lögaðilar fái lengri frest en einstaklingar til að gera upp árið skila mörg fyrirtæki skattframtali seint á hverju ári eða eftir framtalsfrest og eru skattar þeirra þá áætlaðir. Nú áætlaði ríkisskattstjóri skatta 11.252 fyrirtækja. Skattar og gjöld 28,3% skattskyldra fyrirtækja voru því áætlaðir. Þetta er sama hlutfall og fyrir ári en heldur lægra en fyrir fimm árum en þá var 35,1% fyrirtækja áætlað. Hvorki fyrr né síðar hafa jafnmörg félög verið áætluð og þá.


Upp úr miðjum 10. áratugnum þegar skráðum félögum fjölgaði mikið fjölgaði einnig þeim félögum sem skiluðu ekki skattframtali á réttum tíma að tiltölu. Í upphafi 10. áratugarins í álagningunni 1993 var um fjórða hvert félag áætlað en árið 2009 var ríflega eitt af hverjum þremur félögum áætlað. Áætluðum félögum fjölgaði um 9.269 á þessum tíma. Á þessum tíma voru nær fimmmfalt fleiri félög áætluð en að tiltölu fjölgaði áætluðum um 38,9%.

Það er viðbúið að mörg stórhuga áform renni út í sandinn og margir stofni félag sem aldrei kemst á legg. Eflaust hafa einhverjir ekki áttað sig á því að þegar allt kemur til alls fylgja ákveðnar skyldur rekstri félaga, s.s. að gera upp reksturinn og skila skattframtali. Mörg þessara félaga eru lítið annað en nafnið eitt. Eftir að farið var að leggja útvarpsgjald á félög varð fátíðara að framtölum væri ekki skilað. Það má geta sér þess til að einhverjum hafi ekki fundist það vera útvarpsgjaldsins virði að halda félagi á skattgrunnskrá. Ríkisskattstjóri áætlaði skatta 306 færri félaga í álagningunni núna en í fyrra.

Atvinnugreinar


Flest fyrirtæki eru nú skráð í atvinnugreinina leiga atvinnuhúsnæðis, 3.406 félög eru skráð í þessa atvinnugrein eða um 8,6% skattskyldra félaga. Þá voru 3.133 félög skráð í atvinnugreinina starfsemi eignarhaldsfélaga sem var um 7,9% félaga á

Fjöldi lögaðila



Á undanförunum árum hefur lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgað mikið. Nokkuð hefur þó dregið úr fjölguninni á síðustu árum. Nú voru 55.955 lögaðilar á skattgrunnskrá en þar af voru 39.813 tekjuskattsskyld félög. Lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgaði um 1.277 frá álagningu í fyrra en þar af voru 1.040 skattskyld félög. Skráðum lögaðilum fjölgaði mikið árið 2013 þegar húsfélög voru skráð á skattgrunnskrá.

Árleg breyting á fjölda fyrirtækja og einstaklinga á skattgrunnskrá




Lögaðilum á skattgrunnskrá hefur fjölgað mun hraðar en einstaklingum. Árið 2014 voru 73.196 fleiri einstaklingar á skattgrunnskrá en árið 1992. Á sama tíma fjölgaði skattskyldum fyrirtækjum sem rekin eru í hagnaðarskyni um 30.245. Einstaklingum á skattgrunnskrá hefur fjölgað um 36,9% á sama tíma og fyrirtækjunum fjölgaði um 316,1%. Fjölgun fyrirtækja er þannig hátt í niðri á við einstaklinga. Nú eru sjö einstaklingar um hvert eitt fyrirtæki en í byrjun níunda áratugarins voru u.þ.b. 20 einstaklingar um hvert fyrirtæki. Árið 2014 var stofnað u.þ.b. eitt nýtt fyrirtæki fyrir hverja þrjá einstaklinga sem bættust á skattgrunnskrá.


grunnskrá. Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis telur 2.283 félög sem var um 5,7% félaga. Loks voru 1.215 félög skráð í viðskiptaráðgjöf og aðra rekstraráðgjöf en það er um 3,1% félaga.

Fyrirtækjum fjölgaði mest í viðskiptaráðgjöf og annarri rekstraráðgjöf eða um 81 félag þannig að 7,8% hreinnar fjölgunar var í þessari grein. Þá fjölgaði fyrirtækjum í annarri bókunarþjónustu og annarri starf-

semi tengdri ferðapjónustu um 62 félög en 6% fjölgunarinnar má heimfæra upp á greinina árið 2014. Þetta er mikil fjölgun því að 355 félög voru skráð í greinina. Félögum sem eru skráð í framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarps-efni fjölgaði um 61 en þar voru skráð 577 félög árið 2014 og fyrirtækjum í atvinnugreininni ferðaskipuleggjendur fjölgaði um 51 félag þannig að 4,9% fjölgunarinnar



Skattskyldur hagnaður fyrirtækja jókst mikið í aðdraganda hrunsins. Tekjuskattsstofn er nú 305,7 milljarðar en þar af var 41 milljarður byggðar á áætlun ríkisskattstjóra. Tekjuskattsstofn er enn 86,8 milljörðum lægri en hann var rekstrarárið 2007. Tekjuskattsstofn skv. skattframtali var hins vegar tæpum 41,8 milljörðum hærri en hann var þá. Hann er þó enn tæpum 19,1 milljarði lægri en hann var árið 2006 en skattstofn skv. skattframtali hefur aldrei verið hærri en þá.



Tekjuskattur er lagður á tekjuskattsstofn og því fer tekjuskattur fyrirtækja eftir skattskyldum hagnaði og skatthlutfallinu. Á 10. áratugnum voru skattar á fyrirtæki lækkaðir. Engu að síður jukust skatttekjur af tekjuskatti lögaðila. Þær jukust þó ekki jafnmikið og stofninn. Frá hrúni hefur skatthlutfallið hækkað umtalsvert, úr 15% í 20% hjá hlutafélögum. Tekjuskattur hefur því vaxið hraðar en skattstofninn.

Samkvæmt skattframtali lögaðila í október árið 2015 var skattskyldur hagnaður 305,7 milljarðar, sem var 35,6 milljörðum eða 13,2% meiri hagnaður en árið áður. Ríkisskattstjóri áætlaði félögum rúman 41 milljarð í vantaldar tekjur. Áætlaður hagnaður var 13 milljörðum eða 46,2% meiri en fyrir ári. Hagnaður skv. skattframtali var 264,7 milljarðar, 22,6 milljörðum eða 9,4% meiri en í álagningu í fyrra. Rúmur þriðjungur hagnaðaraukningarinnar eða 36,4% var áætlaður hagnaður.

Tiltölulega fá fyrirtæki greiða stóran hluta tekjuskatts. Það getur því skipt sköpum ef stór fyrirtæki skila ekki skattframtali og eru áætluð. Þá hafa fleiri fyrirtæki meira umleikis nú en í fyrra og því hækka áætlunir. Þegar frá líður mun koma í ljós hversu mikið af þessum tæpa 41 milljarði sem talið er að félög hafi vantalið í álagningunni muni standa og hversu mikið verður fellt niður.

Ríkisskattstjóri lagði nú tæpa 63,8 milljarða í skatt á hagnað lögaðila sem var tæpum 7,8 milljörðum meira en fyrir ári. Þetta er hækkun um 13,9%. Rúmir 8,6 milljarðar eða 13,5% álagðra tekjuskatta voru byggðir á áætlun. Þetta er heldur meira en var fyrir ári en þá voru um 10,6% tekjuskatts áætluð, sem var venju fremur lítið. Frá aldamótum hefur um þriðjungur álagningarinnar verið byggður á áætlun en álagningarárin 2008 og 2009 skáru sig nokkuð úr en þá voru 43% og 50,5% tekjuskatts byggð á áætlun.

Tekjuskattur skv. skattframtali jókst um rúma fimm milljarða eða 10,1% á sama tíma og áætlunir hækkuðu um 2,7 milljarða, eða 46%. Samtals jókst tekjuskattur um tæpa 7,8% milljarða, eða 13,9% að raungildi. Meðalskattur hefur hækkað lítillega úr 20,7% í 20,9%. Þetta er vegna þess að umsvif félaga í herra skattþreppinu hafa aukist meira en hlutafélaga sem greiða 20% tekjuskatt af hagnaði en ekki 36% eins og samlags- og sameignarfélög, þrotabú og dánarbú.

Tekjuskattur og tekjuskattsstofn varð hæstur árið 2008 á rekstur ársins 2007. Þá var stofninn 392,5 milljarðar. Á þennan stofn voru lagðir tæpir 71,6 milljarðar sem var 7,8 milljörðum meira en í ár. Það er reyndar athyglisvert að árið áður hafði stofninn verið 371,5 milljarðar en þá var tekjuskattsstofn, skv. skattframtali ársins 2007, 283,8 milljarðar, 60,8 milljörðum hærri en hann var árið 2007. Skattstofninn sjálfur með áætlunum var hins vegar 21 milljarði lægri það árið en árið 2008. Tekjuskattsstofn skv. skattframtali var nú 19,1 milljarði lægri en hann var skv. skatt-

var í þessari grein. Nú var skráð 251 félag í greinina. Um fjórðungur fjölgunar fyrirtækja var í þessum fjórum greinum. Fyrirtækjum í ferðaþjónustu virðist fjölga mikið en árið 2008 voru skráð 52 félög í atvinnugreinina Önnur bókunarþjónusta og önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu og þá var 81 fyrirtæki sem sá um ferðaskipulagningu. Það vekur hins vegar athygli að fyrirtækjum í verslun og smásölu fækkaði nokkuð á milli ára. Fataverslunum fækkaði um 16 og í annarri ótalinni smásölu á nýjum vörum í sérverslunum fækkaði um sjö fyrirtæki.

Tekjur og tekjuskattur

Tekjuskattur er lagður á hreinar tekjur fyrirtækja, þ.e. tekjur að frádregnum gjöldum. Ólíkt einstaklingum mega félög draga frá kostnað sem fellur til við að afla teknanna og halda þeim við. Dugi tekjurnar ekki fyrir rekstrargjöldum myndast tap sem félagið getur dregið frá hagnaði komandi ára. Ef yfirfæranlegu tapi er ekki til að dreifa sem gengur upp á móti tekjunum er það sem eftir stendur, hagnaðurinn, skattlagður.

framtali árið 2007. Áætlanir eru hins vegar 46,7 milljörðum lægri. Stofn skv. skattframtali er nú þegar orðinn 41,8 milljarði hærri en hann var árið 2007 skv. skattframtali ársins 2008.

Sem fyrr segir var tekjuskattur félaga lækkaður mikið á tíunda áratugi síðustu aldar og fyrsta áratugi þessarar. Árið 1990 var t.d. lagður 50% skattur á hagnað hlutafélaga. Tekjuskattur á félög var lækkaður niður í 45% árið 1992. Þá var lagður 39% skattur á hlutafélög og 41% skattur á sameignarfélög árið 1993. Árið 1999 var lagður 30% skattur á hlutafélög og skattur sameignarfélaga var þá 38%. Árið 2003 var skatturinn aftur lækkaður í 18% og 26%. Í miðju hrúinu í álagningu 2009 var tekjuskattur lögaðila svo enn lækkaður niður í 15%. Sameignarfélög, samlagsfélög og þrota- og dánarbú greiddu 23,5% skatt af hagnaði. Þetta skýrir það nokkuð vel af hverju tekjuskattur lögaðila hækkaði minna en skattskyldar tekjur lögaðila á þessum tíma. Hins vegar var blaðinu snúið við árið 2011 en þá var skattur á hagnað hlutafélaga hækkaður í 18% og sameignarfélaga og annarra lögaðila í hærri skattþrepinu hækkaður í 32,7%. Árið eftir var skatturinn aftur hækkaður í 20% og 36%. Hann hefur verið óbreyttur síðan.


Skipting tekjuskatts eftir atvinnugreinum

Fyrirtæki í fjármála- og váttryggingastarfsemi greiða samtals tæpa 22,8 milljarða eða um 35,7% álagðs tekjuskatts. Þar af greiða fyrirtæki í atvinnugreininni starfsemi eignarhaldsfélaga 11,2 milljarða eða um 17,6% álagðs tekjuskatts og fyrirtæki sem eru skráð sem önnur fjármálafyrirtæki í fyrirtækjaskrá greiða 9,2 milljarða, sem voru um 14,5% tekjuskattsins. Nú var 3.651 félag skráð í fjármála- og váttryggingastarfsemi, þar af voru 3.133 félög eða 7,9% félaga skráð sem eignarhaldsfélög og 20 félög voru skráð sem önnur fjármálafyrirtæki eða 0,1% skattskyldra félaga.

Fyrirtæki í landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum greiddu samanlagt tæpa 4,8 milljarða í tekjuskatt sem var um 7,5% álagningarinnar. Þar af greiddi útgerð fiskiskipa 3,7 milljarða eða 5,8% álagningarinnar og útgerð smábáta 639 milljónir sem var eitt prósent álagðs tekjuskatts. Árið 2014 gerðu 314 fyrirtæki út fiskiskip og 1.048 gerðu út smábáta eða 2,6% fyrirtækja.


Þá greiða fyrirtæki í framleiðslu tæpa 10,4 milljarða í tekjuskatt eða um 16,3%

Breyting á tekjuskatti lögaðila



Á hverju ári skilar fjöldi fyrirtækja ekki skattframtali á tilsettum tíma og eru skattar þessara fyrirtækja þá áætlaðir. Álagning í október tekur því ávallt nokkrum breytingum þegar frá liður framtalsfresti. Álagning og hlutur áætlana segja því ekki síður til um skattskil á hverjum tíma en þróun skattstofna í gegnum tíðina. Árið 2008 og 2009 voru 43% og 50,5% álagðs tekjuskatts byggð á áætlun skattstjóra og því mátti rekja stóran hluta breytingar á skattstofninum til áætlana.

Meðaltekjuskattur




Samlags- og sameignarfélög, þrota- og dánarbú greiða hærri tekjuskatt en hlutafélög. Meðaltekjuskattur er því ívið hærri en tekjuskattur hlutafélaga. Hlutafélög greiddu 20% skatt af hagnaði ársins 2014 en önnur félög greiddu 36% af hagnaði. Meðaltekjuskattur lækkaði úr 39,7% árið 1992 í 15,3% árið 2008 en síðan hefur hann hækkað aftur, fyrst í 18,5% og síðan í 20,9% af hagnaði ársins 2014. Á árunum 2000 til 2008 hækkaði tekjuskattstofn um 367,8% og á sama tíma hækkaði tekjuskattur um 134,9% þegar meðalskatturinn féll úr 30,4% í 15,3%, eða um 49,8%. Frá árinu 2008 hefur tekjuskattstofninn hækkað um 4,1% en á sama tíma hefur tekjuskattur aukist um 42,1%. Meðaltekjuskattur hefur hækkað um 36,5%.


tekjuskattsins en um 2.330 félög voru skráð í þessa grein. Af eintökum greinum í framleiðslu greiða 177 fyrirtæki sem starfa við frýstingu fiskafurða, lindýra og krabbadýra 4,4 milljarða. Þetta er 887,8 milljónum minna en í fyrra. Þessi fyrirtæki greiða um 6,8% tekjuskattsins. Þá greiða álver rúma tvo milljarða í tekjuskatt sem var um 3,1% álagðs tekjuskatts. Sex fyrirtæki starfa í greininni. Álframleiðsla greiddi nú 1,2

milljörðum meira í tekjuskatt en í fyrra. Fyrirtæki sem skráð eru í atvinnugreina-bálkinn heild- og smásöluverslun greiddu tæpa 5,8 milljarða í tekjuskatt sem var um 9% álagningarinnar. Um 13,9% fyrirtækja starfa í þessari atvinnugrein. Leiga atvinnuhúsnæðis greiddi tvo milljarða í tekjuskatt, sem var um 3,2% þess tekjuskatts sem var lagður á. 3.406 félög eru skráð í greinina sem er 8,6% skráðra fyrirtækja.


Skipting tekjuskatts



Hlutfall fyrirtækja



Hlutfall skatts



Til þess að gera fáar atvinnugreinar greiða bróðurpart tekjuskatts í landinu. Tæpur þriðjungur tekjuskatts var lagður á fjármálafyrirtæki, 11,2 milljarðar eða 17,6% tekjuskatts voru lögð á eignarhaldsfélög og 9,2 milljarðar eða 14,5% voru lögð á fyrirtæki í atvinnugreininni önnur fjármálafyrirtæki. Þá voru 4,4 milljarðar eða 6,8% tekjuskatts lagðir á 173 fyrirtæki í frystingu fiskafurða og 3,7 milljarðar eða 5,8% lagðir á útgerð fiskiskipa en 314 fyrirtæki starfa í greininni. Rúm 3% skattsins voru lögð á 3.406 fyrirtæki sem voru skráð í leigu atvinnuhúsnæðis og annað eins var lagt á sex álframtæki. Þessar sex atvinnugreinar bera 51,1% þess tekjuskatts sem lagður var á lögaðila og samanlagt voru 70,8% tekjuskattsins lögð á þær 20 atvinnugreinar sem mest var lagt á. Það er rétt að hafa í huga að oft starfa dæmigerð rekstrarfélög undir hatti eignarhaldsfélaga sem eru samsköttuð. Skattarnir eru þá greiddir af eignarhaldsfélaginu en ekki rekstrarfélaginu sem kann að vera skráð í aðra atvinnugrein.

Fremur fá fyrirtæki bera mjög stóran hluta tekjuskattsins. Þau 10 fyrirtæki sem mest var lagt á munu greiða 38,2% þess tekjuskatts sem lagður er á fyrirtæki, samtals 24,3 milljarða. 20 fyrirtæki munu bera hátt í helming tekjuskatts lögaðila eða 45,8% og þá munu 50 fyrirtæki bera 54,1% skattsins. Þessi 50 fyrirtæki munu greiða 34,5 milljarða í tekjuskatt. Hundrad fyrirtæki greiða samanlagt 59% tekjuskatts lögaðila. Hin 39.718 fyrirtækin munu samanlagt greiða 26,3 milljarða eða 40,8% álagðs tekjuskatts. Hér er rétt að hafa í huga að samsköttun leiðir til þess að mörg rekstrarfélög geta starfað undir sama eignarhaldsfélaginu sem stendur skil á sköttum samstæðunnar.

Hvernig breyttist skatturinn

Sem fyrr segir hækkaði tekjuskattur fyrirtækja um 7,8 milljarða á milli ára. Hátt í þriðjung eða 28,8% hreinnar hækkingar tekjuskatts má rekja til sjávarútvegsfyrirtækja. Tekjuskattur útgerðar fiskiskipa og útgerðar smábáta hækkaði samtals um hátt í 2,3 milljarða frá árinu áður. Þá jókst tekjuskattur í framleiðslu um 1,5 milljarða

þannig að 19,7% hækkingarinnar var í framleiðslu, nánar tiltekið í álframleiðslu. Tekjuskattur álframtækja jókst um 1,2 milljarða á milli ára þannig að 15,9% aukningar tekjuskatts kemur úr álinu.

Þá vekur nokkra athygli að byggingariðnaðurinn virðist vera að rétta úr kútnum. Fyrirtæki í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð greiddu 2,8 milljarða í

tekjuskatt sem var 891,5 milljónum eða 46,7% meira en í fyrra. Byggingariðnaður greiddi um 4,4% tekjuskatts lögaðila en um 11,5% aukningarinnar var í byggingariðnaði. Það vekur einnig athygli að um 12,4% aukningar tekjuskatts kemur frá félögum sem eru skráð sem rafmagns, gas og hitaveitur. Fyrirtæki í þessari atvinnugrein greiddu tæpum 962 milljónum

meira í tekjuskatt árið 2015 en árið áður þannig að um 12,4% hreinnar aukningar tekjuskatts kemur úr þessari grein.

Eftir stærð fyrirtækja


Stór hluti tekjuskatts er lagður á og greiddur af fáum fyrirtækjum. Nú voru lagðir 24,3 milljarðar á þau 10 fyrirtæki sem mest var lagt á. Um 38,2% tekjuskatts fyrirtækja voru því lögð á 0,03% tekjuskattsskyldra félaga. Þá greiddu 20 stærstu fyrirtækin í landinu 29,2 milljarða þannig að 45,8% tekjuskattsins er greiddur af aðeins 20 þeirra 39.813 félaga sem eru skráð og gjaldskyld. 50 stærstu fyrirtækin greiddu samtals rúman helming eða 34,5 milljarða sem var um 54,1% álagðs tekjuskatts. Rúmur helmingur tekjuskattsins var þannig greiddur af 50 fyrirtækjum eða ríflega 0,13% fyrirtækja. Hundrað stærstu fyrirtækin greiddu 59,2% álagðs tekjuskatts. Á hinn bóginn voru 40,8% tekjuskatts lögð á 39.713 fyrirtæki eða 99,7% fyrirtækjanna.

Laun og tryggingagjald

Tryggingagjald er lagt á allar tegundir launa og þóknana fyrir starf. Ekki skiptir máli hvort að greitt er í fríðu eða með vöru- eða vinnuskiptum. Þá er einnig greitt tryggingagjald af lífeyrissjóðgjaldi og mótfamlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð. Tryggingagjald er þannig hluti af launakostnaði fyrirtækja og því er ekki fyllilega ljóst hvort að gjaldið er í reynd borið af launþegnum eða atvinnurekandanum. Það má ætla að atvinnurekendur séu tilbúnir að ráða fólk í vinnu gegn ákveðnu gjaldi. Því ætti það ekki að skipta máli fyrir launagreiðandann hvernig launakostnaður skiptist á milli launa, staðgreiðslu og launatengdra gjalda. Sé tryggingagjald hækkað minnkar áhugi atvinnurekenda á því að ráða til sín fólk. Launamaðurinn er á sama hátt tilbúinn að selja atvinnurekandanum starfskrafta sína við ákveðnu verði sem er það sem hann fær greitt eftir að búið er að greiða alla skatta og bætur. Lækki endurgjaldið minnkar áhugi launamanna á því að selja starfskrafta sína. Það er þannig ekki alveg ljóst hvort að tekjuskatturinn eins og aðrir skattar á launafólk er borinn af atvinnurekandanum eða launamanninum. Sennilega væru fleiri tilbúnir að selja vinnu sína fyrir 300 þús. kr. í vasann frekar en 500 þús. kr. og fá ekki nema 200 þús. kr. greiddar. Á sama hátt og það er

Milljarðar


Tryggingagjaldsstofn



Tryggingagjald er lagt á allar tegundir launa og endurgjald fyrir vinnu sem og lífeyrissjóðgjald og mótfamlag launagreiðanda í lífeyrissjóð. Tryggingagjaldsstofn endurspeglar því vel atvinnuástandið í landinu. Stofninn hækkaði mikið á 10. áratugnum og fram að hruni. Árið 2007 var tryggingagjaldsstofn 1.122 milljarðar. Stofninn lækkaði um 253,2 milljarða eða 22,6% fram til ársins 2010 þegar botninum var náð. Kaupmáttur launamanna í landinu rýrnaði um tæpan fjórðung á þessum tíma. Síðan hafa launagreiðslur aukist og tryggingagjaldsstofn hækkað um tæpa 118,5 milljarða eða 13,6%. Enn vantar tæpa 134,8 milljarða upp á að tryggingagjaldsstofn nái sömu hæðum.

Milljarðar

Tryggingagjald




Tryggingagjald er lagt á tryggingagjaldsstofn. Gjaldið er flatur skattur og breytist því eins og stofninn nema því sé breytt. Tryggingagjald hækkaði mikið í hrininu þegar atvinnuleysi stórkjóst. Meðaltryggingagjald hækkaði úr 5,35% árið 2007 í 8,67% árið 2010, eða um 61,9%. Á þessum tíma lækkaði tryggingagjaldsstofn um 22,6% en tekjur af tryggingagjaldi hækkuðu aftur á móti um 25,4%. Síðan hefur gjaldið lækkað niður í 7,6% og tryggingagjald hefur því ekki hækkað jafn mikið og stofninn.

ekki að fullu ljóst hvernig kaupmaðurinn og viðskiptavinir hans skipta með sér tollum og gjöldunum sem lögð eru á vörur eða þjónustu. Það má ætla að fæstir séu tilbúnir að greiða uppsett verð fyrir hvað sem er og því verði kaupmenn að minnka álagninguna eitthvað til að missa ekki af viðskiptum og geti því ekki látið neytandann greiða skattana að fullu.

Tryggingagjald var 7,49% í staðgreiðslu árið 2014 en að viðbættu gjaldi í ábyrgðasjóð launa sem og markaðsgjaldi var staðgreiðsla þessara gjalda 7,59%. Af launum sjómanna á fiskiskipum var greidd slysatrygging vegna sjómanna sem var 0,65%. Tryggingagjaldið var því 7,59% til 8,24%.


Tryggingagjald tók nokkrum breytingum frá álagningu í fyrra en almennt

Breyting á tryggingagjaldi og tryggingagjaldsstofni



Árið 2008 lækkaði tryggingagjaldsstofn og tekjur af tryggingagjaldi um 4,5%. Þarna var meðaltryggingagjald 5,35%. Tryggingagjaldsstofn lækkaði um 17,7% árið 2009 og aftur um 1,5% árið 2010. Tryggingagjald lækkaði hins vegar um 4,9% árið 2009 en það hækkaði um 38,2% árið 2010. Á þessum tíma var tryggingagjald hækkað mikið til að mæta auknu atvinnuleysi í landinu í kjölfar hrunsins. Árið 2012 hækkaði tryggingagjaldsstofn hins vegar um 1,8% á sama tíma og gjaldið lækkaði um 8,2%. Síðan hefur tryggingagjald lækkað og því hefur gjaldið ekki hækkað jafnmikið og stofninn.

Meðaltryggingagjald



Tryggingagjald samanstendur af almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi. Þá er gjald í ábyrgðarsjóð launa innifalið í gjaldinu. Í gegnum tíðina hefur tryggingagjald verið 5 - 6% en á miðju ári 2009 var atvinnutryggingagjald hækkað úr 0,65% í 2,21% og svo aftur í 3,81% árið 2010. Atvinnutryggingagjald hefur lækkað og var 1,45% árið 2014 en á móti kom að almennt tryggingagjald var hækkað úr 4,54% í 6,04%.

tryggingagjald hækkaði um 0,75 prósentustig eða 14,2% á milli ára. Það var 5,29% af launum árið 2013 en 6,04% árið 2014. Atvinnutryggingagjald lækkaði hins vegar um 0,6 prósentustig eða 29,3%, úr 2,05% í 1,45%. Tryggingagjaldið hækkaði því samtals um 0,15 prósentustig eða 2% á milli árána 2013 og 2014. Gjald í Ábyrgðarsjóð launa lækkaði úr 0,30% í 0,05%. Gjaldið lækkaði um

0,25 prósentustig eða 83,3%. Markaðsgjald var óbreytt 0,05%. Tryggingagjald af launum lækkaði því úr 7,69% í 7,59% eða um 1,3%.

Árið 2014 voru laun, hlunnindi og lífeyrir sem myndar stofn til tryggingagjalds alls 987,9 milljarðar. Tryggingagjaldsstofn hækkaði um 52,5 milljarða eða 5,6% að raungildi frá árinu áður. Stofninn hefur hækkað frá ári til árs alls um tæpa 118,5

milljarða eða 13,6% frá árinu 2010. Þá hafði stofninn lækkað um 253,2 milljarða frá árinu 2007. Enn vantar tæpa 134,8 milljarða upp á að stofninn ná sömu stærð og árið 2007 en þá var launakostnaður í landinu um 1.122 milljarðar. Tryggingagjaldsstofn er þó, nú þegar, orðinn tæpum 30 milljörðum stærri en hann var árið 2005 og vantar ekki nema rúma 29,4 milljarða upp á að hann verði jafnstór og hann var árið 2006.

Á tryggingagjaldsstofn var lagður 75,1 milljarður í tryggingagjald. Þótt tryggingagjald sé ekki ýkja hátt eða 7,59% samanborið við tekjuskatt og útsvar sem voru 37,30% til 46,24% þá skilar það engu að síður umtalsverðum fjármunum þar sem gjaldið er flatur skattur sem leggst á öll laun óháð upphæðinni. Í haust lagði ríkisskattstjóri 276,5 milljarða á einstaklinga í tekjuskatt og útsvar sem setur tryggingagjaldið í ákveðið samhengi. Tekjuskattur og útsvar eru þó lögð á tekjuskattstofn en þar eru lífeyrisiðgjöld og mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð ekki talin með. Tryggingagjald er hins vegar aðeins greitt af launum en ekki lífeyri og tryggingabótum eins og tekjuskattur.


Tekjur af tryggingagjaldi jukust nú um rúma 2,9 milljarða eða um 4,1%. Meðalgjald í álagningu 2013 var 7,72% en nú var meðalgjaldið 7,6%. Mismunurinn er 1,46% sem skýrir það af hverju gjaldið hækkar ekki jafnmikið og stofninn. Þar sem um flatan skatt er að ræða ætti gjaldið að óbreyttu að fylgja stofninum. Gjaldinu hefur hins vegar oft verið breytt og því hefur það ekki fylgt stofninum í gegnum tíðina.

Það er sérstaklega áhugavert að sjá hvernig gjaldið þróaðist í hrininu. Árið 2008 fylgdi gjaldið stofninum sem lækkaði um 4,48% á milli ára. Árið 2008 lækkaði stofninn um 17,7% á sama tíma og tryggingagjaldið lækkaði um 4,9%. Árið 2010 hækkaði tryggingagjaldið um 38,2% á sama tíma og stofninn lækkaði um tæp 1,5%. Árið 2012 hækkaði stofninn aftur um 1,8% á sama tíma og tekjur af gjaldinu minnkuðu um 8,2%. Síðan hefur stofninn vaxið hraðar en tekjur af gjaldinu.

Skipting tryggingagjalds eftir atvinnugreinum

Lögaðilar í opinberri stjórnsýslu, varnarmálum og almennatryggingum greiða nú 19,5 milljarða í tryggingagjald, sem er um 972 milljónum meira en í fyrra. Þetta eru 26% álagðs tryggingagjalds. Ríki og sveitarfélög eru umsvifamest en 98 lögað-

Skipting tryggingagjalds



Tryggingagjald er lagt á laun óháð því hvort tap eða hagnaður er af rekstrinum. Öll fyrirtæki sem eru með launað starfsfólk eiga því að skila tryggingagjaldi af launum. Fyrirtæki í almennri stjórnslu og löggjöf greiða rúman fjórðung allra launa í landinu eða 25,7%. Hér er um að ræða 98 launagreiðendur sem greiða samtals 19,3 milljarða í tryggingagjald. Þá voru 2,9 milljarðar eða 3,9% launa í landinu greidd af fyrirtækjum í atvinnugreininni frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra. 173 fyrirtæki voru skráð í greinina. Önnur fjármálafyrirtæki greiddu 2,7 milljarða eða 3,6% launa og þá voru 2,4 milljarðar eða 3,2% tryggingagjalds lögð á útgerð fiskiskipa. Slysafyrirtæki greiddu af launum sjómanna 0,65% og því greiðir útvegurinn aðeins hærra tryggingagjald en aðrir atvinnuvegir. Byggingariðnaðurinn, áætlunarflug og veitingahús greiddu hver um sig um 1,5 milljarða eða 2% tryggingagjalds, samtals 5,9%. Þessar sjö atvinnugreinar greiddu um 31,8 milljarða eða 42,3% launa og tryggingagjalds árið 2014. Um 7% fyrirtækja eru í þessum atvinnugreinum.

Það er eins með tryggingagjaldið og tekjuskattinn að það eru mjög fá fyrirtæki og stofnanir sem greiða bróðurpart gjaldsins. Tíu stærstu launagreiðendurnir greiða samtals 26,3% tekjuskattsins og 20 stærstu launagreiðendurnir greiða samanlagt hátt í þriðjung allra launa í landinu eða 31,3%. Þá greiða 50 launagreiðendur um 40% launa og tryggingagjalds. Hundrað fyrirtæki og stofnanir greiða tæpan helming launa í landinu eða 49,4%. Því greiða 99,8% fyrirtækja á skattgrunnskrá um 50,6% tryggingagjalds af launum.

ilar í almennri stjórnslu og löggjöf greiddu tæpa 19,3 milljarða í tryggingagjald.

Þá greiða fyrirtæki í framleiðslu nú 10,7 milljarða í tryggingagjald sem var 173 milljónum eða 1,6% meira en fyrir ári. Fyrirtæki í þessari atvinnugrein greiða um 14,2% tryggingagjaldsins en þar af greiða fyrirtæki í frystingu fiskafurða, lindýra og krabbadýra 2,9 milljarða í tryggingagjald sem var um 3,9% álagðs

tryggingagjalds. Önnur fjármálafyrirtæki greiða 2,7 milljarða sem voru um 3,6% tryggingagjalds í landinu og útgerð fiskiskipa greiddi tæpa 2,4 milljarða eða 3,2% álagðs tryggingagjalds. Byggingariðnaður greiddi 1,5 milljarða sem voru 2% af því er lagt á fyrirtæki, ívið meira en fjögur fyrirtæki sem eru skráð í atvinnugreinina farþegaflutningar með áætlunarflugi greiða. Þá greiða 494 veitingastaðir 1,3 milljarða

í tryggingagjald sem var 1,8% af því sem var lagt á. Álframleiðsla greiðir 1,1 milljarð í tryggingagjald sem var um 1,5% tryggingagjaldsins.

Breyting á milli ára

Tryggingagjaldið hækkaði samtals um tæpa þrjá milljarða á milli ára, eða 4,1%. Um 27,8% hækkanar tryggingagjalds má rekja til almennar stjórnslu og lög-

Opinber gjöld lögaðila 2001 til 2014															Breyting
Rekstrarár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2013-2014
Tekjuskattur	19.596	26.111	25.011	42.001	58.825	67.766	58.746	44.874	35.106	41.794	46.115	47.018	55.971	63.754	7.783 13,9%
Fjármagnstekjuskattur	266	2.212	2.206	526	10.579	542	2.359	1.800	1.447	1.412	1.521	1.155	1.536	1.440	-96 -6,2%
Búnaðargjald	186	352	203	224	290	169	156	172	190	202	208	227	213	221	8 3,8%
Jöfnunargjald alþjónustu	96	54	49	55	52	38	59	329	52	45	46	47	45,7	46,5	0,8 1,7%
Iðnaðarmálgjald	407	436	467	489	525	603	688	608	508						
Útvarpsgjald								690	658	719	658	660	676	641	-35 -5,2%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki										1.127	1.144	1.084	35.313	33.657	-1.656 -4,7%
Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki											2.442	2.314			
Sérstakt gjald á lifeyrissjóði											1.682				
Fjársýsluskattur												2.735	3.503	2.895	-608 -17,3%
Sérstakur fjársýsluskattur												1.782	13.123	6.023	-7.099 -54,1%
Tryggingagjald*	39.216	41.675	48.322	48.764	55.118	59.091	60.062	57.352	54.566	75.312	75.806	70.364	72.180	75.120	2.940 4,1%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar										508	835	943	1.008	1.017	9 0,8%
Samtals	64.537	73.193	78.758	94.766	125.389	128.209	122.069	105.826	92.527	120.611	129.624	127.386	182.559	183.796	1.237 0,7%
Fjöldi gjaldenda															Breyting
Tekjuskattur	7.930	10.190	11.393	13.206	14.693	15.121	16.184	15.897	16.995	15.006	15.240	15.751	16.332	17.405	1.073 6,6%
Fjármagnstekjuskattur	88	83	75	82	89	172	191	234	265	301	374	447	583	605	22 3,8%
Búnaðargjald	217	293	312	320	371	409	446	489	530	574	607	615	651	690	39 6,0%
Jöfnunargjald alþjónustu	30	20	19	39	41	35	41	38	41	41	47	44	52	59	7 13,5%
Iðnaðarmálgjald	4.444	4.772	5.204	5.497	5.691	6.101	6.315	6.264	6.198						
Útvarpsgjald								31.629	32.444	34.890	32.002	33.424	34.547	35.995	1.448 4,2%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki										19	20	17	9	11	2 22,2%
Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki											20	17			
Sérstakt gjald á lifeyrissjóði											35				
Fjársýsluskattur												160	143	152	9 6,3%
Sérstakur fjársýsluskattur												6	9	10	1 11,1%
Tryggingagjald*	11.293	12.850	13.911	14.401	15.414	15.910	16.697	16.860	16.461	16.527	16.838	16.973	17.559	17.919	360 2,1%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar										50	70	84	93	94	1 1,1%
Fjöldi gjaldskyldra félaga	18.866	21.699	23.621	26.043	27.637	30.098	32.868	34.195	35.709	36.837	37.243	38.190	38.773	39.813	1.040 2,7%

* Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.

gjafar. Þá vekur nokkra athygli að 6,6% aukningarinnar var í byggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Byggingariðnaðurinn greiddi um 1,5 milljarða í tryggingagjald 195 milljónum meira en fyrir ári og um 2% launa í landinu. Hér er um að ræða 14,5% aukningu á milli ára. Sömu sögu er að segja af veitingageiranum en tryggingagjald í greininni hækkaði um 167 milljónir eða 13,9% sem voru um 5,7% aukningar tryggingagjalds. Það kemur e.t.v. á óvart að 297 fyrirtæki sem starfa við hugbúnaðargerð greiddu rúman milljarð í tryggingagjald, sem var nú 154 milljónum eða 16,8% meira en fyrir ári. Það má því rekja 5,2% hækkunar tryggingagjalds til þessarar greinar. Hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu greiða 913 milljónir, 117 milljónum meira en í fyrra sem var aukning um

14,6% og um 4% heildarhækkunarinnar á milli ára.

Þá var einnig nokkur uppgangur í fluginu. Farþegaflutningar með áætlunarflugi greiddu 108 eða 7,7% milljónum meira í tryggingagjald en fyrir ári. Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi greiddi 96 milljónum meira en fyrir ári sem var 11,9% meira en fyrir ári. Á hinn bóginn virðist vera minni vinna í sjávarútveginum. Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra greiddi 263 milljónum eða 8,2% minna í tryggingagjald en fyrir ári og útgerð fiskiskipa greiddi 133 milljónum eða 5,3% minna.

Eftir stærð fyrirtækja

Það er eins með tryggingagjaldið og tekjuskattinn að tiltölulega fá fyrirtæki

greiða bróðurpart gjaldsins. Tryggingagjaldið er lagt á laun þannig að tiltölulega fáir lögaðilar greiða bróðurpart launa í landinu. Í álagningunni nú voru 19,7 milljarðar eða 26,3% heildarálagningarinnar lagðir á þá 10 lögaðila sem mest var lagt á. 20 félög greiða tæpan þriðjung eða 31,3% álagningarinnar og stærstu 50 félögin greiða samtals rúma 30 milljarða sem var um 40% álagningar tryggingagjalds. 100 stærstu launagreiðendurnir greiddu 37,1 milljarða sem var 49,4% álagningarinnar. Þetta segir manni að 100 launagreiðendur greiða meira en þrjá fjórðu hluta allra launa í landinu. Það er aftur áhugavert að 54.955 lögaðilar eða 99,8% lögaðila á skattgrunnskrá greiddu samtals 50,6% tryggingagjaldsins. Það eru þau fyrirtæki sem ekki töldust til 100 stærstu greiðenda tryggingagjalds.

Yfirfæranlegt tap

Fyrirtæki sem rekin eru í ágóðaskyni geta flutt tap ársins yfir til næsta árs og nýtt það á móti hagnaði komandi ára, ólíkt hagnaðinum sem er skattlagður á því ári sem hann myndast. Fyrirtæki sem rekin eru með tapi geta því ekki fengið skattinn sem þau hafa þegar greitt endurgreiddan til að fleyta sér í gegnum kreppuna fram að næsta góðári. Fyrirtæki sem er rekið með tapi eitt árið og hagnaði hitt greiðir því minni skatt en fyrirtæki sem er rekið með hagnaði eitt árið og tapi hitt. Þetta er ekki ósvipað því sem gerist með einstaklinga þar sem tekjur eru skattlagðar á hverju ári. Fólki sem kemst í stöku uppgrip þarf því oft að greiða hærri skatt af sömu fjárhæð þegar til lengri tíma en ársins er litið heldur en þeir sem fá naumt skammtaðan lífeyri greiddan í nokkur ár.


Eðli rekstrar er þó yfirleitt þannig að nokkurn tíma tekur að koma rekstrinum á legg og því safna fyrirtæki oft tapi fyrstu árin áður en þau ná einhverri fötfestu og fara að skila eigendum sínum hagnaði. Strangar reglur gilda hins vegar um meðferð yfirfæranlegs taps. Fyrirtæki sem rekið er með tapi getur t.d. ekki greitt út arð fyrr en búið er að jafna tapið á móti þeim sjóðum sem greiða má úr.

Uppsafnað yfirfæranlegt tap félaga jókst hægt og bitandi undir lok tíunda áratugarins og í upphafi fyrsta áratugarins. Það var 171,2 milljarðar árið 1998 sem voru þá um 13,9% af landsframleiðslu og 3,6 meira en skattskyldur hagnaður fyrirtækja. Það jókst mjög mikið árið 2000, um 71,7 milljarða eða 40,6%. Það jókst svo aftur um 84,6 milljarða ári síðar eða um 34%. Árið 2004 stóð yfirfæranlegt tap í 300,8 milljörðum og hafði þá aukist um tæpa 126,4 milljarða eða 72,4% frá árinu 1997. Árin 1997 til 2004 högnuðust fyrirtæki samanlagt um tæpa 835 milljarða. Yfirfæranlegt tap var þá um 17,7% af landsframleiðslu en hafði lækkað nokkuð með hliðsjón af skattskyldum hagnaði og var þá 1,5 sinnum meira hagnaður.

Mikil aukning tapsins var að miklu leyti bundin við fjárfestingafélög sem voru þarna farin að hasla sér völl og tefldu sum nokkuð djarft. Tapið jókst svo mjög skart fram til ársins 2007 og stóð þá í 943,4 milljörðum. Það var aftur orðið 2,4 sinnum meira en skattskyldur hagnaður og 46,2% af landsframleiðslu.

Það er einkennandi fyrir íslenskt atvinnulíf hvað það er fábrotið. Nokkrar atvinnugreinar skipta sköpum fyrir

Yfirfæranlegt tap



Yfirfæranlegt tap félaga jókst jafnt og þétt í byrjun tíunda áratugarins þegar alþjóðleg fjárfestingarfélög fóru að hasla sér völl hér á landi. Þótt yfirfæranlegt tap hafi aukist mikið á þessum árum þá er óhætt að segja að það hafi verið smámunir miðað við það sem síðar varð. Yfirfæranlegt tap skv. skattframtölum í október jókst um tæpar sex billjónir á árunum 2007 til ársins 2011. Yfirfæranlegt tap er bundið við fá fyrirtæki og því skiptir sköpum hvort öll stærstu fyrirtækin séu búin að skila framtali þegar lagt er á. Sé yfirfæranlegt tap skoðað með áorðnum breytingum sést að tapið hefur í reynd verið umtalsvert hærra en í álagningu í október. Yfirfæranlegt tap var t.d. rúmir 9.000 milljarðar árið 2011 eða rúm fimmföld landsframleiðsla. Það lítur út fyrir að tapið hafi minnkað eitthvað frá þeim tíma.

þjóðarhag og síðan skipta yfirleitt nokkur fyrirtæki sköpum fyrir hverja atvinnugrein. Hagur landsmanna veltur því að miklu leyti á því hvernig þessum fyrirtækjum vegnar. Árið 2008 féllu stóru bankarnir og nokkur fjárfestingafélög. Þetta áfall gerbreytti stöðunni fyrir landið. Yfirfæranlegt tap jókst mikið í kjölfarið.

Árið 2008 var yfirfæranlegt tap rúmar tvær billjónir eða tæpum 5% meira en landsframleiðsla og rúmlega sjöfalt meira en skattskyldur hagnaður fyrirtækja það árið. Ári síðar, á framtali 2010, var það orðið 6.128,2 milljarðar, þreföld landsframleiðsla og tæpum þriðjungi betur.

Yfirfæranlegt tap félaga skv. þeim skattframtölum sem búið var að skila fyrir álagningu í október 2015 var rúmar 7,4 billjónir eða 7.436,4 milljarðar. Það var um 3.893,2 milljörðum hærra en í október 2014 og 1.028,8 milljörðum hærra en á sama tíma árið þar áður. Hér verður að hafa í huga að yfirfæranlegt tap er að miklu leyti bundið við fáein fjármálfyrirtæki. Ef ske kynni að eitt eða tvö þessara félaga skiluðu skattframtali eftir að lagt er á félög gerbreytir það stöðu álagningar þegar miðað er við sama tíma árið áður. Sé hins vegar litið á stöðu álagningar 2014 á tekjur ársins 2013 í byrjun desember 2015 sést að yfirfæranlegt tap árið 2014 var 7.665,5 eða 4.122,6 milljörðum hærra

en það var að lokinni álagningu í október 2014. Yfirfæranlegt tap félaga er nú þegar 18,5 milljörðum hærra en það var um miðjan október.

Þó að tölur um álagningu opinberra gjalda breytist nokkuð fyrstu mánuðina eftir að álagningu lýkur gefa þær þó engu að síður nokkuð góða vísbendingu um það hvað muni verða og hvernig reksturinn hefur gengið á síðasta ári. Þegar um yfirfæranlegt tap er að ræða er málum hins vegar þannig háttað að ef eitt stórfyrirtæki, þrotabú eða eignarhaldsfélag hefur ekki skilað skattskýrslu á réttum tíma þá þarf að hafa það sérstaklega í huga þegar álagningin er metin með hliðsjón af árinu áður og skýringa leitað á því sem hefur breyst frá einu ári til annars.

Eftir að sérstakur skattur var lagður á heildarskuldir fjármálfyrirtækja og þrotabú myndaði tapið skattstofn og í kjölfarið hækkaði yfirfæranlegt tap nokkuð. Það er út af fyrir sig áhugavert að fyrirtæki með efnahagsreikning upp á tugi eða hundruð milljarða, eða jafnvel billjónir, skuli ekki skila skattskýrslu á réttum tíma og að það eitt skuli skýra gríðarlega breytingu á samanlögðu yfirfæranlegu tapi félaga í landinu.

Ef miðað er við stöðuna eins og hún er núna vegna álagningar 2010 þá var tapið rúmar sjö billjónir og 3,7 sinnum meira

en landsframleiðsla. Það lítur út fyrir að tapið hafi náð hámarki árið 2011 skv. skattframtali 2012. Þá var yfirfæránlegt tap um 9.390,1 milljarður sem var rúmlega fimmföld landsframleiðsla. Nú var yfirfæránlegt tap 7.436,4 milljarðar, 24 sinnum meira en skattskyldur hagnaður fyrirtækja og um 3,7 sinnum hærra en landsframleiðsla.

Skipting yfirfæránlegs taps eftir atvinnugreinum

Bróðurpart yfirfæránlegs taps má rekja til félaga sem stunduðu alþjóðlega fjármála- og fjárfestingastarfsemi á góðærisárunum fyrir hrun. Félög sem skráð eru í *fjármála- og váttryggingastarfsemi* áttu 6.771,9 milljarða í yfirfæránlegt tap skv. þeim skattframtölum sem búið var að skila inn fyrir lok álagningar 2015. Það má því rekja að minnsta kosti 91% tapsins til félaga í þessum atvinnugeira.

Ef einstakar atvinnugreinar eru skoðaðar frekar sést að 1.773 félög sem skráð voru í atvinnugreinina *starfsemi eignarhaldsfélaga* áttu rúmar fimm billjónir í yfirfæránlegt tap sem var 67,5% yfirfæránlegs taps félaga. Þá áttu 10 fyrirtæki sem skráð voru í atvinnugreinina *önnur fjármálafyrirtæki* 1.580,2 milljarða sem voru 21,2% yfirfæránlegs taps. Um 88,8% yfirfæránlegs taps mátti rekja til þessara tveggja atvinnugreina. Fyrirtæki í *annarri lánaþjónustu* og 1.592 fyrirtæki í *leigu á atvinnuhúsnæði* áttu 269,5 milljarða í yfirfæránlegt tap sem voru samtals 3,6% af tapinu. Samtals voru fyrirtæki í þessum atvinnugreinum með 92,4% af yfirfæránlegu tapi fyrirtækja. Yfirfæránlegt tap fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum var samtals 564,7 milljarðar.

Breyting á milli ára

Yfirfæránlegt tap félaga skv. skattframtölum 2015 nú var 3.893,2 milljörðum eða 109,9% meira en á sama tíma í fyrra. Skiljanlega má rekja meginhluta breytingarinnar til fyrirtækja í fjármálageiranum. Yfirfæránlegt tap *eignarhaldsfélaga* var 2.380,5 milljörðum minna en í álagningu í fyrra og því má rekja 61,1% aukningarinnar til eignarhaldsfélaga. Ástæðan er sem fyrr segir tengd álagningunni en ekki rekstri fyrirtækjanna. Þá var yfirfæránlegt tap félaga í atvinnugreininni *önnur fjármálafyrirtæki* 1.558,2 milljörðum meira en fyrir ári en 40% breytingarinnar má rekja til þessara fyrirtækja. Yfirfæránlegt tap annarra fjármálafyrirtækja var ekki nema 22 milljarðar í fyrra. Segir þessi breyting

enn sem komið er meira um stöðu skattskila en um rekstur fyrirtækja árið 2014.

Skipting tapsins

Þrátt fyrir að landið hafi á undanförnum árum gengið í gegnum mikla efnahags-erfiðleika þá er yfirfæránlegt tap íslenskra fyrirtækja að mestu leyti bundið við fáein fyrirtæki. Tap annarra fyrirtækja er óverulegt í samanburði við þessi fyrirtæki sem þýðir þó ekki að það sé ekki umtalsvert samanborðið við rekstur fyrirtækjanna.

Þau 10 fyrirtæki sem áttu mest yfirfæránlegt tap áttu rúmar sex billjónir í yfirfæránlegu tapi sem voru um 81,2% yfirfæránlegs taps fyrirtækja. 20 fyrirtæki voru með rúmar 6,5 billjónir í yfirfæránlegt tap eða 87,8% tapsins. Þau 50 fyrirtæki sem áttu mest tap áttu samtals tæpa 6.897,1 milljarð í yfirfæránlegt tap sem voru 92,7% tapsins og 94,7% yfirfæránlegs taps voru hjá þeim 100 fyrirtækjum sem áttu mest tap. Þannig áttu 39.713 eða 99,7% þeirra skattskyldu fyrirtækja sem áttu minnst tap aðeins um 5,3% yfirfæránlegs taps félaga, samtals 394,2 milljarða.

Aðrir skattar og gjöld

Fjármagnstekjuskattur

Lögaðilar sem eru ekki reknir í hagnaðarskyni þurfa að greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum og söluhagnaði eins og einstaklingar. Ríki og sveitarfélög greiða því fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum. Vaxtakostnaður tekjuskattsskyldra fyrirtækja er hins vegar meðhöndlaður eins og hver annar rekstrarkostnaður og fjármagnstekjur eins og hverjar aðrar rekstrartekjur. Þá er lagður 20% eða 36% skattar á hagnaðinn eftir atvikum.

Fjármagnstekjuskattur lögaðila hefur verið fremur stöðugur á undanförnum árum, á bilinu einn til 1,5 milljarðar á ári. Lögaðilar greiða 20% skatt af fjármagnstekjum eins og einstaklingar. Nú voru lagðir rúmir 1,4 milljarðar á lögaðila í fjármagnstekjuskatt sem var 83 milljónum minna en var lagt á í fyrra. Á sínum tíma hafði ríkið talsverðar tekjur af sölu eigna. Ríkið greiddi því sjálfu sér fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði.

Skattar á fjármálafyrirtæki

Allt frá hruni hefur þótt ástæða til að skattleggja fjármálafyrirtæki sérstaklega. Frá álagningu árið 2011 hafa fimm nýir skattar á fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði verið kynntir til sögunnar.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki var lagður á árið 2011 og var 0,041% skattur sem var lagður á heildarskuldir fjármálafyrirtækja skv. skattframtali. Hann var lagður á 19 fjármálafyrirtæki og skilaði þá rúmum 1,1 milljarði í tekjur. Í álagningunni nú var lagður 0,376% skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja umfram 50 milljarða kr. Þá er skatturinn nú einnig lagður á banka í slitameðferð. Skatturinn var lagður á heildarskuldir 11 fjármálafyrirtækja og skilaði nú tæpum 33,7 milljörðum sem var tæpum 1,7 milljörðum minna en í fyrra. Þá var skatturinn lagður á 9 fjármálafyrirtæki. Tekjur af skattinum minnkuðu því um 4,7% á milli ára.

Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki var lögð á árin 2012 og 2013. Viðbótin var 0,0814% skattur sem var lagður á sama gjaldstofn og sérstaki skatturinn. Hún skilaði í kringum 2,4 milljörðum í tekjur hvort árið.


Þá var lagt **sérstakt gjald á lífeyrissjóði** árið 2012. Gjaldið var 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Það var lagt á 35 lífeyrissjóði og skilaði tæpum 1,7 milljörðum króna.

Fjársýsluskattur var fyrst lagður á 2013. Skatturinn er lagður á allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum auk Íbúðalánasjóðs. Skatturinn var 5,45% árið 2013, 6,75% árið 2014 og 5,5% í álagningunni nú. Fjársýsluskattur var nú lagður á 152 fyrirtæki og stofnun, níu fleiri en í fyrra, og skilaði hann tæpum 2,9 milljörðum sem var 608 milljónum minna en í álagningu fyrir ári.


Loks var **sérstakur fjársýsluskattur** tekinn upp árið 2013, á sama tíma og fjársýsluskatturinn. Sérstakur fjársýsluskattur er 6% viðbótartekjuskattur sem er lagður á tekjuskattstofn fjármálafyrirtækja sem greiða fjársýsluskatt. Í álagningu 2014 var ekki tekið tillit til samsköttunar og yfirfæránlegs taps. Skatturinn hækkaði þá úr tæpum 1,8 milljörðum í 13,1 milljarð. Sérstakur fjársýsluskattur skilaði nú tæpum 7,1 milljarði minna en í álagningu 2014, sem er lækkun um 54,1%.

Tæpir 42,6 milljarðar voru nú lagðir á fjármálafyrirtæki sem var tæpum 9,4 milljörðum minna en fyrir ári. Frá árinu 2011 hafa samtals verið lagðir 108,8 milljarðar á fjármálafyrirtæki í sérstaka skatta. Tæpur fjórðungur eða 23,2% álagningar lögaðila eru nú sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki, þ.e. 42,6 milljarðar af tæpum 183,8 milljörðum.


Skipting yfirfæranlegs taps



Hlutfall fyrirtækja



Hlutfall yfirfæranlegs taps



Bróðurpartur yfirfæranlegs taps er bundinn við ákveðnar atvinnugreinar og fáein fyrirtæki innan þessara atvinnugreina. Eignarhaldsfélög sem munu greiða stóran hluta tekjuskatts áttu rúma 5.022 milljarða eða um 67,5% yfirfæranlegs taps félaga. Árið 2014 voru 3.133 félög skráð í greinina eða um 7,8% félaga. Þá áttu 20 fjármálafyrirtæki 1.580 milljarða í yfirfæranlegu tapi sem voru um 21,2% yfirfæranlegs taps félaga. Þannig að um 88,8% yfirfæranlegs taps félaga voru í þessum tveimur atvinnugreinum. Lánaþjónusta og leiga á atvinnuhúsnæði eiga líka talsvert tap, 154 og 115 milljarða eða 2,1% og 1,5% af heildar-tapinu. Átta félög starfa í annarri lánaþjónustu og 3.406 félög voru skráð í atvinnugreinina leiga atvinnuhúsnæðis. Þetta eru um 8,6% félaga á skattgrunnskrá. Heildverslun með lyf og lækningavörur voru með 99 milljarða í yfirfæranlegu tapi en 62 félög starfa í greininni. Samtals voru um 93,7% yfirfæranlegs taps í þessum fimm atvinnugreinum.

■ 1-10 ■ 11-20 ■ 21-50 ■ 51-100 ■ 101-500 ■ >501

Fá fyrirtæki eiga bróðurpart taps félaga. Þau 10 fyrirtæki sem eiga mest tap áttu samanlagt 6.034,7 milljarða af því 7.436,4 milljarða tapi sem fyrirtæki fluttu til næsta árs. Um 81,2% tapsins voru því hjá 10 fyrirtækjum. Þá voru 87,8% tapsins hjá þeim 20 fyrirtækjum sem áttu mest tap og 92,2% tapsins voru hjá 50 fyrirtækjum. Þessi fyrirtæki höfðu tapað 6.897,1 milljarði í viðskiptum á síðustu árum og flutt tapið yfir til næsta árs. Þau 100 fyrirtæki sem áttu mest tap áttu samtals 94,7% tapsins. Hin 99,7% fyrirtækin áttu 5,3% tapsins.

Önnur gjöld

Búnaðargjald er 1,2% af heildarveltu búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöru-framleiðendum. Nú var 221 milljón lögð á lögaðila í landbúnaði sem var um átta milljónum meira en fyrir ári. Gjaldið var lagt á 690 lögaðila, 39 fleiri en í fyrra. Það er athyglisvert að mun fleiri lögaðilar starfa nú í landbúnaði en um aldamótin síðustu. Búnaðargjald var lagt á 215 búvöruframleiðendur árið 2001 sem þýðir

að þeim hefur fjölgað um ríflega 220% á 14 árum. Vafalaust skiptir hér miklu að bændur, eins og aðrir, hafa talið hagkvæmt að stofna hlutafélög um bú sín.

Jöfnunargjald alþjónustu er 0,1% gjald sem er lagt á veltu af fjarskipta-starfsemi. Gjaldið var nú lagt á 59 félög, sjö fleiri en fyrir ári og skilaði það 47 milljónum, eða um 800 þús. kr. meiru en fyrir ári. Fyrirtækjum í þessari grein hefur

fjölgað nokkuð á undanförunum árum. Jöfnunargjald var lagt á 19 félög árið 2004.

Útvarpsgjald hefur verið lagt á lögaðila síðan 2009. Útvarpsgjald var nú 17.800 kr. en í fyrra var einstaklingum og lögaðilum gert að greiða 19.400 kr. í útvarpsgjald og hefur gjaldið því lækkað að raungildi um 1.757 kr. eða um 9% á milli ára. Samanlagt lækkuðu tekjur af gjaldinu um 35 milljónir eða 5,2%. ■

Staðgreiðsla 1988 - 2015

Milljarðar

120

100

80


60

40

20


Fram til ársins 1987 voru skattar taldir fram og greiddir árið eftir að teknanna var aflað. Urðu menn þá að passa sig á að eiga fyrir skattinum þegar hann var lagður á. Árið 1988 var hins vegar tekin upp staðgreiðsla af launum og öðrum tekjuskattsskyldum greiðslum. Atvinnurekendur og aðrir launagreiðendur skila því staðgreiðslu af öllum staðgreiðsluskyldum greiðslum en hér er um að ræða laun og hlunnindi, reiknað endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, lífeyri, greiðslur Tryggingastofnunar og atvinnuleysisbætur. Skattur er þá dreginn af launum um leið og þau eru greidd.

Á fyrstu árum staðgreiðslunnar jukust staðgreiðsluskyldar greiðslur lítið en um miðjan 10. áratuginn fór í hönd vaxtarskeið og jukust tekjur að heita má nær óslitið fram í byrjun árs 2008. Árið 2008 markaði samdráttarskeið sem stóð til ársloka árið 2010. Síðan þá hafa staðgreiðsluskyldar greiðslur hækkað nær óslitið frá mánuði til mánaðar.



Frá janúar og fram í nóvember í ár hafa launagreiðendur greitt 1.104,6 milljarða í staðgreiðsluskyldar greiðslur sem er 60,8 milljörðum eða 5,8% meira að raunvirði en á sama tíma fyrir ári. Undanfarin ár hefur verið búið að greiða um 90,1% greiðslanna í nóvember. Ef að líkum lætur má því ætla að staðgreiðsluskyldar greiðslur verði rúmir 1.200 milljarðar á þessu ári eða um 70 milljörðum hærri að raungildi en árið 2014.

PK




Velta í virðisaukaskatti 2015

Frá árinu 1948 var lagður söluskattur í einni eða annarri mynd á verslun í landinu en árið 1960 var tekinn upp almennur söluskattur. Söluskattur var lagður á vöru á síðasta stigi viðskiptanna, þannig að endanlegur neytandi bar skattinn. Árið 1990 var svo tekinn upp virðisaukaskattur sem lagður er á alla vöru og þjónustu á öllum stigum viðskiptanna, þ.e. frá hráefnisframleiðslu til sölu til endanlegs neytanda. Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu innheimta virðisaukaskatt, útskatt, en fá virðisaukaskatt, innskatt, sem þeir hafa greitt af aðföngum endurgreiddan og greiða þannig í ríkissjóð aðeins mismun á innheimtum útskatti að frádregnum innskatti. Virðisaukaskatturinn er því borinn af þeim sem kaupa vöru eða þjónustu til endanlegra nota enda hafa þeir ekki frádráttarrétt. Ýmis þjónusta sem er yfirleitt veitt af hinu opinbera, s.s. menntun, menning, samgöngu- félags- og heilbrigðismál ber yfirleitt ekki virðisaukaskatt. Þá ber fjármálaþjónusta heldur ekki virðisaukaskatt. Virðisaukaskattur er ekki lagður á við út-

flutning en hann er hins vegar lagður á innflutning í tolli. Útflytjendur fá virðisaukaskatt af aðföngum endurgreiddan, þ.e. innskatt, og því skila þeir virðisaukaskattsskýrslum til ríkisskattstjóra.


Velta í þjóðfélaginu segir nokkuð um umsvif efnahagslífsins á hverjum tíma. Á fyrstu árum virðisaukaskattskerfisins jókst velta fremur hægt en um miðjan 10. áratuginn tók efnahagslífið við sér. Virðisaukaskattsskyld velta náði hámarki árin 2007 og 2008 og var þá rúmir 3.727 milljarðar á núvirði. Virðisaukaskattsskyld velta minnkaði nokkuð í hruninu en á móti kom að velta undanþegin virðisaukaskatti, þ.e. útflutningur, jókst þegar íslenska krónan lækkaði. Frá árinu 2009 hefur velta í þjóðfélaginu aukist ár frá ári.



Virðisaukaskatti er almennt skilað sex sinnum á ári. Skattskyldir aðilar hafa einn mánuð og fimm daga til að skila virðisaukaskattsskýrslum fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil. Virðisaukaskattsskýrslum fyrir tímabilið september til október er því skilað í byrjun desember. Nú í desember var búið að skila virðisaukaskattsskýrslum fyrir fjögur tímabil eða fyrstu átta mánuði ársins 2015. Þessa fyrstu átta mánuði ársins seldu íslensk fyrirtæki vöru og þjónustu fyrir 2.495 milljarða sem var

219 milljörðum eða 9,6% meira að raungildi en fyrir sömu fjögur tímabil ársins 2014. Undanfarin ár hefur verið búið að skila virðisaukaskattsskýrslum fyrir um 64,5% ársveltunnar á þessum tíma. Ef að líkum lætur má því ætla að virðisaukaskattsskyld- og undanþegin velta verði rúmir 3.800 milljarðar eða hátt í 300 milljörðum meiri að raungildi en árið 2014. Ef sú verður raunin verður velta skv. virðisaukaskattsskýrslum um 8% meiri en í fyrra og hefur þá aldrei verið meiri.

PK



Mismunandi félagaform

Skammstöfun	ehf.	hf.	ohf.	slhf.
Félagaform	Einkahlutafélag	Hlutafélag	Opinbert hlutafélag	Samlags- hlutafélag
Lýsing	Einkahlutafélag er vinsælasta rekstrarformið enda hentar það vel fyrir minni rekstur og félög í eigu eins eða fárra aðila.	Hlutafélagaformið er aðallega notað hjá mjög stórum félögum og skráðum félögum á skipulögðum verðbréfamarkaði.	Félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint. Ohf. fylgir annars sömu reglum og hlutafélag.	Samblanda af samlagsfélagi og hlutafélagi – hefur notið aukinna vinsælda síðustu ár.
Lágmarksfjöldi stofnenda				
Ábyrgð	Takmörkuð ábyrgð	Takmörkuð ábyrgð	Takmörkuð ábyrgð	A.m.k. 1 aðili með takmarkaða ábyrgð og a.m.k. 1 með ótakmarkaða ábyrgð
Skattaðili	Alltaf sjálfstæður skattaðili	Alltaf sjálfstæður skattaðili	Alltaf sjálfstæður skattaðili	Getur verið bæði sjálfstæður og ósjálfstæður skattaðili
Skil á ársreikningi	Skilar ársreikningi til ársreikningaskrár	Skilar ársreikningi til ársreikningaskrár	Skilar ársreikningi til ársreikningaskrár	Skilar ársreikningi til ársreikningaskrár
Lágmarks hlutafé	500.000	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Skráningargjald frá 1. jan. 2016	130.800	256.300	256.300	256.300
Skráð félög í nóvember 2015	34.298	713	14	68

Til er fjöldi mismunandi félagaforma sem öll hafa ólíka eiginleika. Sum félög getur einstaklingur stofnað einn meðan önnur krefjast þess að tveir eða fleiri taki sig saman um að stofna félag. Sum eru ekki með neitt stofnfé meðan önnur krefjast hárna framlaga frá stofnendum strax við stofnun félags. Eigendur geta verið með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð og félagaform ræður því einnig hvort félag getur verið sjálf-

stæður eða ósjálfstæður skattaðili. Einnig getur skráningargjald verið misjafnt eftir félagaformi. Allt getur þetta haft áhrif þegar kemur að því að velja sér félagaform við hæfi og mikilvægt er að vanda valið í upphafi því í sumum tilfellum getur verið flókið og kostnaðarsamt að skipta um félagaform. Hér má sjá yfirlit yfir helstu félagaform sem skráð eru ásamt eiginleikum þeirra.

BG

sf.	slf.	svf.	ses.	
Sameignarfélag	Samlagsfélag	Samvinnufélag	Sjálfs eignastofnun í atvinnurekstri	Sjóður eða stofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá
Sameignarfélag er vinsælt rekstrarform utan um sameignir hópa, t.d. sumar-bústað, landareignir og fl.	Vinsælt rekstrarform hjá lögmönnum, læknum og fleiri sérfræðingum.	Var mjög vinsælt hér áður fyrr en lítið notað í dag.	Fá félög stofnuð á hverju ári en getur hentað vel þegar ólíkir aðilar koma saman að uppbyggingarverkefnum. Félagið á sig sjálft – þ.e.a.s. engir eigendur.	Eina félagaformið sem ekki er skráð hjá RSK heldur hjá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra. Mikið notað fyrir minningarsjóði og styrktarsjóði.
				
Allir eigendur með ótakmarkaða ábyrgð – einn fyrir alla og allir fyrir einn	A.m.k. 1 aðili með takmarkaða ábyrgð og a.m.k. 1 með ótakmarkaða ábyrgð	Takmörkuð ábyrgð félagsmanna	Stofnendur bera enga ábyrgð umfram það að leggja fram stofnfé	Stofnendur bera enga ábyrgð umfram það að leggja fram stofnfé
Getur verið bæði sjálfstæður og ósjálfstæður skattaðili	Getur verið bæði sjálfstæður og ósjálfstæður skattaðili	Alltaf sjálfstæður skattaðili	Alltaf sjálfstæður skattaðili	Alltaf sjálfstæður skattaðili
Skilar ársreikningi til ársreikningaskrár ef ábyrgðaraðili er félag með takmarkaða ábyrgð	Skilar ársreikningi til ársreikningaskrár ef ábyrgðaraðili er félag með takmarkaða ábyrgð	Skilar ársreikningi til ársreikningaskrár	Skilar ársreikningi til ársreikningaskrár	Skilar ársreikningi til ársreikningaskrár
0	0	0 en félagsmenn greiða aðildargjald	1.000.000	1.095.000
89.300	89.300	256.300	130.800	Skráningargjald hjá RSK (fyrir kennitölu) er 5.000 kr. Skráningargjald hjá sýslumanni er 20.700 kr.
2.310	2.153	32	98	508

Eignir og skuldir einstaklinga

Á síðustu tveimur áratugum hefur margt breyst í íslensku samfélagi. Viðhorf manna hafa breyst sem endurspeglast í því hvernig þeir haga lífi sínu og verja tíma sínum og peningum. Fleiri feta menntavegin. Nám er dýrt og því þurfa margir að leita á náðir ættmenna eða taka lán á meðan á því stendur. Fólk er lengur í námi og hefur störf og stofnar fjölskyldu seinna á ævinni. Fleiri eru fráskildir og einhleypir en var fyrir tuttugu árum. Merkilegasta breytingin sem orðið hefur á þessum tíma er sennilega sú sem lýtur að atvinnuþátttöku kvenna, sem hafa sótt sér menntun í auknum mæli og afla nú mun meiri tekna en þær gerðu fyrir 20 árum. Tekjur og eignir landsmanna hafa aukist, sem og skuldir. Þrátt fyrir að Íslendingar í dag afli almennt hærri tekna eru þeir nú skuldugri, eyða meiru og eiga minna en forverar þeirra á sama aldri gerðu fyrir tuttugu árum.

Eignir og skuldir aukast

Á síðustu tveimur áratugum hafa eignir og skuldir einstaklinga vaxið mikið. Landsmenn töldu fram 4.212,9 milljarða í eignir í árslok 2014. Á móti eignum stóðu skuldir upp á 1.767,8 milljarða þannig að skuldlausar eignir voru 2.445,1 milljarður.

Á árabílinu 1994 til 2014 jukust eignir einstaklinga um 2.322,2 milljarða eða 122,8% að raunvirði. Skuldir hafa hækkað um 1.110,8 milljarða eða 169,1% og því hafa skuldlausar eignir aukist um 1.211,5 milljarða á þessum árum eða um 98,2%. Þá hafa ráðstöfunartekjur einstaklinga hækkað um 514,8 milljarða eða 102,9% á þessum tíma. Það ætti því að vera óhætt að fullyrða að landsmenn séu ríkari í dag en þeir voru fyrir tuttugu árum.

Hagstærðir, einar og sér, segja þó að eins hluta sögunnar. Framtaldar tekjur og eignir í skattframtölum einstaklinga eru brúttótölur. Þær segja ekkert um það hverju var til kostað eða hvað var á sig lagt til að afla tekna eða lagt í sölurnar fyrir eignirnar. Að baki tölunum býr flókinn veruleiki sem snertir efnahag ríflega 200 þúsund fjölskyldna sem hver um sig hagar sínum málum eins og hún telur réttast hverju sinni. Tölur á skattframtölum eru afskaplega takmarkaður mælikvarði á það hvernig mönnum farnast. Hjá því verður þó ekki litið að það væri fremur sérstakt ef menn slægju hendinni á móti hærri launum, meiri eignum og minni skuldum.

Eins og gefur að skilja hefur efnahagslegur ábati verið nokkuð mismunandi þegar litið er til ólíkra einstaklinga og þjóðfélagshópa. Margir hafa fallið frá á þessum tíma á meðan aðrir hafa haslað sér völl og komist í álnir. Þótt tekjur og eignir í landinu hafi aukist er ekki hægt að fullyrða að allir hafi það betra nú en

fyrir tuttugu árum, né þá heldur að fólk í sömu eða svipaðri stöðu hafi það jafngott eða betra en forverar þess fyrir 20 árum, alltjént að svo miklu leyti sem tekjur og eignir eru mælikvarði á velsæld.

Þegar litið er yfir síðustu tvo áratugi má greina fimm tímabil eða skeið sem hvert um sig spanna fjögur til sex ár. Á árunum 1992 til 1996 var fremur lítill vöxtur, árin 1996 til 2002 einkenndust af tiltölulega stöðugum vexti. Á góðærisárunum 2002 til 2007 var mjög hraður og mikill vöxtur. Á árunum 2008 til 2010 varð hrúnið. Þá má segja að árin 2010 til 2014 hafi verið ákveðið uppbyggingar- og endurreisnarskeið. Þó að þessi skeið hafi ekki öll verið jafnlöng þá ættu fimm fjögurra ára tímabil engu að síður að ná að lýsa þróuninni á síðustu 20 árum nokkuð vel.

Tíundir

Fremur lítill vöxtur 1994 til 1998

Á árunum 1994 til 1998 jókst auður einstaklinga um 131,1 milljarð. Eignir jukust um 313,7 milljarða en skuldir um 182,5 milljarða. Eins og gefur að skilja er fátítt að tvær fjölskyldur eigi nákvæmlega jafnmikið og skuldi jafnmikið, hvað þá að þær taki jafnmikið að láni til að kaupa sömu eignirnar. Eignaaukningunni var því ekki jafnt skipt. Sumir efndust á þessum tíma á meðan aðrir eyddu um efni fram eða steyptu sér í skuldir.

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að hafa í huga að hér er verið að fjalla um fjölskyldur í skattalegum skilningi, þ.e. alla þá sem skila eignasíðu með skattframtalinu sínu. Einhleyp ungmennti, 16 ára og eldri, sem eru enn á framfæri

foreldra sinna eru því talin sem sjálfstæð fjölskylda. Hjón með tvo unglunga á menntaskólaaldri teljast því sem þrjár sjálfstæðar fjölskyldur þótt að í hefðbundnum skilningi væri litlið á þau sem eina fjölskyldu. Þá er hér verið að fjalla um matsverð eigna og skulda skv. skattframtali einstaklinga en ekki markaðsverð, sem kann að vera nokkuð annað. Hlutabréf eru til að mynda talin fram á nafnverði hlutabréfanna sem er í flestum tilvikum allt annað en markaðsverði fyrirtækjanna sem um ræðir.

Árið 1994 átti tíunda hver fjölskylda meira en 26 milljónir að núvirði í skuldlausum eignum. Hér er um að ræða þá tíund fjölskyldna sem átti mestar eignir umfram skuldir. Þessi tíund fjölskyldna átti þá 674 milljarða í hreina eign sem voru um 54,6% hreinnar eignar landsmanna. Þá átti fimmta hver fjölskylda meira en 16,4 milljónir í skuldlausar eignir og helmingur átti meira en 1,7 milljónir. Helmingur fjölskyldna átti því minna en 1,7 milljónir. Á hinn bóginn skuldaði tíunda hver fjölskylda á þessum tíma meira en 1,7 milljónum meira en hún átti.

Sem fyrr segir jókst auður landsmanna um 131,1 milljarð á árunum 1994 til 1998. Hrein eign ríkustu tíundar framteljenda á þessum tíma jókst um 116,9 milljarða, þannig að 89,2% eignaaukningarinnar hafði orðið hjá ríkustu tíund fjölskyldna.

Árið 1998 þurftu menn að eiga 26,3 milljónir í hreina eign til að teljast til ríkustu 10% fjölskyldna. Miðgildi hafði hins vegar sigið um tæpar 400 þús. kr. en eignamörk þeirra 10% sem mest skulduðu umfram eignir höfðu hækkað um 277 þús. kr. Þeir sem tilheyrðu þessum hópi skulduðu þá samanlagt 90,8 milljarða umfram skuldir sem var 8,4 milljörðum minna en þeir höfðu gert fjórum árum

fyrir. Árið 1994 voru um 8% eigna ríkustu tíundarinnar í skuld en árið 1998 hafði þetta hlutfall hækkað í 10,8%. Skuldir annarra höfðu hækkað úr 51,7% af eignum í 56,5%.


Árið 1998 átti 1% fjölskyldna meira en 78,9 milljónir í skuldlausum eignum. Þessi mörk höfðu þá hækkað um 7,9 milljónir á fjórum árum. Þessar fjölskyldur áttu þá 234,8 milljarða í hreinni eign. Eignir þessa hóps höfðu aukist um 59,1 milljarð á fjórum árum og því var 45,1% aukningar hreinnar hjá ríkasta hundraðshluta fjölskyldna. Hluttur hans í heildareignum landsmanna hafði aukist úr 14,2% árið 1994 í 17,2% árið 1998. Um 9,8% eigna þessa hóps var í skuld árið 1998, samanborið við 4,1% árið 1994.

Það er mikilvægt að halda því til haga að hér er ekki alltaf um sömu einstaklingana að ræða. Sumir auðgast og færast upp fyrir aðra sem falla þá niður eignaröðina. Hér er því verið að bera saman eignir skilgreindra hópa en ekki ákveðinna einstaklinga.


Stöðugur og jafn vöxtur 1998 til 2002

Fjórum árum síðar, árið 2002 hafði auður landsmanna enn aukist um 351,6 milljarða og áttu landsmenn 1.716,3 milljarða í skuldlausum eignum. Eignir höfðu aukist um 618,2 milljarða og skuldir um 266,6 milljarða. Árið 2002 voru skuldir orðnar 1.106,2 milljarðar, eða um 39,2% af eignum en árið 1994 höfðu skuldir verið 34,8% af eignum.

Þau 10% fjölskyldna sem átti mestar skuldlausar eignir áttu nú 993,8 milljarða í hreinni eign, sem var um 57,9% hreinnar eignar landsmanna. Árið 1994 hafði þessi hópur átt 54,6% hreinnar eignar. Hrein eign á þessu eignabili hafði aukist um 202,8 milljarða þannig að um 57,7% eignaaukningarinnar á tímabilinu hafði verið hjá ríkustu tíundinni. Árið 2002 þurfti fólk að eiga 30,8 milljónir í skuldlausum eignum til að teljast til ríkustu tíundarinnar sem var 12,5 milljónum eða 68,3% meira en þurfti til að teljast til auðugasta fimmtungs fjölskyldna og 29,3 milljónum eða 20,4 sinnum meira heldur þurfti til að vera yfir miðgildi. Um 10% landsmanna skulduðu þarna 1,3 milljónum meira en þeir áttu eða meira. Samanlagðar skuldir hópsins voru 102,5 milljörðum hærri en eignirnar. Það sem kalla mætti fátækustu fjölskyldur í landinu skulduðu þarna 270,2 milljarða, sem var talsvert meira en ríkustu fjölskyldurnar sem skulduðu 104,8 milljarða.




Eignir og skuldir einstaklinga jukust mikið á 10. áratugnum og fyrsta áratugi þessarar aldar. Stór hluti eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum. Fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu, breytt fjölskyldumynstur þar sem fleiri búa einir, hærri ráðstöfunartekjur, aukinn tekjumunur, ríkjandi bjartsýni og greiður aðgangur að lánsfé leiddu til aukinnar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði því fleiri voru um hituna. Framboð fasteigna á besta stað jókst hins vegar ekki og verð hækkaði. Skuldir jukust ívið hraðar en eignir, en þar sem eignir voru umtalsvert meiri en skuldir jókst hrein eign einstaklinga.




Frá árinu 2000 til 2007 jókst eigið fé einstaklinga um rúma 1.455,4 milljarða eða 91,6%. Þó að hlutaþréf og aðrar eignir hafi hækkað í verði þá er bróðurpartur eigna einstaklinga bundinn í fasteignum sem hækkuðu ár frá ári á 10. áratugnum og fram að hrúni. Þeir sem áttu fasteignir högnuðust á meðan verð á fasteignum hækkaði hraðar en lánin. Þeir sem keyptu fasteignir þurftu að leggja meira af eigin fé í kaupin og fá meira að láni til að greiða fyrir eignirnar sem höfðu hækkað hraðar en tekjur.

Breyting á eignum, skuldum og eigin fé á hverju tímarskeiði



Þegar auðveldara varð að fá fé að láni á hagstæðum vöxtum til fasteignakaupa var það ekki síður fasteignaeigendum til hagsbóta en þeim sem hugðu á kaup. Sumir tóku hærri lán en tíðkast höfðu til að kaupa verðbréf. Í hrúninu minnkaði kaupmáttur launa og matsverð eigna lækkaði á sama tíma og verðtryggt lán héldu verðgildi og lán í erlendum gjaldmiðli hækkuðu þegar krónan féll. Eigið fé marga þurrkaðist út. Botninum var náð árið 2010 en síðan hefur hrein eign einstaklinga aukist. Sumir hafa farið í þrot, skuldir hafa verið afskrifaðar og eignir hafa hækkað í verði. Eigið fé hefur aukist.



Til að teljast til efnuðustu tíundar fjölskyldna í landinu þurftu fólk að eiga 26,5 milljónir í skuldlausum eignum árið 1992. Það var þá 9,5 milljónum meira en þeir sem töldust til ríkustu fimmtundarinnar og 24,3 milljónum meira en helmingur fjölskyldna átti. Mörk ríkustu tíundarinnar voru þá tæplega 1,6 sinnum hærra en mörk ríkustu fimmtundarinnar og 12,4 sinnum hærra en miðgildið en helmingur fjölskyldna er yfir miðgildi. Árið 2007 þurftu menn að eiga orðið meira en 45,4 milljónir í skuldlausum eignum 1,8 sinnum meira en efri fimmtungsmörk og ríflega 112 sinnum meira en miðgildið. Eignir ríkustu 30% fjölskyldna höfðu aukist en hrein eign hinna eignahópanna hafði minnkað þegar skuldir jukust. Á þeim tíma sem eigið fé jókst mest jókst eignamunur í landinu.

Ríkasti hundraðshluti fjölskyldna átti þarna orðið tæpa 301,5 milljarða. Efnafólk á þessu eignabili átti þá 66,6 milljörðum meiri skuldlausar eignir en sambærilegur hópur hafði átt árið 1998. Um 19% eignaaukningarinnar í þjóðfélaginu hafði verið hjá þessum litla hópi eignamanna en árið 2002 þurftu menn að eiga tæpar 91,2 milljónir í skuldlausum eignum til að teljast til efnaðasta hundraðshluta framteljenda. Það er athyglisvert að á sama tíma og skuldir landsmanna jukust um 266,6 milljarða þá lækkuðu skuldir

Árið 2006 áttu landsmenn eignir sem voru metnar á 2.707,8 milljarða umfram skuldir. Eignirnar voru þarna orðnar tæpir 4.474 milljarðar og höfðu hækkað um 58,5% frá árslokum 1998, en á móti eignum stóðu skuldir upp á 1.766,2 milljarða. Skuldirnar höfðu hækkað um 59,7% á sama tíma. Hrein eign einstaklinga hafði aukist um 991,5 milljarða eða 57,8% og átti enn eftir að aukast um 337,2 milljarða fram til ársins 2007.

Sú tíund fjölskyldna sem átti mestar eignir í árslok 2006 átti þá 1.708 milljarða

821,2 milljarðar hjá þeirri tíund sem átti mestar hreinar eignir. Skuldir þessa hóps voru 107 milljörðum hærri en skuldir sambærilegs hóps fjórum árum fyrr en 16,2% skuldaaukningarinnar var í þessum hópi fjölskyldna. Þannig voru 50,3% eignaaukningarinnar í landinu en 83,8% skuldaaukningarinnar breyting sem varð í neðri eignahópunum. Skuldir voru þá 39,5% af eignum en mikil hækking eigna hafði séð til þess að skuldahlutfallið hafði ekki hækkað að ráði frá árinu 1998. Skuldahlutfall efstu tíundarinnar var hins vegar um 11% á meðan um 60,9% eigna hinna 90% voru í skuld. Þetta hlutfall var 51,7% árið 1994.

Þegar þarna var komið við sögu þurftu fólk að eiga 43,2 milljónir umfram skuldir til að geta talist til þeirrar tíundar landsmanna sem átti mestar eignir, sem var um 19 milljónum meira en menn þurftu að eiga til að teljast til þess fimmtungs fjölskyldna sem átti mestar eignir og 42,7 milljónum meira en helmingur fjölskyldna átti, en þá átti helmingur fjölskyldna minna en 571 þúsund kr. umfram skuldir. Þessi fátækari helmingur landsmanna átti þá 68,5 milljörðum minna en sami eignahópur hafði átt í árslok 2002 eða 164,4 milljörðum minna en ekki neitt. Eignirnar höfðu aukist um 72,9 milljarða en skuldirnar höfðu aukist um 141,4 milljarða frá árinu 2002.

Þeir sem töldust til efnaðasta hundraðshluta landsmanna áttu þarna hver um sig rúmar 135,3 milljónir eða meira í skuldlausum eignum. Samanlagt eigið fé hópsins var 555,9 milljarðar og hafði það þá vaxið um 254,4 milljarða á fjórum árum eða um 84,4%. Þarna átti eitt prósent landsmanna orðið rúman fimmtung eða 20,5% skuldlausra eigna einstaklinga í landinu en hlutfall skulda af eignum var 5,5%. Á þessum tíma höfðu 25,7% aukningar á hreinni eign orðið í efnaðasta hundraðshlutanum. Þá er athyglisvert að þrátt fyrir að skuldir auðugasta hundraðshlutans hefðu aukist um 135% á fjórum árum þá voru ekki nema 2,8% skuldaaukningarinnar í landinu hjá þessum eignahópi.

Á árunum 1994–2006 höfðu eignir einstaklinga aukist um 2.583,2 milljarða að raunvirði eða um 136,6%. Eignir ríkustu tíundar framteljenda voru 1.186,8 milljörðum meiri en eignir sambærilegs eignahóps árið 1994. Þær höfðu aukist um 161,9%. Eignir annarra framteljenda höfðu aukist um 1.396,5 milljarða eða 20,6%. Þannig voru 45,9% eignaaukningarinnar á þessum tíma hjá þeirri tíund

”

Það er mikilvægt að hafa í huga að þegar rætt er um eignir á ákveðnum eignabilum er ekki alltaf um eignir sömu einstaklinganna að ræða

efnaðasta fólksins um 11,8 milljarða. Skuldahlutfall þess hafði því lækkað úr 9,8% niður í 4,4%. Efnadasti hundraðshluti fjölskyldna átti þarna 17,6% skuldlausra eigna í landinu.

Uppgangsrárin 2002 til 2006

Árin fram að hrúni voru vafalaust mesta vaxtarskeið sem menn hafa séð hér á landi, ef ekki í vexti þá alltjamt í raunverulegri aukningu tekna og eigna. Það þarf ekki að velta vöngum yfir því að hvorki fyrr né síðar hafa eignir aukist jafnmikið á jafnskömum tíma og á uppgangsrárunum fyrir hrún.

í skuldlausum eignum, sem var um 63,1% hreinnar eignar landsmanna. Eignir þessarar tíundar voru þá 714,2 milljörðum meiri en eignir ríkustu tíundar fjölskyldna höfðu verið fjórum árum fyrr og höfðu þær því hækkað um 71,9% á tímabilinu. Um 72% eignaaukningarinnar á milli árána 2002 og 2006 hafði verið hjá ríkustu tíundinni, sem átti þá 8,4 milljörðum minna en landsmenn allir höfðu átt aðeins fjórum árum fyrr.

Það er athyglisvert að framtaldar eignir landsmanna jukust um 1.651,4 milljarða á milli árána 2002 og 2006. Þar af voru 49,7% aukningarinnar eða


framteljenda sem átti mestar skuldlausar eignir.

Á hinn bóginn höfðu skuldir ríkustu tíundarinnar aukist um 152,8 milljarða eða um 259,2% á sama tíma og skuldir hinna hópanna höfðu aukist um 956,3 milljarða eða 159,9%. Þrátt fyrir að skulda-söfnun í efsta eignabilinu hafi verið mun hraðari en hjá öllum hinum þá var aðeins um 13,8% skuldaaukningarinnar á þessum tíma í þessum eignahópi, 86,2% voru hjá þeim 90% framteljenda sem áttu minnstar hreinar eignir. Þá er athyglisvert að 15,7% eignaukningarinnar og 2,2% skuldaaukningarinnar hafði orðið hjá þeim hundraðshluta sem átti mestar eignir. Rúmur fjórðungur eða 25,8% aukningar skuldlausra eigna í landinu var hjá þessum ríkasta hópi.

Hvort sem lítið er til samanburðar við aðra landsmenn eða hreinar eignir í hörðum gjaldmiðli þá var efnaðasta fólkið á Íslandi efnaðra árið 2006 en árið 1994. Á sama tíma var stór hluti eigna annarra eignahópa tekinn að láni. Ríkasta tíund fjölskyldna átti 1.034 milljörðum meira í skuldlausum eignum árið 2006 en árið 1994. Allir aðrir, eða fátækustu 90% ef svo má segja, áttu 440,2 milljörðum meira. Um 70,1% eignabreytingarinnar varð hjá þeim 10% fjölskyldna sem áttu mest. Skuldlausar eignir landsmanna höfðu aukist um 119,5%. Skuldlausar eignir ríkustu 10% voru hins vegar 153,4% meiri en þær höfðu verið 12 árum fyrr. Hrein eign hinna hópanna hafði aukist um 78,7% á þessum tíma. Frá árinu 1994 til ársins 2006 höfðu skuldir sem hlutfall af eignum ríkustu tíundarinnar hækkað úr 8% í 11%. Skuldir sem hlutfall af eignum annarra framteljenda hækkuðu hins vegar úr 45,8% af eignum árið 1992 í 51,7% árið 1994. Þær voru svo orðnar 58,1% árið 2002 og 60,9% árið 2006. Frá árinu 1994 til 2006 hækkuðu skuldir sem hlutfall af eignum þessa hóps um þriðjung.


Það er mikilvægt að hafa í huga að þegar rætt er um eignir á ákveðnum eignabilum er ekki alltaf um eignir sömu einstaklinganna að ræða. Árið 1994 voru 145.789 fjölskyldur í landinu og 14.578 þessara fjölskyldna töldust til þeirrar tíundar sem átti mestar eignir umfram skuldir í landinu. Árið 2006 voru hins vegar 190.918 fjölskyldur í landinu en þá töldust 19.091 þessara fjölskyldna til þeirrar tíundar sem átti mestar skuldlausar eignir. Þarna höfðu bæst við hið minnsta 4.513 fjölskyldur í tíundina. Á þessum árum höfðu margir fallið frá og aðrir sem vermdu botninn árið 1994 vaxið úr grasi,

Eignir einstaklinga




Eignaukningin í landinu var almenn á 10. áratugnum og fram að hruni. Eignir jukust þó mest hjá þeim sem töldust til efnuðustu tíundar fjölskyldna. Eignir margra sem voru neðar í eignaröðuninni voru hins vegar teknar að láni og því jókst eigið fé ekki jafn mikið í neðstu eignahópnum eins og hjá þeim efnuðustu. Efnaðasta tíund framteljenda átti 39% eigna árið 1992 en árið 2007 átti hún 45,1% eigna. Þótt hlutur efnuðustu tíundarinnar hafi farið úr 9,6% í 13,7% jókst hlutur þeirra í eign úr 52,1% í 65,9% á tímabilinu.

Skuldir einstaklinga




Á uppgangsárunum jukust skuldir einstaklinga mikið. Sérstaklega er athyglisvert hvernig ákveðinn hópur fjölskyldna tekst á herðar mjög miklar skuldir á þessum tíma. Þetta er hópurinn sem skuldaði meira en hann átti. Hér er um að ræða innbyrðis stöðu hópanna og því hefur þróun eins hóps áhrif á stöðu hinna hópanna. Þegar þeir sem mest skulduðu sukku dýpra í skuldafenið stóðu þeir sem ekkert áttu betur að vígi.

Hrein eign einstaklinga



Eigið fé einstaklinga jókst mikið á árunum fyrir hrun þegar eignir hækkuðu í verði. Þeir sem áttu mestar skuldlausar eignir stóðu best að vígi í hruninu. Að sama skapi stóðu þeir höllustum fæti sem höfðu tekið mikið að láni. Skuldir skuldugustu hópanna hækkuðu mikið í hruninu með hliðsjón af eignum og eigið fé varð neikvætt. Frá hruni hafa skuldir skuldugustu hópanna minnkað. Það kann að vera að þetta fólk hafi tekið lán fyrir hlutabréfum sem eru talin fram á nafnverði.



Á síðustu 20 árum hefur hluttur þeirra 10% fjölskyldna sem eiga mest eigið fé í hreinni eign landsmanna aukist talsvert. Árið 1992 áttu 10% fjölskyldna um 52,1% skuldlausra eigna landsmanna en þar af átti efnaðasti hundraðshluti 13,3% eigna. Árið 2000 áttu ríkasta tíund fjölskyldna 57,7% og ríkasti hundraðshluti 17% skuldlausra eigna landsmanna. Í hruninu rýrnaði eigið fé stórs hluta landsmanna mikið. Árið 2010 áttu 90% fjölskyldna ekki nema 13,4% skuldlausra eigna. Tíundin sem stóð best af sér hrundi átti þá 86,6% skuldlausra eigna en þar af átti ríkasti hundraðshluti 30,1% skuldlausra eigna. Frá árinu 1992 og fram til ársins 2010 jókst hluttur efnaðasta hundraðshlutans í eignum úr 9,6% í 14,5%. Síðan hafa skuldirnar lækkað og eignir hækkað í verði. Ríkasta tíund landsmanna átti 69,4% skuldlausra eigna einstaklinga í árslok árið 2014 en þar af átti ríkasti hundraðshluti 21,4% eigna. Ríkasti hundraðshluti átti þó ekki nema 12,8% framtalinna eigna.

elst að árum, komist til manns og auðgast. Ríkasta tíund framteljenda samanstóð því að öllum líkindum ekki af sama fólkinu árið 2006 og árið 1994.

Hrunið 2008 til 2010

Árið 2010 hafði allt farið á versta veg. Bankarnir höfðu farið í prot, hlutabréfamaðurinn hrundi og miklar eignir tapast. Efnahagur landsmanna hafði tekið stakkaskiptum, harðari og kreppa hafði tekið við af góðærinu sem hafði ríkt í rúman áratug. Fasteignamarkaðurinn var í algeru frosti og fasteignaverð lækkaði. Bróðurpartur eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum sem keyptar hafa verið fyrir lánsfé. Eigið fé sem hafði myndast þegar verð á eignum sem keyptar höfðu verið fyrir lánsfé hrapaði á sama tíma og skuldirnar héldu verðgildi sínu svo eigið fé margra þurrkaðist út.

Landsmenn áttu 879 milljörðum minna í hreinni eign í árslok árið 2010 en þeir höfðu átt í árslok árið 2006. Eignir höfðu rýrnað um 482,4 milljarða eða 32,5% og voru þá 3.991,5 milljarðar. Á sama tíma höfðu skuldir landsmanna hækkað um 396,6 milljarða eða 22,5% og stóðu þá í 2.162,8 milljörðum. Hrein eign þeirra 10% landsmanna sem áttu mestar eignir hafði rýrnað um 123,9 milljarða, eða 7,3%, og því var 14,1% eignarýrnunarinnar í efsta eignarþreppinu eða hjá þessum hópi sem átti samantlagðar eignir sem metnar voru á 1.584,1 milljarð umfram skuldir í árslok 2010.

Í árslok átti tíundi hluti fjölskyldna um 86,6% hreinnar eignar í landinu. Þarna þurfti fólk að eiga 35,1 milljón umfram skuldir til að geta talist til þeirrar tíundar sem mest átti. Eignamörkin höfðu þannig fallið um 8,1 milljón á fjórum árum. Eignamörk efstu tíundarinnar voru 18,2 milljónum hærri heldur en eignamörk efsta fimmtungsins og 34,8 milljónum hærri miðgildi. Það er reyndar athyglisvert að allan tíunda áratuginn og fram að hruni hafði skilið í sundur með ríkustu tíundinni og ríkasta fimmtungnum. Í upphafi 10. áratugarins lágu eignamörk tíundarinnar 55,6% herra en eignamörk ríkasta fimmtungsins. Árið 2010 lágu þessi mörk 108,1% herra en eignamörk næstu tíundar fyrir neðan. Á þessum tíma átti helmingur fjölskyldna í landinu minna en 342 þús. kr. í hreinar eignir og fátækasta tíundin skuldaði meira en 7,8 milljónum meira en hún átti. Um fimmtung landsmanna vantaði tvær milljónir upp á að eiga fyrir skuldum.

Sem fyrr segir minnkaði hrein eign ríkustu tíundarinnar um 123,9 milljarða á milli áruna 2006 og 2010. Eignir annarra eignahópa rýrnuðu hins vegar um 755,1 milljarð eða 75,5%. Eignir hópanna sem voru fyrir neðan miðgildi voru 369,6 milljörðum lægri en sambærilegra hópa fjórum árum fyrr. Það má ímynda sér að í mörgum tilfellum hafi orðið alger umskipti í lífi fólks. Þeir sem höfðu tekið lán fyrir eignum sem reyndust lítils eða jafnvel einskis virði þegar upp

var staðið sátu uppi með skuldirnar en töpuðu eignunum.

Skuldlausar eignir þess hundraðshluta sem átti mestar eignir voru 5,6 milljörðum minni árið 2010 en þær höfðu verið árið 2006. Þær höfðu minnkað um 1%. Eignamörkin höfðu fallið um tæpa 9,5 milljónir. Samanlagðar eignir þeirra sem áttu mest árið 2010 voru 11,5 milljörðum minni en sambærilegs hóps fjórum árum fyrr. Skuldirnar höfðu hins vegar ekki hækkað heldur lækkað um 5,9 milljarða. Nú hafði 0,6% lækkanar eiginfjár orðið í efsta þrepi eignastigans. Hundraðshluti fjölskyldna átti þarna 30,1% skuldlausra eigna í landinu. Þarna hafði orðið nokkur breyting frá því sem var árið 1992 en þá átti ríkasti hundraðshluti framteljenda 13,3% skuldlausra eigna einstaklinga.

Það hélt áfram að draga í sundur með eignahópunum. Árið 2006 áttu 10% fjölskyldna meira en 43,2 milljónir í skuldlausum eignum. Fimmtungur fjölskyldna átti meira en 24,3 milljónir en helmingur fjölskyldna átti þá meira en 571 þúsund kr. Eignamörkin sem mörkuðu helming framteljenda höfðu fallið um helming, þrátt fyrir að eignir hefðu aukist. Ári síðar hækkuðu eignamörkin sem mörkuðu 10% framteljenda í 45,4 milljónir. Eignamörkin sem mörkuðu þann helming sem átti mestar eignir höfðu hins vegar lækkað í 405 þúsund árið 2007. Tíunda hver fjölskylda skuldaði þá meira en 1,3 milljónum meira en hún taldi fram til eigna.

Það urðu talsverðar breytingar á eignamörkum í hruninu. Eignamörkin fyrir ríkasta tíundarhlutann sigu um 8,1 milljón á árunum 2006 til 2010. Þau voru þá 35,1 milljón eða 515 þús. lægri en þau höfðu verið árið 2004. Eignamörkin sem mörkuðu ríkustu 20% sigu um 7,4 milljónir. Helmingur fjölskyldna átti þá meira en 342 þúsund í hreina eign en 10% skulduðu meira en 7,8 milljónum meira en þær áttu. Fimmtungur fjölskyldna skuldaði meira en tveimur milljónum meira hann taldi sér til eigna.

Það er athyglisvert að eignamörkin sem marka ríkustu 10% á hverjum tíma hafa aftur hækkað um 4,5 milljónir frá árinu 2010. Menn þurftu að eiga 39,6 milljónir í eignir umfram skuldir til að geta talist til þeirra 10% sem áttu mestar skuldlausar eignir í árslok árið 2014. Þessi mörk voru þá á svipuðum slóðum og þau höfðu verið árin 2004 og 2005. Mörkin hækkuðu reyndar um 7,9 milljónir á milli þessara ára úr 35,6 milljónum í 43,5 milljónir. Það sama má segja um fimmtungsmörkin, þau hafa hækkað um þrjár

milljónir frá árinu 2010. Þau voru komin í 19,9 milljónir og voru ekki fjarri því sem þau höfðu verið 2004. Eignamörk ríkasta hundraðshlutans hækkuðu hins vegar aðeins um 854 þús. kr.

Endurreisnarskeiðið 2010 til 2014

Frá hrúni hafa eignir haldið áfram að aukast á sama tíma og skuldir hafa lækkað. Einstaklingar áttu 616,3 milljörðum meira í skuldlausum eignum árið 2014 en árið 2010, samtals 2.445,1 milljarð. Eigið fé einstaklinga hefur aukist um rúman þriðjung á þessum tíma eða um 33,7%. Samanlagðar eignir voru 4.212,9 milljarðar en þar af voru 1.767,8 milljarðar í skuld. Eignirnar höfðu hækkað um 221,3 milljarða eða 5,5% á sama tíma og skuldirnar höfðu lækkað um 395 milljarða frá árinu 2010 eða um 18,3%.

Eignir þeirrar tíundar sem átti mestar eignir höfðu aukist um 122,3 milljarða eða 7% og skuldirnar um 9,4 milljarða eða 5,8%. Þannig hafa 55,3% eignaaukningarinnar verið hjá efstu 10%. Skuldir landsmanna lækkuðu um 395 milljarða á sama tíma og skuldir efstu tíundarinnar hækkuðu um 9,4 milljarða eða um 5,8%. Um 18,3% eiginfjáraukningunnar var í þeirri eignatíund sem átti mestar hreinar eignir.

Þá er athyglisvert að þróunin hefur verið nokkuð á annan veg meðal ríkasta hundraðshlutans. Eignir og skuldir þessa hundraðshluta hafa minnkað, sem og eigið fé. Ríkasta 1% fjölskyldna átti rúmunum 36 milljörðum minna í eignir og skuldaði 8,4 milljörðum minna í árslok 2014 en sambærilegur hópur árið 2010. Þetta gerist á sama tíma og skuldlausar eignir landsmanna aukast um 617 milljarða. Skuldlausar eignir þessa hóps voru 27,6 milljörðum minni en hópsins árið 2010. Þá hafði hlutdeild þessa hóps í skuldlausum eignum minnkað úr 30,1% árið 2010 í 21,4% árið 2014. Ríkasti hundraðshluti fjölskyldna skuldaði 3,3% af eignum árið 2014.

Það er merkilegt að skuldahlutfall ríkustu tíundarinnar lækkaði á árunum 2006 til 2010. Árið 2006 voru 11% eigna þessa hóps í skuld, samanborið við 9,3% árið 2010. Árið 2010 voru 89,1% eigna allra annarra eignahópa í skuld. Rúmur helmingur eigna einstaklinga eða 54,2% var í skuld árið 2010 en árið 2014 var skuldahlutfallið komið niður í 42%. Það er ekki ólíklegt að einhverjir sem spiluðu djarft og lögðu mikið undir hafi trónað í mestu makindum á toppnum árið 2007, átt miklar eignir sem keyptar

voru fyrir lánsfé fyrir hrún hafi steypst niður í skuldasúpuna þegar veðrabrigði urðu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og hafi þá talist með restinni, neðst á botninum með sínar himinháu skuldir, í árslok 2010.

Árið 2010 átti meira en þriðjungur fjölskyldna í landinu ekki neitt, eða minna en ekki neitt. Hér er mikilvægt að muna að ekki er um að ræða fjölskyldur í hefðbundnum skilningi heldur skattalegum skilningi, það er allir sem skila eignasíðu með skattframtali. Þessir framteljendur skulduðu meira en 537,1 milljarði meira en þeir áttu en þar af skulduðu þau 10% landsmanna sem má ætla að hafi verið verst sett 435,3 milljarða umfram eignir sem voru um 81% skulda umfram eignir. Staðan á neðsta eignabilinu hefur skánað nokkuð. Nú skuldar skuldugasti hópurinn 225,2 milljörðum meira en hann á. Þetta fólk skuldar meira en 3,2 milljónum meira en það á. Eignastaðan hefur því skánað

”

Landsmenn áttu 879 milljörðum minna í hreinni eign í árslok árið 2010 en þeir höfðu átt í árslok árið 2006. Eignir höfðu rýrnað um 482,4 milljarða...

um 210,1 milljarð þannig að um 34,1% eignamyndunarinnar er vegna afskrifta eða lána fólks sem var að öllum líkindum hvort eð er ekki borgunarmenn fyrir skuldunum. Eignamörk neðst í eignastiganum hafa þokast upp á við. Nú má ætla að um fimmtungur fjölskyldna eigi lítið sem ekkert eða skuldi meira en hann á.

Aldur

Eignir og aldur

Þess eru fá dæmi, en þó ekki óþekkt, að ungt fólk sem enn býr í foreldrahúsum, er í skóla og á framfæri foreldra sinna eigi miklar eignir. Auður sem ekki hefur verið fenginn að arfi er oftast afrakstur langrar starfsævi, iðju og ráðdeildar í blandi við forsjálni eða útsjónarsemi. Það er því ekki nema von að efnafólk sé oft og iðulega komið af léttasta skeiði eða jafnvel á efri ár.

Eignir hjóna og samskattaðra eru sameiginlegar. Hvort um sig eiga hjón og samskattaðir allar eignirnar en ekki aðeins helming hvort. Eignasíða skattframtalsins er merkt því hjóna sem er eldra og því

vísar aldur hjóna hér að neðan til aldurs þess. Það er því ekkert tillit tekið til aldursmunar hjóna og samskattaðra framteljenda. Aldur þess sem er eldri gildir.


Nær helmingur allra skuldlausra eigna í landinu árið 2014 eða 47,8% var í eigu þeirra sem voru 65 ára eða eldri. Aðeins 17,5% fjölskyldna eru á þessu reki en þar af voru 8,6% 75 ára eða eldri. Þessi 8% fjölskyldna áttu rúman fimmtung skuldlausra eigna einstaklinga árið 2014, eða 22,5%. Hins vegar áttu þeir sem voru 25 ára eða yngri aðeins 1,2% hreinnar eignar en rúmur fimmtungur eða 21,4% fjölskyldna eru á þessum aldri. Það er reyndar merkilegt að þessi hópur á meira en framteljendur sem eru á aldrinum 25 til 34 ára en framteljendur á þessu reki áttu ekki nema 0,5% af hreinni eign, jafnvel þótt 18,4% fjölskyldna teljist til þessa aldurshóps.

Þeir sem komnir eru á þrítugsaldur eru farnir að taka lán sem sést af því að þessi aldurshópur skuldaði um 15% af

skuldunum en átti ekki nema 6,6% af eignunum, samanborið við unga fólkið sem skuldaði ekki nema 1,4% af heildarskuldum og átti um 1,3% af eignunum. Fólk sem er 65 ára og eldra á hins vegar ekki nema 11,2% af skuldum landsmanna. Skuldugasti hópurinn er, eins og við er að búast, fólk á aldrinum 35 til 65. Þessi hópur telur um 42,7% fjölskyldna en skuldaði 72,4% skuldanna. Hann átti rétt rúman helming skuldlausra eigna einstaklinga í landinu.

Um 30,2% þeirra sem tilheyrðu þeim 10% sem áttu mestar skuldlausar eignir, þ.e. áttu meira en 39,6 milljónir í hreina eign í árslok árið 2014 voru 75 ára eða eldri. Hér er um að ræða 6.173 þeirra 20.474 fjölskyldna sem voru yfir þessum eignamörkum. Þá voru 17,6% þeirra sem átti þetta miklar eignir á aldrinum 65 til 74 ára. Hátt í helmingur eða 47,7% þeirra sem áttu meira en 39,6 milljónir voru því 65 ára eða eldri. Þá voru 29% þeirra sem teljast til ríkustu tíundarinnar á aldrinum 55 til 64 ára þannig að rúmir þrír af hverjum fjórum eða 76,7% sem áttu þetta mikið í skuldlausum eignum voru orðnir 55 ára eða eldri.

Aldurssamsetning á hverju eignabili hreinnar eignar 2014



Þróun eigna og skulda ákveðinna eignahópa endurspeglar þróun eigna og skulda fólks á mismunandi aldrurskeiði. Ungt fólk á yfirleitt engar eða litlar eignir og skuldar heldur ekki mikið. Þeir sem eru að stofna heimili eiga orðið eignir en skulda líka mikið. Þeir sem eru aftur komnir á miðjan aldur eða efri ár hafa greitt niður skuldirnar á langri starfsævi og eiga því oft orðið talsverðar skuldlausar eignir. Sé miðað við aldur þess maka sem var eldri á tekjuárinu þá voru um 30,2% þeirra sem töldust til efsta eignabilsins árið 2014, þ.e. áttu meira en 39,6 milljónir í skuldlausum eignum orðnir 75 ára eða eldri og 17,6% voru 65 til 74 ára gamlir. Þá voru 76,7% þeirra sem töldust til elstu eignatiundarinnar 55 ára eða eldri. Hins vegar voru 64,5% þeirra sem töldust til þeirrar tíundar sem skuldaði meira en 3,2 milljónir umfram eignir á aldrinum 25 til 44 ára og 87,1% voru undir 55 ára aldri.

Eins og við er að búast voru flestir þeirra sem áttu litlar eða engar eignir ungrir að árum. Tæpur þriðjungur eða 30,4% þeirra sem voru í neðri helmingi eignastigans voru 25 ára eða yngri og 56,9% voru yngri en 35 ára. Framteljendur sem voru yngri en 35 ára voru hins vegar um 22,7% þeirra sem voru yfir miðgildi, þ.e. áttu 700 þús. kr. eða meira. Þá voru 36,6% þeirra sem voru í fátækari helmingi eignastigans á aldrinum 35 til 64 ára og 19,4% á aldrinum 45 til 64 ára. Um 14,1% þeirra sem voru í neðri helmingi eignastigans voru eldri en 55 ára og aðeins 6,5% voru 65 ára eða eldri. Tæpur

Þegar fátækasti hópurinn er skoðaður þ.e. sú tíund sem skuldaði 3,2 milljónir eða meira umfram eignir sést að hér er aðallega um fólk á aldrinum 25 til 44 ára að ræða. Rúmur þriðjungur eða 34,2% þeirra sem voru á þessu eignabili var á aldrinum 25 til 34 ára, 30,3% var á aldrinum 35 til 44 ára og 18,7% voru á aldrinum 45 til 54 ára. Samanlagt voru 87,1% þeirra 10% fjölskyldna sem minnst áttu yngri en 54 ára.

Sá helmingur fjölskyldna sem átti minnst þ.e. minna en 700 þús. kr. umfram skuldir samanstóð af 102.373 fjölskyldum, einhleypingum og samsköttuðum. Sem

að miklu leyti af ungu fólki heldur er einnig stór hluti ungs fólks í þessum hópum. Stór hluti þeirra sem átti ekkert eða áttu ekki fyrir skuldum var ungt fólk að reyna að koma undir sig fótum. Annars vegar er fjöldi unglinga talinn sem sjálfstæð fjölskylda þótt að vart sé hægt að kalla þá sjálfstæða einstaklinga. Þetta sýnir myndina nokkuð. Hins vegar er ungt fólk almennt skuldugt. Það á ekkert nema framtíðina fyrir sér og þarf því að fá að láni ef það ætlar að reyna að búa við mannsæmandi kjör á léttasta skeiði, þ.e. flytja úr foreldrahúsum og stofna fjölskyldu. Það er athyglisvert að um 71,9% þeirra sem voru á aldrinum 25 til 34 ára áttu minna en 700 þús. í hreinni eign í árslok árið 2014, 57,1% þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára voru undir þessum eignamörkum. Það kemur hins vegar nokkuð á óvart að 40,9% fjölskyldna sem voru á aldrinum 45 til 54 ára og hátt í þriðjungur eða 28,6% þeirra sem voru 55 til 64 ára áttu minna en 700 þús. kr. umfram skuldir. Þetta á líka við um hátt í þriðjung eða 28,6% þeirra sem voru á aldrinum 55 til 64 ára.

Fimmtungurinn sem átti minnstar eignir skuldaði 300 þús. kr. meira en hann átti, eða meira. Hér er um að ræða 40.950 fjölskyldur en tæpur helmingur þeirra eða 46,7% voru undir 35 ára aldri en 11,41% voru 25 ára eða yngri. Þá voru 71,7%

”

Skuldir fjórðungs þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára voru meira en 3,2 milljónum hærri en eignirnar

helmingur eða 47,2% þeirra sem voru yfir miðgildi voru 55 ára eða eldri. Það er ekki loku fyrir það skotið að flestir sem komnir eru af léttasta skeiði hafi á langri starfsævi náð að greiða niður skuldirnar, áður en þeir leyfa sér að deyja saddir lífdaga. Og þá er þetta líka fullkomnað.

fyrir segir voru um 30,4% þessara framteljenda yngri en 25 ára, 26,5% voru á aldrinum 25 til 34 ára og 17,2% voru 35 til 44 ára. Eins og við er að búast á yngri fólkið lítið og skuldar mikið.

Það er ekki aðeins að þeir hópar sem eiga minnst og skulda mest samanstandi


yngr en 45 ára. Reyndar var fjórðungur þeirra sem voru yngri en 45 ára undir þessum eignamörkum og átti því minna en ekki neitt. Þá er athyglisvert að skuldir fjórðungs þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára voru meira en 3,2 milljónum hærri en eignirnar. Þótt hér sé aðeins um 3% fjölskyldna að ræða þá er það ekki óalgenget að fjölskyldur á þessu reki eigi ekki fyrir skuldum. Aftur er mikilvægt að hafa í huga að það kann að vera mismunur á fasteignamati og markaðsverði húsnæðis. Þá eru námslán talin fram á skattframtali en menntunin ekki.

Á hinn bóginn töldust um 40,3% þeirra sem voru á aldrinum 55 til 64 ára, rúmur helmingur eða 50,4% þeirra sem voru á aldrinum 65 til 75 ára og 52,2% þeirra sem voru eldri en 75 ára til þeirrar fimmundar framteljenda sem átti meira en 19,9 milljónir í hreinni eign.


Þó að um fremur fámenna hópa sé að ræða þá er alls ekki óalgenget að roskið fólki eigi töluverðar eignir. Um 26,2% þeirra sem voru 75 ára og eldri og hátt í þriðjungur þeirra sem voru á aldrinum 65 til 74 ára eða 29,3% töldust til ríkasta tíunda hluta fjölskyldna. Hins vegar voru 16,9% þeirra sem voru 75 ára og eldri fyrir neðan miðgildi, 83,1% var fyrir ofan. Rúmur fimmtungur eða 22,1% þeirra sem voru á aldrinum 65 til 74 ára voru undir miðgildi árið 2014, 77,9% voru fyrir ofan miðgildi og 29,3% töldust til ríkustu tíundarinnar.

Breyting á eignum eftir aldri

Það hefur orðið mjög mikil og merkileg breyting á eignaskiptingunni í landinu á síðustu 20 árum. Árið 1994 lágu eignamörk efstu tíundarinnar í 26 milljónum. Þá voru framteljendur sem voru orðnir 75 ára og eldri 10,3% þeirra sem voru yfir þessum mörkum og þeir sem voru 65 til 74 ára voru 21,1% hópsins. Þessi aldurhópur var því um 31,1% þeirra sem töldust til ríkustu fjölskyldnanna, samanborið við 47,7% árið 2014. Hins vegar er áberandi hvað fólki undir fimmtugu hefur fækkað að tiltölu í efstu tíundinni. Árið 1994 voru fjölskyldur, einhleypingar og samskattaðir þar sem eldri maki var á aldrinum 35 til 54 ára um 41,8% þeirra sem töldust til þessa eignahóps, samanborið við 22,1% árið 2014. Þeim hefur þannig fækkað um helming að tiltölu. Fyrir tuttugu árum var rétt um einn af hverjum sjö eða 14,7% þeirra sem töldust til efnuðustu fjölskyldnanna í landinu á aldrinum 35 til 44 ára. Nú er rúmlega einn af hverjum tuttugu, eða 5,4%, þeirra



þeir sem lokið hafa langri starfsævi eiga iðulega meiri eignir en þeir sem eru að feta sín fyrst skref á framabrotinni. Þeir sem orðnir voru 65 ára töldu um 17,5% fjölskyldna í landinu. Þessar fjölskyldur áttu samanlagt um 47,8% skuldlausra eigna einstaklinga en þar af áttu þau 8% sem orðin voru 75 ára um 20,5%. Hátt í þriðjungur eða 29,6% fjölskyldna voru hins vegar 35 til 54 ára. Þessar fjölskyldur áttu 22,8% hreinnar eignar og skulduðu um 53,3% skuldanna. Þeir sem voru 65 ára og eldri skulduðu hins vegar 11,2% skulda einstaklinga.



Nokkur breyting hefur orðið á aldurssamsetningu efnaðasta hópsins í landinu á síðustu 20 árum. Nú voru um 30,2% þeirra sem áttu meira en 39,6 milljónir í skuldlausum eignum og töldust til efnuðustu tíundar 75 ára eða eldri. Fyrir 20 árum voru 10,3% þeirra sem töldust til þessa hóps á þessum aldri. Þá voru 76,7% þeirra sem töldust til efnuðustu tíundarinnar árið 2014 55 ára og eldri saman borið við 56,4% árið 1994. Breytingin hefur orðið mest hjá þeim sem voru á aldrinum 35 til 54 ára. Fólk á þessum aldri var um 41,8% þeirra sem töldust til efnuðustu tíundarinnar árið 1994. Nú voru þeir 22,1%.

sem tilheyra hópnum á þessum aldri. Þá er athyglisvert að fyrir 20 árum var rúmur fimmtungur eða 21,1% fjölskyldna á aldrinum 35 til 44 ára í hópi þess fimmtungs sem átti mestar skuldlausar eignir, þ.e. áttu 16,4 milljónir eða meira. Árið 2014 áttu 10,3% í þessum aldurshópi meira en 19,4 milljónir. Aftur hefur fólki á þessum aldri fækkað að tiltölu um rúman helming í hópnum. Það er mikilvægt að hafa í huga að hér er eignastaða metin með hliðsjón af öðrum framteljendum. Eignamörkin sjálf hafa breyst.

Það er einnig áhugavert að sjá að fleiri í fullorðnu árgöngunum áttu talsverðar eignir árið 2014 en í sambærilegum árgöngum árið 1994. Um 12,8% þeirra sem voru orðnir 75 ára eða eldri og 24,7%

þeirra sem voru á aldursbilinu 65 til 74 ára töldust til efnuðustu tíundarinnar árið 1994. Nú voru 26,2% þeirra sem voru 75 ára og eldri og 29,3% þeirra sem voru 65 til 74 ára í ríkasta hópnum. Þetta er áhugavert vegna þess að það má ætla að þessir tveir aldurhópar 45 til 54 ára og 65 ára og eldri samanstandi að nokkru leyti af sama fólkinu. Það mætti ætla að kynslóðin sem hefur verið kennd við eftirstríðsárin hafi átt meiri eignir en aldamótakynslóðin sem ólst upp við fátaekt. Það má því ætla að ungt fólk nú á tímum eigi minna en ungt fólk fyrir tuttugu árum.

Þó að eignahóparnir segi vissulega ákveðna sögu um það hversu efnaðir menn eru með hliðsjón af ríkidæmi annarra í landinu þá segja þeir ekkert

til um það hversu ríkir menn eru mælt í krónum og aurum. Menn hafa séð hvernig eignir hafa aukist og eignamörk ákveðinna eignahópa hafa hækkað og lækkað aftur í gegnum árin. Það segir þó ekki nema hluta sögunnar. Ríkidæmi mælt í eignum umfram skuldir tekur ekki tillit til þess hvernig hver og einn hagar lífi sínu og hverju var fórnað til að afla eignanna. Það er ekki víst að lykillinn að velsældinni felist í því að svelta sig til fjár. Þótt að ungt fólk sé almennt skuldugra en fyrirrennarar þess á ofanverðri 20. öld þá búa sporgöngumenn kynslóðanna sem á undan gengu að mörgu leyti við betri lífskjör en þeir sem ruddu brautina. Nú á tímum nýtur fólk margs sem fólk fyrr á tímum hefði ekki getað ímyndað sér í sínum villtustu draumum og margar freistingar til að varast. Ýmislegt hefur þó vafalaust þróast á verri veg.

Eignabreytingar í hægum vexti

Sem fyrr segir jukust eignir og skuldir nokkuð í upphafi tíunda áratugarins. Þrátt fyrir að skuldir ykjust hraðar en eignir voru eignir talsvert meiri en skuldir og því myndaðist eigið fé. Á árunum 1994 til 1998 jukust eignir um 313,7 milljarða eða 16,6%. Skuldir jukust um 182,5 milljarða eða 27,8%. Eigið fé landsmanna jókst um 131,1 milljarð eða 10,6%.

Eignir og skuldir hinna ýmsu aldurshópa þróuðust þó ekki með sama hætti á þessum tíma. Um 47,7% hreinnar eignaaðaukningar kom í hlut þeirra sem voru 75 ára og eldri og 79,7% aukningarinnar var hjá þeim sem voru 65 ára og eldri. Hópurinn sem var 75 ára og eldri átti 39% meira í skuldlausum eignum en sami aldurshópur hafði átt árið 1994. Eigið fé þeirra sem voru á aldrinum 65 til 74 ára jókst um 16,4%. Á sama tíma rýrnaði eigið fé þeirra sem voru 35 til 44 ára um 11,8%. Skuldir þessa hóps höfðu þarna aukist um 26,2% á sama tíma og eignirnar höfðu aukist um 7,8%. Þarna er merkilegt að 31,7% skuldaaukningarinnar í landinu var hjá þessum aldurshópi en aðeins um 11,4% í hjá þeim sem voru 65 ára og eldri.

Rúmur þriðjungur eignabreytingarinnar í landinu eða 33,9% varð hjá þeim sem voru á aldrinum 45 til 54 ára en 37,8% skuldabreytingarinnar. Þeir sem voru á þessum aldri höfðu aukið skuldir sínar miðað við sama aldurshóp fjórum árum fyrr. Engu að síður jókst eigið fé þess hóps um 28,5%.

Hægur og stígangi vöxtur

Þessi sama þróun hélt áfram fram til ársins 2002. Eignir jukust nú talsvert hraðar en

þær höfðu gert fram til 1998 eða um 28% á sama tíma jukust skuldirnar um 31,8%. Eigið fé landsmanna jókst um rúman fjórðung eða 25,8%. Rúmur helmingur aukningar hreinnar eignar var nú í aldurshópnum 45 til 64 ára eða 51,7%. Þrátt fyrir að eigið fé aldurshópsins sem var 35 til 44 ára hafi aukist um 11,5% þá var aðeins um 6% eiginfjárukningarinnar í landinu í þessum aldurshópi. Hins vegar voru um 40,2% aukningar eiginfjár landsmanna hjá þeim sem voru 65 ára eða eldri. Þar af var fjórðungur aukningarinnar 24,4% hjá þeim sem voru 75 ára og eldri. Eignir þeirra sem voru 75 ára og eldri höfðu aukist um 39,1% á sama tíma og skuldirnar jukust um 45,4%. Eigið fé jókst um 38,7%.

Eins og gefur að skilja höfðu skuldir landsmanna aukist. Árið 1994 voru 34,8% eigna einstaklinga í skuld. Skuldir voru 86,9% eigna þeirra sem voru á aldrinum 25 til 34 ára, 51,5% eigna þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára og 28% eigna þeirra sem voru 45 til 54 ára. Þeir sem voru 55 til 64 ára skulduðu 14,8% eigna. Þeir sem voru á aldrinum 65 til 74 ára skulduðu 9,1% eigna sinna. Þeir sem voru eldri en 75 ára skulduðu 5,2%. Árið 1998 hafði skuldahlutfallið hækkað í 38,1%.

Hraður og mikill vöxtur

Á árunum 2002 til 2006 var gríðarlega mikill vöxtur eigna og skulda í landinu. Á fjórum árum jukust eignir landsmanna um 58,5% og skuldirnar um 59,7%. Skuldausar eignir jukust um 157,8%. Rétt um helmingur þessarar aukningar eða 52,4% var hjá aldurshópnum 45 til 64 ára og um þriðjungur var hjá þeim sem voru 65 ára eða eldri. Af þeim 991,5 milljörðum sem urðu til í auknu eigin fé á þessum fjórum árum voru 520 milljarðar eignaaðaukning hjá fólki á aldrinum 45 til 64 ára.

Á þessum árum varð mjög mikil eigna og skuldaaukning hjá öllum aldurshópum. Skuldir ungs fólks á aldrinum 25 til 34 ára jukust um 56,4% á sama tíma og eignirnar uxu um 56,1%. Eigið fé í þessum aldurshópi jókst um 154,4%. Hrein eign elsta aldurshópsins, þeirra sem voru 75 ára og eldri jókst mest eða um 160,4%. Eignir aldurshópsins sem var 55 til 64 ára voru 300,6 milljörðum eða 174,3% meiri en hrein eign sama aldurshóps árið 2002. Skuldir allra aldurshópanna jukust talsvert. Sérstaklega áhugaverð er skuldaaukning þeirra sem voru 55 ára og eldri. Hópurinn sem var á aldrinum 55 til 65 ára skuldaði 91,5% meira en sami aldurshópur hafði gert fjórum árum fyrr. Fólk sem var 75 ára og eldra skuldaði 71,7% meira.

Þrátt fyrir mikla skuldaaukningu á árunum 1994 til 2006 þá hækkaði skuldahlutfallið ekki verulega. Það fór úr 34,8% í 39,5% og hækkaði því um 13,6%. Mesta breytingin hafði orðið í aldurshópnum 55 til 64 ára. Skuldir þessa hóps voru 14,8% af eignum árið 1994 en voru orðnar 24,8% árið 2006. Hlutfallið hafði hækkað um 68%. Þá höfðu skuldir aldurshópsins 45 til 54 ára einnig aukist talsvert. Þær voru 28% en voru orðnar 41,6% af eignum árið 2006 og höfðu því hækkað um 48,6%. Skuldir þeirra sem voru 75 ára og eldri höfðu hækkað úr 5,2% af eignum árið 1994 í 6,8%. Breytingin var minni í yngri árgöngunum sem voru þó samt sem áður skuldugastir. Fólk undir 25 ára aldri skuldaði 69,2% af eignum árið 1994 samanborið við 82% árið 2006 og skuldir þeirra sem voru á aldrinum 25 til 34 ára voru 86,5% af eignum árið 2006 en höfðu verið 86,9% árið 1994.

Flestir árgangarnir höfðu bætt við sig 10 til 14 kr. í skuldir fyrir hverjar 100 kr. sem þeir áttu. Þetta á þó ekki við um þá sem voru eldri en 75 ára. Þetta fólk jók skuldir sínar talsvert þegar horft er til eigna og skulda en þegar horft er til krónutölaukningarinnar þá var aðeins um að ræða 1,5 kr. fyrir hverjar 100 sem fólk á þessum aldri átti í eignir. Skuldir þeirra sem voru 35 til 44 ára höfðu aukist svo að segja jafn mikið og skuldir þeirra sem voru 45 til 54 ára. Hlutfall skulda var hærra og þeir því viðkvæmari fyrir eignabreytingum.

Eignir og skuldir jukust þannig mikið í aðdraganda hrunsins. Skuldir höfðu hækkað meira en eignir og skuldahlutfallið með. Margir spenntu bogann hátt og stefndu þannig fjárhag sínum í voða. Á meðan eignir hækkuðu borgaði sig að taka lán og eigið fé jókst. Þegar aðstæður breyttust og eignirnar sem keyptar höfðu verið fyrir lánsfé féllu í verði á sama tíma og lánin héldu verðgildi sínu kom það mörgum í koll. Margir áttu þá vafalaust erfitt með að rísa undir þeim skuldbindingum sem þeir höfðu tekið sér á herðar.

Hrunið

Á árunum 2006 til 2010 lækkaði matsverð eigna skv. skattframtölum um 482,4 milljarða eða 10,8%. Gjaldmiðillinn féll í verði en ekki lánin sem hækkuðu um 396,6 milljarða. Eigið fé landsmanna, mælt í íslenskum krónum, rýrnaði um 879 milljarða á þessum tíma eða 32,5%.

Aldurshópurinn 35 til 54 ára tapaði um 67,7% þessarar eignar, þar af töpuðu þeir sem voru á aldrinum 35 til 44 ára

um 35,3% hreinnar eignar. Það er mikilvægt að hafa í huga að þessar tölur lýsa tveimur árgöngum á sama aldri með fjögurra ára millibili. Því er ekki rétt að draga þá ályktun að þeir sem voru 35 ára árið 2010 hafi tapað miklu af því eigin fé sem þeir áttu fjórum árum fyrr. Sumir töpuðu miklu, sérstaklega þeir sem urðu að selja eignir og taka þannig á sig tapið. Fyrir öðrum var þetta spurning um framtíðar eignir og skuldir á skattframtali. Þó að fólk ætti hugsanlega ekki fyrir skuldum þá gat það staðið í skilum.


Það er merkilegt að um þriðjungur þess eiginfjár sem varð til hjá einstaklingum á árunum 2002 til 2006 myndaðist hjá þeim sem voru 65 ára og eldri. Aðeins 2,7% eignarýrnunarinnar varð í þessum aldurshópum fjórum árum síðar.

Sem fyrr segir rýrnaði eigið fé einstaklinga um 32,5% á þessum árum. Eigið fé í aldurshópnum 25 til 35 ára þurkaðist út. Þessi aldurshópur hafði átt 62,7 milljarða í skuldlausum eignum árið 2006. Í árslok 2010 skuldaði sami aldurshópur 75,2 milljörðum meira en hann átti. Sama má segja um þá sem voru á aldrinum 35 til 44 ára. Þessi aldurshópur hafði átt 319,5 milljarða í skuldlausum eignum árið 2006 en sami eða sambærilegur hópur átti 9,6 milljarða árið 2010. Hrein eign þessa aldurshóps hafði rýnað um 309,9 milljarða eða 97%. Hópurinn sem var 45 til 54 ára tapaði hátt í helmingi eiginfjár, samtals um 285,1 milljarði. Hrein eign þeirra sem voru 55 ára og eldri var hins vegar um 22,9 milljörðum minni en sambærilegur hópur hafði átt fjórum árum fyrr. Þannig voru 2,6% eignarýrnunarinnar á milli áruna 2006 og 2010 í elsta aldurshópnum og 0,1% eignarýrnunarinnar varð í aldurshópnum 65 til 74 ára. Eigið fé í þessum aldurshópum minnkaði um 4,6% og 0,2%.

Frá árinu 1994 til 2006 jókst eigið fé einstaklinga um 1.474,2 milljarða. Um 22,6% eiginfjárukningarinnar var í elsta aldurshópnum, 16,5% í hópnum sem var á aldrinum 65 til 74 ára, 29,1% í hópnum sem var á aldrinum 55 til 64 ára og 22,1% í hópnum sem var 45 til 54 ára. Um 68,2% aukningar eiginfjár varð í hópnum sem voru 55 ára og eldri. Hins vegar var um 82,6% lækkunar eiginfjár á milli áruna 2006 og 2010 í árgöngunum sem voru yngri en 55 ára.


Þróun eigna mismunandi aldurshópa er um margt merkileg, en þó ekki óvænt þegar haft er í huga að bróðurpartur eigna og skulda einstaklinga er bundinn í íbúðarhúsnæði. Á langri ævi greiðir fólk lánin og skuldirnar minnka svo eigið fé

Eignir eftir aldurshópum




Á síðustu 20 árum hefur orðið nokkur breyting á efnahag einstakra aldurshópa. Á árunum 1994 til 2006 jukust eignir einstaklinga um 136,6%. Þá var 49,1% eignaaukningarinnar hjá þeim sem voru 55 ára og eldri og 25,3% eignaaukningarinnar á þessum tíma var hjá þeim sem voru 65 ára og eldri. Hrunið kom verr við yngri kynslóðirnar sem voru með mest sitt bundið í fasteignum heldur en þær eldri sem áttu vafalaust stóran hluta verðtryggðra eigna. Á árunum 2006 til 2010 lækkuðu eignir aftur um 10,8%. Lækkunin var svo að segja öll hjá þeim sem voru yngri en 65 ára.

Skuldir eftir aldurshópum




Skuldir jukust um 168,8% á árunum 1994 til 2006. Þá var 23,6% skuldaaukningarinnar í aldurshópnum sem voru 55 ára og eldri og 6,9% aukningarinnar hjá þeim sem voru 65 ára og eldri. Þannig var um helmingur 50,9% eignaaukningarinnar og 76,4% skuldaaukningarinnar hjá þeim sem voru yngri en 55 ára. Hins vegar voru 13,9% eignaaukningarinnar og 2,4% skuldaaukningarinnar hjá þeim sem voru 75 ára og eldri. Frá árinu 2006 til 2010 jukust skuldir um 396,6 milljarða en þar af var um 4% hækkun skulda þeirra sem voru 75 ára og eldri. 95,9% skuldahækkunarinnar var hjá aldurshópnum 35 til 64 ára.

Hrein eign eftir aldurshópum



Eignir og skuldir hafa aukist mismikið í aldurshópnum. Eigið fé hefur því ekki aukist jafnt í öllum aldurshópum. Eigið fé einstaklinga jókst um 1.474 milljarða á árunum 1994 til 2006. Þá var 39,1% eignaaukningarinnar í aldurshópnum 65 ára og eldri en þar af var 22,6% hjá þeim sem voru 75 ára og eldri.

Skuldir sem hlutfall af eignum



Skuldir einstaklinga jukust mikið á 10. áratugnum og uppgangsrúnum fyrir hrún. Það var fyrst og fremst ungt fólk sem jók skuldir sínar. Þeir sem voru að kaupa sína fyrstu fasteign og þeir sem voru að stækka við sig og svo þeir sem freistuðu gæfunnar í verðbréfavíðskiptum. Skuldir sem hlutfall af eignum jukust talsvert hjá unga fólkinu. Árið 1994 voru 51,5% eigna þeirra sem voru 35 til 44 ára í skuld. Þetta hlutfall hækkaði um 25,6 prósentustig eða 49,7% fram til ársins 2014. Skuldir þeirra sem voru á aldrinum 45 til 55 jukust um 24,8 prósentustig, úr 28% í 52,8% af eignum. Þetta er 88,4%. Skuldir eldri kynslóðarinnar jukust ekki síður þó að þær væru umtalsvert minni. Skuldahlutfall þeirra sem voru 55 ára til 64 ára hækkaði úr 14,8% í 33,4% á þessum tíma eða 126,3% og skuldir þeirra sem voru 65 til 74 ára hækkuðu úr 9,1% í 18,9%. Það er 9,8 prósentustig eða 108,6% hækkan. Þeir sem voru 75 ára og eldri juku skuldir sínar hins vegar ekki að sama skapi.

myndast. Það má ætla að kynslóðirnar sem nú eru sestar í helgan stein hafi greitt fasteignalán sín að mestu niður á 25 árum. Þá nýtur fólk góðs af því þegar fasteignaverð hækkar á meðan lánin eru greidd niður eins og það hefur gert nær linnulaust frá miðjum tíunda áratugnum. Þeir sem voru búnir að festa sér kaup á íbúðarhúsnæði fyrir aldamótin voru flestir í mun betri stöðu en þeir sem keyptu sína fyrstu eign um miðjan fyrsta áratuginn.

Ungt fólk sem steypti sér í skuldir til að kaupa fasteign, sem hafði hækkað að verðmæti frá ári til árs í hart nær tvo áratugi, fyrir lán sem á að greiða niður á 40 árum, sat í súpunni þegar kaupmáttur launa snarminnkaði.

Árið 2010 voru skuldir rúmur helmingur af eignum eða um 54,2%. Skuldir þeirra sem voru á aldrinum 25 til 34 ára voru rúmum fjórðungi hærri en eignirnar, eða 25,2%. Þá var eigið fé þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára aðeins um 1,5% af eignum. Fólk á aldrinum 45 til 54 ára skuldaði 64% af eignum. Aldurshópurinn 55 til 64 ára skuldaði 38,5% af eignum og þeir sem voru á aldrinum 65 til 74 ára skulduðu 20,3% af eignum. Þeir sem voru orðnir 75 ára eða eldri skulduðu um 9,7% af eignum. Þegar þarna var komið voru þessi hlutföll um og yfir helmingi hærri en þau höfðu verið fyrir sömu aldurshópa árið 1994. Það má ætla að tekjur rosins fólks séu minni en hinna yngri og því er ekki ólíklegt að mörgum hafi reynst þungbært

að þurfa að greiða af lánum þótt að þau séu ekki nema um fjórðungur af eignum.

Endurreisn

Sem fyrr segir má segja að árin eftir hrún hafi markað ákveðið endurreisnarskeið. Það er augljóst að áform, ráðagerðir og efnahagur margra breyttust í einni svipan. Efnahagslegt stórvíðri sem fáir sáu fyrir kaffærði marga sem höfðu talið sig hafa borð fyrir báru og getað mætt hverri ágjöf. Síðan hefur þjóðin smám saman náð að keyra upp úr öldudalnum. Landsmenn hafa unnið úr afleiðingum áfallsins sem landið varð fyrir þegar fjármálakerfið féll og efnahagur landsmanna hefur vænkast.

Frá hrúni hafa eignir aukist um 221,3 milljarða og skuldir lækkað um 395 milljarða. Skuldlausar eignir einstaklinga hafa aukist um 616,3 milljarða eða um 33,7% Rúmur helmingur eða 51,5% þessarar aukningar á hreinni eign hefur orðið hjá þeim sem voru yngri en 55 ára og 48,5% aukningarinnar var í aldursflokkunum sem voru 55 ára eða eldri. Það er þó merkilegt að ólíkar ástæður eru fyrir því hvernig eigið fé hefur aukist hjá þeim yngri og þeim eldri. Eignir þeirra sem voru 55 ára eða eldri jukust um 295,5 milljarða á tímabilinu. Eignir þeirra sem voru yngri minnkuðu hins vegar um 74,2 milljarða. Þá jukust skuldir þeirra sem voru 65 ára og eldri um 19,5 milljarða á sama tíma og skuldir hinna hópanna lækkuðu um 414,5 milljarða. Skuldalækkunin var því öll hjá yngri hópunum en

eignaaukningin var öll í elstu hópunum og því hefur eigið fé yngri hópanna fyrst og fremst lækkað vegna lækkunar skulda á meðan eigið fé eldri hópanna hefur aukist vegna hækkunar eigna.


Enn eru um 42% eigna einstaklinga í skuld. Fólk á aldrinum 25 til 34 ára átti 4,5 krónur af hverjum 100 sem það taldi sér til eignar. Skuldahlutfallið var því 95,5%. Skuldir voru um 77,1% af eignum hjá 35 til 44 ára og 52,8% hjá næsta hópi þar fyrir ofan, 45 til 54 ára. Um þriðjungur eigna þeirra sem voru á aldrinum 55 til 64 ára voru í skuld og þeir sem voru 75 ára eða eldri skulduðu 8,8% af eignum.

Breytt staða

Skipting eigna í landinu hefur breyst umtalsvert á síðustu 20 árum. Eignir hafa aukist og skuldir hafa aukist. Það eru þó ekki eignir og skuldir sömu hópanna sem hafa aukist. Munur á hreinni eign hefur því aukist. Þá hafa eignir þeirra sem eldri eru aukist meira en eignir þeirra sem eru yngri. Á aðra höndina endurspeglar þetta ákveðnar þjóðfélagsbreytingar en á hina höndina má segja að hér sé um að ræða afleiðingu þróunar eigna og skulda í þjóðfélaginu á síðustu 20 árum þar sem unga fólkið kemur seint og skuldugt út á vinnumarkaðinn og tekur sér síðan á herðar enn meiri skuldir til að geta flutt að heiman, stofnað fjölskyldu og komið sér upp þaki yfir höfuðið. Þeir sem eiga húsnæði græða þannig á rýmri fjárráðum þeirra sem þurfa eða vilja kaupa húsnæði. Það er þannig engum blöðum um það að fletta að margir högnuðust á fasteignaviðskiptum í miðri bólunni.

Árið 1992 skiptist eigið fé einstaklinga í því sem næst tvo jafn stóra hluta á milli þeirra sem voru yngri en 55 ára en þeir áttu þá um 609,1 milljarð í skuldlausum eignum á móti 677,5 milljörðum þeirra sem voru 55 ára og eldri. Hrein eign skiptist því á milli aldurshópana 47,3% á móti 52,7%. Árið 2007 átti eldri hópurinn orðið um 63,1% skuldlausra eigna einstaklinga í landinu. Fram til ársins 2010 hrundu skuldlausar eignir yngri hópsins á meðan eignir hinna eldri lækkuðu minna. Þá átti eldri aldurshópurinn orðið 84,4% skuldlausra eigna einstaklinga í landinu. Þeir yngri áttu þá um 283,7 milljarða sem var um 46,6% af því sem sami aldurs hópur hafði átt 18 árum fyrr. Eigið fé eldri hópsins hefur nær undantekningarlaust aukist hraðar en eigið fé yngri hópsins ef frá eru talin árin 1998 og 1999 og árið 2005. Þá hefur eigið fé yngri hópsins aukist hraðar eftir hrún.

Hrein eign - hlutfallsleg skipting 54 ára og yngri annars vegar og 55 ára og eldri hins vegar



Í byrjun 10. áratugarins var eigið fé landsmanna u.þ.b. jafnt skipt um 55 ára aldurinn. Þeir sem voru 55 ára og eldri áttu þá 52,7% hreinnar eignar í landinu á móti 47,3% þeirra sem voru undir 55 ára aldri. Eigið fé jókst almennt fram að hrúni en eigið fé þeirra sem voru 55 ára og eldri jókst þó hraðar en hinna yngri sem bættu við sig auknum skuldum á þessum tíma. Árið 2004 áttu fjölskyldur þar sem eldri maki var 55 ára eða eldri um 62,8% eigin fjár á móti 37,2% hinna sem voru yngri. Eigið fé yngra fólksins byrjaði að minnka strax árið 2005 þegar skuldir jukust mjög hratt og hrundi árið 2010 en þá átti fólk undir 55 ára aldri aðeins um 15,5% skuldlausra eigna í landinu. Frá hrúni hefur hagr yngra fólksins heldur vænkast. Fólk undir 55 ára aldri sem telur um 69,4% fjölskyldna átti um 24,6% hreinnar eignar.

Það er út af fyrir sig merkilegt að fjölskyldur, einhleypingar eða samskattaðir þar sem eldri maki var 54 ára eða yngri áttu 8,1 milljarði minna í hreinni eign árið 2014 en fólk á sama aldri hafði átt 22 árum fyrr. Þetta er þeim mun merkilegra þegar menn hugleiða að fjölskyldurnar á þessum aldri voru 34.881 eða 32,6% fleiri árið 2014 en árið 1992. Árið 2014 áttu yngri framteljendurnir um fjórðung skuldlausra eigna, sem var álíka mikið og þeir sem voru 75 ára og eldri.

Vafalaust má rekja eignabreytingarnar sem orðið hafa síðustu tvo áratugi að einhverju leyti til þess að þjóðin hefur elst. Þá er fátíðara að menn festi ráð sitt, giftist og stofni fjölskyldu eins og þótt sjálfsagt og eðlilegt ekki alls fyrir löngu. Þá þykir það heldur ekkert tiltökumál að leiðir hjóna skilji. Margir komast á efri ár og ná háum aldri. Fleiri búa því einir og ungum fjölskyldum hefur fækkað.

Árið 2014 voru 204.743 fjölskyldur á skattgrunnskrá sem var 60.831 fjölskyldu eða 42,3% fleiri fjölskyldur á skrá en árið 1992. Ungu fólki undir 45 ára aldri fjölgaði um 23,4% á sama tíma og þeim sem voru 45 ára og eldri fjölgaði um 74,6%. Nær tveir þriðju eða 65% fjölgunarinnar í eldri árgöngunum eða hjá þeim sem voru 45 ára og eldri. Mest fjölgaði í aldurshópnum 45 til 54 ára, um 13.545 eða 83,9%, og í aldurshópnum 55 til 64 ára þar sem fjölgaði um 13.478 eða 100,4%. Um 44,5 fjölgunarinnar á þessum tíma var í þessum aldurhópum, þ.e. hjá þeim sem voru 45 til 64 ára.

Árið 1992 voru 37,9% fjölskyldna á skattgrunnskrá samskattaðar en árið 2014 var hlutfall samskattaðra komið niður í 32,8%. Samsköttuðum undir 45 ára aldri hefur fækkað um 5.338 frá árinu 1992 og samsköttuðum undir 64 ára aldri hafði fækkað að tiltölu í öllum aldurshópnum. Árið 1992 voru 1.336 fjölskyldur í landinu þar sem eldri maki var undir 25 ára aldri sem var hátt í fjögur prósent fjölskyldna í árganginum. Nú voru ekki nema 384 svona fjölskyldur og hefur þeim því fækkað um 71,3%. Hlutfallið í aldurshópnum komið niður í 0,9% og hefur lækkað um 76,4%.

Þá voru 38,7% þeirra sem voru á aldrinum 25 til 34 ára samsköttuð árið 1992 en nú er þetta hlutfall komið niður í 21,4%. Það hefur fækkað að tiltölu um 44,8% og 3.872 fjölskyldur eða 32,4% á þessum tíma. Þá var meirihluti þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára eða 60,1% samskattaður árið 1997 en þetta hlutfall var komið niður í 45,6% árið 2014. Á hinn boginn hefur samsköttuðu roskenndu fólki fjölgað og það er orðið algengar að þeir sem eru komnir á efri búi enn með maka sínum. Til að mynda var ekki nema rétt tæpur fjórðungur þeirra sem voru eldri en 75 ára samskattaður árið 1992 saman borið við 33,9% árið 2014.

Þá er það athyglisvert að árið 1992 voru tæplega ein af hverjum sex samsköttuðum fjölskyldum 65 ára eða eldri. Árið 2014 var eldri maki í tæpum fjórðungi eða 23,7% hjónabanda orðinn 65 ára eða eldri. Það hafa orðið kynslóðaskipti. Fjölmennir árgangar hafa tekið við af þeim


sem hafa fallið frá og árgangar sem hafa tamið sér önnur lífsviðhorf og aðra siði en fyrirrennararnir hafa elst. Þetta kann að skýra að einhverju leyti af hverju þeim sem eru eldri en 45 ára hefur fjölgað mun hraðar en hinum.

Miðgildi

Það sést vel hvernig staða mismunandi aldurshópa hefur breyst á undanförunum 20 árum þegar miðgildi hreinnar eignar er skoðað. Miðgildið segir til um það hversu mikið sá sem stóð í miðri eignaröðinni átti. Helmingur í aldursflokki átti því minna en sá sem var í miðjunni og helmingur átti meira. Ef mikill munur er á tekjum og eignum innan hópsins og fáir eiga mjög mikið eða eru með miklar tekjur er meðaltalið ekki dæmigert fyrir hópinn sem það á að lýsa. Það liggur þá talsvert ofar en það sem væri hægt að kalla dæmigert fyrir hópinn. Þess vegna er stundum gott að skoða frekar þá sem eru í miðjum hópnum. Miðgildið segir hins vegar ekki mikið um stöðu þeirra sem eru sitt hvoru megin við miðgildið og því þarf að hafa í huga hvernig þeir dreifa sér um miðgildi eða meðaltal. Þrátt fyrir þessa annmarka segir miðgildið hvorki meira né minna en það að helmingur var fyrir ofan miðgildið og helmingur fyrir neðan.


Á árunum 1992 til 1996 minnkaði hrein eign yngri aldurshópanna nokkuð. Sérstaklega er áhugavert hvernig eignir yngstu hópanna minnkuðu. Árið 1994 átti helmingur þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára meira en sem myndi jafngilda fimm milljónum í skuldlausum eignum. Árið 1998 var miðgildi eigna þessa hóps komið niður í 2,7 milljónir. Frá árinu 1998 til ársins 2004 var miðgildi eigna fólks á þessum aldri um og yfir þrjár milljónir. Það hækkaði nokkuð árið 2005 í 3,8 milljónir, snarlækkaði niður í 1,4 milljónir 2006, lækkaði aftur í 654 þús. árið 2007 og var svo alveg horfið árið 2009. Helmingur fjölskyldna á þessum aldri átti því ekkert eða minna en ekki neitt árið 2010 samanborið við fimm milljónir 20 árum fyrr og sjö milljónir árið 1992. Þeir sem voru 35 til 44 ára þá höfðu elst og þroskast og voru nú 20 árum síðar á aldrinum 55 til 64 ára og höfðu flestir það bara nokkuð gott.

Þróunin var eins í aldurshópnum 45 til 54 ára. Helmingur fjölskyldna á þessum aldri átti 14,4 milljónir eða meira árið 1992 og 12,9 milljónir árið 1994. Miðgildið féll með auknum skuldum en það var í kringum 10 milljónir fram til ársins 2004, hækkað svo en tók að falla og snar-



Eignir breytast nokkuð eftir aldri. Miðgildi hreinnar eignar einstaklinga er því nokkuð mismunandi eftir aldursskeiðum. Í byrjun 10. áratugarins átti helmingur fjölskyldna þar sem eldri maki var á aldrinum 35 til 44 ára meira en 7,2 milljónir í skuldlausum eignum. Miðgildi þeirra sem voru 45 til 54 ára var í 14,4 milljónum. Efnadhasti hópurinn voru þeir sem voru á aldrinum 55 til 64 ára. Meira en helmingur þeirra átti meira en 16,5 milljónir í skuldlausum eignum sem var litlu minna en fjölskyldur á aldrarskilinu 65 til 74 ára en helmingur þeirra áttu 15 milljónir í skuldlausum eignum. Þessi mörk voru þá í 8,9 milljónum hjá þeim sem voru komnir yfir 75 ára aldurinn. Síðan hefur margt breyst. Árið 2014 átti helmingur þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára tæplega fyrir skuldum og helmingur þeirra sem voru á aldrinum 45 til 54 átti minna en 3,6 milljónir í skuldlausum eignum. Miðgildi í árgöngunum sem voru 65 og eldri hafði hins vegar hækkað úr 15 milljónum í 20,7 hjá þeim sem voru á aldrinum 65 til 74 og í 21,6 milljónir hjá þeim sem voru eldri en 75 ára.

Hlutfall framteljenda í hverjum árgangi sem var yfir miðgildi



Árið 1992 var um 10% þeirra sem voru 25 ára og yngri undir miðgildi hreinnar eignar fjölskyldna í landinu, þ.e. þeir áttu minna en tvær milljónir í skuldlausum eignum. Í árslok árið 2014 áttu 28,9% árgangsins meira en 700 þús. kr. í skuldlausum eignum og töldust því til ríkari helmingss fjölskyldna. Sama á við um þá sem voru 75 ára og eldri. Staða þeirra hefur skánað miðað við aðra árganga. Árið 1992 voru 72% þeirra sem höfðu náð þessum aldri í efri helmingi eignadreifingarinnar. Árið 2014 töldust hins vegar 83,1% aldurshópsins til þeirra sem áttu 700 þús. kr. eða meira. Breytingin sem hefur orðið á aldrarskilinu 35 til 64 er hins vegar merkileg. Árið 1992 áttu 61% þeirra sem voru 35 til 44 ára, 76,4% þeirra sem voru 45 til 54 ára og 84,7 meira en tvær milljónir í skuldlausum eignum. Tuttugu árum síðar áttu aðeins 42,9%, 59,1% og 71,4% þessara árganga meira en 700 þús. kr. í skuldlausum eignum. Því áttu 57,1% þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára minna en 700 þús. kr. í hreinni eign.

féll í hruninu. Árið 2010 átti helmingur fjölskyldna á þessum aldri minna en 1,7 milljónir í skuldlausum eignum.

Þá er athyglisvert að í upphafi tíunda áratugarins var ekki mikill munur á eignum þeirra sem voru 45 til 54 ára og aldurshópnum sem voru eldri. Þarna skildu rúmar tvær milljónir eða 14,6% á milli miðgildis þeirra sem voru á aldrinum 45 til 54 ára og þeirra sem áttu mestar

eignir og voru í aldurshópnum 55 til 64 ára. Miðgildi í 45 til 54 ára aldurshópnum féll hins vegar nokkuð skart fram til ársins 1997 á þeim tíma sem skuldirnar jukust. Á þessum tíma hækkaði hins vegar miðgildi aldurshópsins sem taldi þá sem voru 75 ára og eldri. Fólk á þessum aldri varð almennt ríkara og ríkara með hverju árinu sem leið og hópurinn var almennt betur settur árið 1998 en hópurinn sem saman-

stóð af þeim sem voru á aldrinum 45 til 54 ára. Eignir unga fólksins hrundu svo á árunum 2005 til 2010 niður í 1,7 milljón en á þeim tíma átti helmingur þeirra sem voru 75 ára og eldri meira en 19,7 milljónir í skuldlausum eignum. Þarna höfðu leiðir skilið um miðjan tíunda áratuginn og nú skildu ekki 14,6% á milli miðgildis þeirra sem voru 45 til 54 ára og þeirra sem voru 55 til 64 ára heldur 573,9%.

Aldamótakynslóðin eða þeir sem fæddir voru á árunum 1900 til 1925 var álika vel stæð og kynslóðin sem var fædd á eftirstríðsárunum 1935 til 1945. Þetta fólk er nú á aldrinum 65 til 74 ára og hefur það mun betra en þeir sem voru fæddir á árunum 1960 til 1970 og voru 45 til 54 ára. Miðgildi þeirra sem eru 65 til 74 ára liggur rúmum 17,2 milljónum eða 68% fyrir ofan miðgildi þeirra sem voru 45 til 54 ára. Aldraðir eða þeir sem voru 75 ára og eldri voru ríkasta fólkið í landinu árið 2014 en í upphafi tíunda áratugarins var sá hópur álika vel stæður og fólk um fertugt. Nú liggur miðgildið sex sinnum hærra en miðgildi þeirra sem voru á aldrinum 45 til 54 ára.

Árið 2014 átti helmingur þeirra sem voru á aldrinum 25 til 34 ára og helmingur þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára ekki neitt eða minna en ekki neitt. Hvort sem menn reka fyrirtæki eða heimili þá er áhættusamt að taka mikið að láni. Ungu fólkið hefur bætt við sig skuldum til að geta lifað sómasamlegu lífi á sama tíma og þeir eldri hafa látið gott heita, sýnt ráðdeild og nægjusemi. Allt að einu þá er stór hluti þeirra sem teljast á besta aldri í dag skuldum vafinn og eignalaus.

Þá er jafnframt athyglisvert að fólk um miðjan aldur 55 til 64 sem stóð best í upphafi tíunda áratugarins stendur nú sýnu verr en eldri hóparnir. Þarna er reyndar að einhverju leyti verið að bera saman sömu einstaklingana en það er engu að síður ljóst að kynslóðirnar sem á eftir hafa komið hafa ekki haldið í við þá sem fóru á undan. Frá árinu 1998 hækkaði miðgildi þessara hópa stöðugt. Það lækkaði ekki fyrr en í hruninu 2008. Miðgildi hreinnar eignar þeirra sem voru 55 til 64 ára lækkaði um 9,8 milljónir á milli árunum 2007 og 2010. Miðgildi þeirra sem voru 65 til 74 ára lækkaði um 7,5 milljónir en miðgildi þeirra sem voru 75 ára og eldri lækkaði aðeins um 3,8 milljónir á þessum árum. Skuldaaukningin gerir hér útslagið. Yngri hóparnir hafa bætt við sig skuldum sem hækkuðu á sama tíma og eignir féllu í verði og átu upp eigið fé. Roskið fólk hefur hins vegar

ekki tekið lán í sama mæli og hinir og því almennt ekki fundið jafnmikið fyrir hruninu og þeir sem voru skuldugastir, alltjént ekki þegar horft er á eignir og skuldir. Það kann hins vegar að gegna öðru máli þegar miða er við greiðslubyrði og framfærslu.

Aldursdreifing

Þegar aldurshóparnir eru skoðaðir betur með hliðsjón af eignum þá sést að nokkur breyting hefur orðið á aldursræðningu eignahópanna. Þeir sem eru undir miðgildi allra fjölskyldna voru framan af fremur ungir að árum, þ.e. á aldrinum 16 til 25 ára. Um 90% þessa aldurshóps taldist til þess hóps sem var undir miðgildi hreinna eignar, sem var í kringum eina og hálfa milljón allt fram til ársins 2005 en þá lækkaði það niður í 571 þús. kr. og féll síðan niður í 342 þús. kr. árið 2010 en hefur síðan hækkað í 700 þús. kr. árið 2014.

Þegar miðgildið féll árið 2006 fækkaði ungu fólki sem var undir þessum mörkum að tiltölu niður í 60,3%. Á þessum tíma voru tiltölulega fleiri í árgöngunum sem voru 25 til 54 ára undir miðgildi. Árið 2010 áttu 75% framteljenda á aldrinum 25 til 34 minna en 342 þús. kr. í hreina eign og 62,7% þeirra sem voru á aldrinum 35 til 44 ára. Þá áttu einnig 44,2% þeirra sem voru á aldrinum 45 til 54 ára minna en 342 þús. kr. í hreina eign. Það er ekki síður áhugavert að um þriðjungur, 29,3%, þeirra sem voru á aldrinum 55 til 64 ára áttu minna en þetta. Þessi hlutföll hafa lítið breyst en viðmiðunarmörkin hafa hækkað í 700 þús. kr. sem fyrr sagði. Ungt fólk sem átti litlar sem engar eignir þótti þokkalega vel stætt samanborið við þá eldri þegar skuldir eldra fólksins hækkuðu umfram eignirnar sem stóðu að baki.

Þótt fjárhagsstaða þeirra sem voru á aldrinum 25 til 34 ára hafi almennt verið verri en þeirra eldri þá virðist sem aldurshópurinn 35 til 54 hafa farið sérstaklega illa út úr hruninu. Árið 1994 skulduðu 10% fjölskyldna meira en 1,7 milljónir umfram eignir. Þessi eignamörk hækkuðu hægt og bítandi fram til ársins 2005 en þá skulduðu 10% fjölskyldna meira 800 þús. kr. umfram eignir. Þau sigu svo aftur snarlega niður í 7,8 milljónir í hruninu en hafa síðan hækkað í 3,2 milljónir í skuldir umfram eignir. Í gegnum tíðina hefur iðulega verið ákveðið og nokkuð jafnt hlutfall framteljenda í hverjum árgangi sem hefur talist til þeirra 10% sem minnst eiga. Þó

má greina ákveðna breytingu þar sem ungu fólk á aldrinum 25 til 34 ára fækkar að tiltölu á sama tíma og þeim sem voru undir 25 ára aldri fjölga. Árið 1994 töldust 26,1% þeirra sem voru á aldrinum 25 til 35 ára til fátækustu tíundar framteljenda. Árið 2005 var 22,1% fjölskyldna á þessum aldri í þessari tíund. Á sama tíma varð algengara að ungt fólk undir 25 aldri væri undir neðri tíundarmörkum. Árið 1994 töldust aðeins 3,5% þeirra sem voru á aldrinum 16 til 25 ára til fátækustu tíundarinnar en árið 2005 töldust 7,8% þeirra til þessa eignahóps. Það er ekki loka fyrir það skotið að námslánin hafi skipt þarna nokkru máli.

Á árunum 2005 og 2010 verða hins vegar nokkur umskipti. Árið 2010 skuldaði hátt í fjórða hver fjölskylda eða 22,4% á aldrinum 35 til 44 ára hátt í átta milljónum meira en hún átti. Þá skulduðu um 15,3% þeirra sem voru yngri en 25 til 34 ára þetta mikið, sem var álíka hátt hlutfall og meðal þeirra sem voru á aldrinum 45 til 54 ára en 14,4% fjölskyldna á þessum aldri voru undir þessum eignamörkum, eða yfir skuldamörkunum, eftir því hvernig á það er lítið. Þá kemur nokkuð á óvart að um 8,1% fjölskyldna, þ.e. ein af hverjum tólf á aldrinum 55 til 64 ára skulduðu meira en 7,8 milljónum meira en hún taldi sér til eigna á skattframtali. Í byrjun 10. áratugarins hefðu 2,3% fjölskyldna á þessu reki eða ein af hverjum 40 talist til þeirra 10% sem áttu minnst eignir.

Að lokum

Á síðustu 20 árum hefur margt breyst í íslensku samfélagi. Það hafa skipst á skin og skúrir og inn á milli hefur gengið á með ýmsu. Engu að síður má fullræða að landinu hafi þokað nokkuð í átt til aukinnar velsældar á þessum tíma. Hvað sem öllu líður má færa sannfærandi rök fyrir því að Íslendingar á öllum aldri búi nú á tímum við meiri velsæld en forverar þeirra.

Það má segja að kynslóðin sem er nú að komast á efri ár hafi verið fyrsta kynslóðin sem var hlífð við lífsbaráttu eins og hún hafði verið háð í landinu allt frá því að það var numið. Ólíkt forverum sínum bjuggu flestir sem fæddir eru á fyrri hluta 20. aldarinnar við góðan húsakost og höfðu nóg að bíta og brenna. Þessi kynslóð ólst hins vegar upp við það að þurfa að horfast í augu við og takast á við alvöru lífsins. Þrátt fyrir efnahagslega framfarir og aukna velsæld var margt óbreytt. Frá stríði og fram að aldamótum urðu hér stórstígar framfarir á öllum sviðum

þjóðfélagsins. Efnahagur landsmanna vænkaðist og landsmenn byggðu upp félagslegt samtryggingarkerfi, menntakerfi og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þeir sem fæddir eru á ofanverðri 20. öld þurftu ekki að glíma við mörg þeirra vandamála sem mörkuðu mjög viðhorf fyrri kynslóða. Þeir nutu og njóta fleiri tækifæra og betra atlatís en nokkur önnur kynslóð. Það er ekki loka fyrir það skotið að þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa á síðustu 20 til 30 árum skýri að einhverju leyti breytingar á eignastöðu landsmanna. Viðhorfið í samfélaginu hefur breyst. Það er ekki ólíklegt að fleiri líti nú á húsnæði sem neyslu frekar en fjárfestingu og kjósi þá ýmist að taka lán til langs tíma eða leigja frekar en að byggja.


Þær breytingar sem hafa orðið á íslensku samfélagi birtast með skýrum hætti í eignastöðu fólksins í landinu. Hvort heldur lítið er til tiltölu eða hreinna fjármuna áttu auðugasta fólkið árið 2014 meiri skuldlausar eignir en auðugasta fólkið árið 1994. Landsmenn skulda meira en þeir gerðu fyrir 20 árum. Margir hafa lifað um efni fram. Á sama tíma hafa aðrir uppskorið ríkulega og ávaxtað fé sitt. Munur á þeim ríkustu og þeim fátækustu hefur aukist. Fasteignir hafa hækkað í verði sem hefur þýtt að þeir sem eiga eignir ávaxta sitt pund á meðan hinir sökkva sér í skuldir til að geta keypt af þeim sem eiga eignir. Þeir eldri hagnast en unga fólkið tekur sér á herðar þyngri byrgðar. Þessi breyting hefur leitt til þess að eldra fólk á nú stærri hlut skuldlausra eigna í landinu en fyrir 20 árum.

Hrunið kom sérstaklega illa við ungt fólk. Þrátt fyrir að ungt fólk afli nú almennt hærri tekna en jafnaldrar þeirra gerðu fyrir 20 árum skuldar það meira og á minna en það átti. Umtalsverður hluti ungs fólks og fólks sem er að nálgast miðjan aldur á ekki neitt samkvæmt skattskýrslu. Þá hafa þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga leitt til þess að það sem kalla mætti ungt fólk sem er að koma undir sig fótunum í lífinu telur nú alla fram undir fimm-tugt. Það er reyndar umhugsunarvert að margir sem eru að nálgast miðjan aldur eiga ekki aðeins minni eignir en forverar þeirra á sama aldri gerðu fyrir 20 árum heldur eiga þeir ekkert annað en skuldir. Það má ætla að þessu fólki takist að reka skuldirnar með vinnu og því er útlit fyrir að talsverðar breytingar verði á högum þessa fólks þegar starfsþrekið dvínar og tekjurnar minnka. ■

PK

Rafræn fyrirtækjaskrá

Undanfarið hefur verið unnið að því hjá ríkisskattstjóra að hanna og smíða kerfi þar sem viðskiptavinir geta stofnað félag með rafrænum hætti í gegnum svæði sitt á þjónustuvef rsk.is. Fyrst um sinn verður hægt að stofna einkahlutafélag, sem er algengasta rekstrarformið, sem og að tilkynna rafrænt um breytingar á áður skráðum félögum. Síðar verður bætt við öðrum rekstrarformum.



Ferlinu snúið við

Eins og málum er nú háttað þarf að skila inn tilkynningu um stofnun einkahlutafélags, stofnfundargerð, stofnsamningi og samþykktum. Þurfa gögnin að vera undirrituð af öllum þeim sem tengjast félaginu og þeir að skrifa undir á nokkrum stöðum. Tilkynningin sjálf er útdráttur úr öðrum stofngögnum (stofnfundargerð, stofnsamningi og samþykktum). Sum atriðin koma fyrir í öllum skjölum og algengt er að misræmi sé í gögnum sem þá þarf að laga. Þetta kostar vinnu, bæði fyrir starfsmenn ríkisskattstjóra og viðskiptavini. Með nýju kerfi er þessu ferli snúið við, þ.e. í stað þess að fylla út tilkynningu um stofnun félags á grundvelli stofngagnanna verða stofngögnin búin til í kerfinu á grundvelli tilkynningarinnar.


Nýja kerfið er hugsað þannig að þegar sótt er um skráningu einkahlutafélags rafrænt fer viðskiptavinurinn inn á þjónustuvefinn rsk.is

og fyllir þar út upplýsingar um félagið eins og t.d. nafn félags, tilgang, hlutafé, stjórnarmenn, prókúruhafa, endurskoðendur, dagsetningu stofnfundar o.s.frv. Þegar búið er að fylla út í alla reiti mun kerfið sjá um að búa til stofngögnin, þ.e. tilkynningu, stofnfundargerð, stofnsamning og samþykktir eftir þeim upplýsingum sem eru gefnar upp. Kerfið mun einnig villuprófa upplýsingar, t.d. hvort stjórnarformaður er sami einstaklingur og framkvæmdastjórinn, hvort stofnendur eða stjórnarmenn eru ekki orðnir 18 ára o.s.frv. Flestir sem stofna einkahlutafélag geta nýtt sér það að láta ríkisskattstjóra útbúa stofngögnin. Í einhverjum tilfellum, sérstaklega í stærri fyrirtækjum, gæti þurft að skila inn ítarlegri gögnum, t.d. ef hlutafé skiptist í flokka, samþykktir félags eru ítarlegri og hlutafé borgað með öðru en peningum. Í þeim tilfellum verður hægt að senda gögnin sem viðhengi með umsókn.




Ferlið frá kröfu til undirritunar:

1. RSK stofnar kröfu í heimabanka umsóknar-/breytingaraðila RSK fær upplýsingar um að krafa hafi verið greidd
2. RSK sendir t.póst/sms til hlutaðeigandi
3. Þeir undirrita með rafrænum skilríkjum




Hér birtist listi yfir þau félög sem viðkomandi tengist, ef einhver eru, og hvaða hlutverki hann gegnir í hverju þeirra. Einnig er hér að finna valmöguleika til að stofna nýtt félag, en til að byrja með verður einungis boðið upp á að stofna einkahlutafélag.


Tilkynning um stofnun einkahlutafélags skiptist í fjögur þrep. Í þriðja þrepi eru skráðar upplýsingar um heildarhlutafé félagsins, fjárhæð hluta, hvort greiðsla hafi farið fram og þá hve mikið í peningum og hve mikið í öðru en peningum.



Þegar búið er að skrá inn upplýsingar í öll fjögur þrep tilkynningar um stofnun einkahlutafélags er hægt að láta ríkisskattstjóra útbúa stofngögn félagsins á grundvelli tilkynningarinnar.



Eftir að tilkynning um stofnun einkahlutafélags hefur verið fyllt út og stofngögn útbúin er krafa stofnuð í heimabanka.



Aðilar að félaginu fá tölvupóst og eftir atvikum SMS með leiðbeiningum um hvernig eigi að undirrita skjölín með rafrænum skilríkjum.

Rafræn undirritun

Með rafrænni fyrirtækjaskrá verður stigið stórt skref í pappírslausum viðskiptum. Rafræn stofnun félags og breytingar á því verða undirritaðar með rafrænum skilríkjum allra þeirra sem koma að félaginu. Þegar búið er að fylla út í alla reiti sem þarf og gögnin tilbúin þá mun kerfið senda tölvupóst, og eftir atvikum SMS, til þeirra aðila sem koma að félaginu. Þeir geta þá farið inn á sitt svæði á þjónustuvef rsk.is og undirritað stofngögnin með rafrænum skilríkjum. Hægt verður að fylgjast með hverjir eru búnir að undirrita og hverjir ekki.

Kerfið mun stofna kröfu vegna tilkynningar um stofnun félags og mun sú krafa birtast í heimabanka stofnenda. Þegar umsóknin hefur verið undirrituð rafrænt af öllum aðilum og krafan hefur verið greidd mun umsóknin verða tekin til afgreiðslu.

Stefnt er að því að rafræn fyrirtækjaskrá verði komin í notkun í maí 2016 fyrir einkahlutafélög og fleiri félagaform muni síðan fylgja í kjölfarið. Búast má við því að með rafrænu skráningarkerfi muni afgreiðslutími styttest töluvert þar sem röngum skráningum mun fækka sem og því að komið er í veg fyrir tvískráningar þar sem skráning færist sjálfkrafa yfir í tölvukerfi ríkisskattstjóra. ■

SLL/BG



DÓMAR

Dómar Hæstaréttar Íslands í málum nr. 210/2015 og 211/2015

Skattlagning úthlutunar úr einkahlutafélögum – arður eða laun

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 26. október 2015 var íslenska ríkið sýknað af kröfum stefnanda.

Í málinu var deilt um frádráttarbærni fjármagnsgjalda í skattskilum stefnanda árið 2007. Hin umdeildu gjöld voru vegna skuldar stefnanda við móðurfélag sitt sem stofnað var með skiptingu stefnanda. Við

skiptinguna tók móðurfélagið við tiltekinni skuld stefnanda og eignaðist um leið kröfu á hendur honum. Yfirtekna skuldin hafði færst yfir til stefnanda eftir öfugan samruna við móðurfélagið en til skuldarinnar hafði verið stofnað til að fjármagna kaup á hlutabréfum í stefnanda.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að nokkuð hafi skort upp á að tengsl skuldar-

innar séu nægileg við rekstur stefnanda sbr. dóma Hæstaréttar í málum 555/2012 og 529/2013 þar sem niðurstaðan varð sú að fjármagnsgjöld af láni sem tekið var til að afla hluta í dótturfélagi uppfylltu ekki frádráttarskilyrði 31. gr. tekjuskattslaga eftir öfugan samruna þar sem þau gengju ekki til að afla tekna í atvinnurekstri.

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 217/2015

Skipting félags – sala eigna

Hæstiréttur Íslands staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 10. febrúar 2015 og sýknaði þar með íslenska ríkið af kröfum áfrýjanda.

Í málinu var deilt um hvernig fara bæri með ráðstöfun skips og aflaheimilda í skattalegu tilliti. Áfrýjanda var skipt upp á þann hátt að skipið Helga RE 49, veiðarfæri þess og veiðiheimildir komu í hlut Fjarðareyjar ehf. og voru eignarhlutföll hluthafa þau sömu og í áfrýjanda. Fjarðarey ehf. var stofnað í lok júní 2005. Skipting áfrýjanda var tekin fyrir á hluthafafundi og samþykkt í september 2005. Í maí 2005 hafði aftur á móti allt hlutafé

í Fjarðarey verið selt Skinney-Þinganesi ehf. og Ketillaug ehf. Í þeim kaupsamningi kom fram að félagið væri óskráð einkahlutafélag sem yrði skráð við skiptingu áfrýjanda.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að skipting áfrýjanda hefði fyrst tekið gildi þegar hluthafafundur í Fjarðarey ehf. hefði samþykkt skiptinguna fyrir sitt leyti. Þrátt fyrir að hluthafar í áfrýjanda hefðu fengið hlutabréf í Fjarðarey ehf. við stofnun þess hefði áfrýjanda ekki verið skipt að lögum fyrr en eftir að þeir höfðu afsalað bréfunum til annarra. Af þeirri ástæðu hefði ekki verið fullnægt því frumskilyrði sem kemur fram

í 1. mgr. 52. gr. tekjuskattslaga um að hluthafar í félagi sem skipt er fái eingöngu hlutabréf í félögum sem við tækju sem gagngjald fyrir hlutafé í hinu skipta félagi. Skattyfirvöldum var því rétt að ákveða að kaupverð samkvæmt samningnum hefði átt að vera fært til tekna hjá áfrýjanda. Þá var talið að framtalsgögn áfrýjanda hefðu ekki gefið tilefni til þess að endurákværða opinber gjöld hans nema að undangenginni áskorun um að láta í té skriflegar skýringar og viðeigandi gögn. Samkvæmt því höfðu skattyfirvöld sex ára frest til endurákvörðunar opinberra gjalda en ekki tveggja ára líkt og áfrýjandi hélt fram.

Úrskurðir yfirséðanefndar

261/2015

Lán til öflunar íbúðarhúsnæðis, vaxtabætur

Ríkisskattstjóri synjaði erindi kæranda þess efnis að fasteign yrði færð honum til eignar í skattframtölum 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014 auk þess sem hlutfall láns til öflunar íbúðarhúsnæðis yrði fært úr 20% í 100% árin 2009-2014. Í synjun sinni vísaði ríkisskattstjóri til upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands þar sem fram kom að kærandi hafði ekki verið eigandi að húsnæðinu frá því í október 2009 heldur hefði húsnæðið verið í eigu lögaðila í eigu kæranda. Húsnæðið var þannig fært í eignaskrá félagsins, fyrnt og afborganir og vaxtagjöld hefðu verið gjaldfærð í rekstrinum.

Í úrskurði yfirséðanefndar kemur fram að fyrir liggi að afsöllum hafi verið þinglýst við yfirfærslu frá kæranda til dóttur hans og frá dóttur hans til lögaðilans. Þá hafi lögaðillinn afsalað eigninni til kæranda með þinglýstu afsali. Ennfremur liggi fyrir að íbúðarhúsnæðið hafi verið fært á eignaskrá félagsins þau ár sem um ræðir. Í skattskilum félagsins hefðu verið færðar leigutekjur og til gjalda rekstrarkostnaður eignarinnar. Í ársreikningi félagsins kæmi fram að helsta eign þess væri umrætt íbúðarhúsnæði og tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum væri kaup og sala fasteigna og leiga atvinnuhúsnæðis. Að þessu virtu stöðaði ekki fyrir kæranda að halda því fram að eigendaskiptin á

ræktun félli undir gjaldskyldu samkvæmt lögnum.

Kærandi sætti sig ekki við álagninguna og krafðist þess fyrir yfirséðanefnd að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi. Fyrir þeirri kröfu færði kærandi margvísleg rök er vörðuðu skattlagningarheimildina þ.e. lög nr. 84/1997 og stjórnskipulegt gildi þeirra, túlkun þeirra, málsmeðferð og hvort starfsemi kæranda félli efnislega undir gjaldskyldu samkvæmt lögnum. Þá vísaði kærandi til þess að dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 27. apríl 2010 í máli Varðar Ólafssonar gegn Íslandi hefði fordæmisgildi í málinu en í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að lög um iðnaðarmálagjald nr. 134/1993 væru í andstöðu við félagafrélsisákvæði 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í úrskurði yfirséðanefndar kemur fram að nefndin hafi ekki úrskurðarvald um það hvort lagareglur kunni að brjóta í bága við einstök ákvæði stjórnarskrárinnar og sé því ekki bær til að fjalla um þær málsástæður sem á slíku eru byggðar. Samkvæmt stjórnskipunarvenju séu það dómstólar sem kveða á um það hvort lög verði samþýdd stjórnarskránni. Yfirséðanefnd og ríkisskattstjóri séu stjórnvöld sem hafi ekki hliðstætt hlutverk og dómstólar. Af þeim sökum felur það ekki í sér annmarka á undirbúningi máls hjá ríkisskattstjóra taki hann ekki afstöðu til gildis laga gagnvart einstökum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Yfirséðanefnd taldi að þungamiðjan í máli kæranda væri hvort hann hafi talist gjaldskyldur til búnaðargjalds samkvæmt lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald. Yfirséðanefnd tiltók að búnaðargjaldið væri skattur þó svo að það væri haldið þeirri sérstöðu að tekjur af gjaldinu renni til sérgreindra þarfa en ekki til opinbers aðila og vísaði til þess að fjárstjórnarvald Alþingis væri tvíþætt, annars vegar skattlagningarvald og hins vegar fjárveitingarvald. Slíkri tilhögun hafi ekki verið alfarið verið hafnað í dómaframkvæmd á þeim for-



Í kæru til yfirséðanefndar hélt kærandi því fram að þrátt fyrir skráningu fasteignarinnar hafi hann í raun og veru verið raunverulegur eigandi hennar. Í tilefni af gjaldþroti hefði fasteignin verið færð yfir til dóttur kæranda og í kjölfarið til lögaðilans. Afsöl fasteignarinnar hafi því verið málamyndagerningar. Íbúðalánasjóður hafi gert athugasemd við að samþykki sjóðsins hefði ekki verið aflað við eignayfirfærsluna og í kjölfarið hefði fasteignin verið færð aftur yfir á kæranda. Kærandi hefði alla tíð greitt af húsnæðislánunum og ekkert endurgjald hefði farið á milli við eignayfirfærslurnar.

árinu 2009 hefðu verið til málamynda. Þá gæti kærandi ekki byggt rétt til vaxtabóta á því að vísa til þess að eignarhaldi hans á lögaðilanum sem væri eigandi fasteignarinnar mætti jafna til eignarhalds á fasteigninni. Öllum kröfum kæranda var því hafnað.

319/2015

Búnaðargjald

Ágreiningsefni málsins snerist um þá ákvörðun ríkisskattstjóra að leggja búnaðargjald skv. lögum 84/1997 á kæranda. Álagningin var byggð á því að sá hluti starfsemi kæranda sem fólst í alifugla-

sendum að hún stríði gegn stjórnarskrá. Þá vísaði yfirsattaneftnd til þess að leysa yrði úr málinu á grundvelli tilvitnaðra laga enda hafi þeim lögum, hvorki í heild né að hluta, verið hnekkf af dómstólum vegna þess að lögin stríði gegn einstökum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Efnislega kemur fram í úrskurði yfirsattaneftndar að samkvæmt lögumum séu þeir gjaldskyldir sem stunda rekstur sem falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands. Þá vísaði yfirsattaneftnd til þess að óumdeilt væri að kærandi stundaði að hluta gjaldskylda starfsemi undir atvinnugreinanúmerinu 01.47.0 í ÍSAT2008. Ekki skipti máli þó svo að alifuglaræktin sé þáttur í lengra framleiðsluferli kæranda með verkþáttum sem ekki séu gjaldskyldir samkvæmt lögumum. Slík fyrirhögum breyti í engu gjaldskyldu kæranda vegna alifuglaræktunarinnar enda geri lög um búnaðargjald beinlínis ráð fyrir því að framleiðandi búvöru reki aðra starfsemi en þá sem gjaldskyld er en við þær aðstæður eru settar reglur um bókhaldslegan aðskilnað. Þá taldi yfirsattaneftnd það ekki skipta máli að engin virðisaukaskattskyld velta eigi sér stað fyrr en vinnslu kjötsins sé lokið. Kröfu kæranda var með vísan til framangreinds hafnað.

Falli hluti af starfsemi matvælaframleiðanda undir lög um búnaðargjald er sá hluti starfseminnar búnaðargjaldsskyldur.

321/2015

Skattasniðganga, endurgjald fyrir beint vinnuframlag

Ríkisskattstjóri færði kæranda til tekna tæplega 30 milljónir sem skiptust á fjögur tekjuár á grundvelli niðurstaðna í skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um var að ræða helming greiðslna samkvæmt sölureikningum sem erlendur lögaðili hafði gefið út á hendur fjórum íslenskum einkahlutafélögum. Tekjufærslan var á því byggð að reikningarnir hefðu verið gefnir út vegna vinnuframlags kæranda og viðskiptafélaga hans. Ríkisskattstjóri leit svo á að samband kæranda og hinna íslensku félaga hefði verið samband launagreiðanda og launamanns og af þeim sökum bæri að tekjufæra helming reikningsfjárhæðanna sem laun hjá kæranda.

Í kæru til yfirsattaneftndar krafðist kærandi að breytingum ríkisskattstjóra yrði hnekkf og studdi þá kröfu sína bæði formlegum og efnislegum rökum.

Kærandi benti m.a. á að hvorki skattrannsóknarstjóri ríkisins né ríkisskattstjóri hefðu aflað upplýsinga um hinn erlenda lögaðila og því hefði málið ekki verið rannsakað nægjanlega sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Í úrskurði yfirsattaneftndar var ekki fallist á þessa málsástæðu og vísað til þess að niðurstaða skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra hafi byggst á skýrslutökum af þeim aðilum sem komu að gerð reikninganna, þ.e. kæranda og viðskiptafélaga hans og fyrrverandi starfsmönnum íslensku félaganna. Í þessum skýrslutökum hefði komið fram að í raun hefðu íslensku félögin verið að greiða kæranda og viðskiptafélaga hans fyrir stjórnarsetu og/eða annað vinnuframlag þeirra í þágu íslensku félaganna. Væri því um að ræða persónulegar greiðslur til þeirra en ekki hins erlenda lögaðila. Ekki hafi því verið þörf á frekari upplýsingum um erlenda lögaðilann.

Í úrskurði yfirsattaneftndar kemur fram að útgefnir reikningar erlenda lögaðilans hafi alfarið verið að frumkvæði kæranda og viðskiptafélaga hans vegna starfa þeirra fyrir íslensku félögin. Um reglulegar greiðslur hafi verið að ræða á því tímabili sem kærandi og viðskiptafélagi hans tengdust félögumum og voru fjárhæðir reikninganna á hvert félag svipaðar milli mánaða. Greiðslurnar báru þess öll merki að hafa í raun verið launagreiðslur til kæranda og viðskiptafélaga hans fyrir persónulegt vinnuframlag þeirra. Störf þeirra hafi í eðli sínu verið störf sem almennt falla undir verksvið stjórnarmanna eða stjórnenda félaga.

Að þessu virtu taldi yfirsattaneftnd sbr. og með vísan til 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga að sýnt hefði verið fram á að virða beri umræddar greiðslur íslensku félaganna til erlenda lögaðilans sem skattskyld laun kæranda og viðskiptafélaga hans og að líta beri framhjá aðkomu erlenda lögaðilans við innheimtu þeirra greiðslna.

Niðurstaða ríkisskattstjóra um að horfa framhjá erlendum lögaðila við skattlagningu tekna var staðfest m.a. með vísan til 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga.

329/2015

Auðlegðarskattur, skattalegt eigið fé

Ágreiningsefni málsins var sú ákvörðun ríkisskattstjóra að hækka tilfært skattalegt eigið fé vegna auðlegðarskatts í skattskilum kæranda árin 2010, 2011, 2012

og 2013 vegna hlutafjáreignar í öðrum félögum. Ríkisskattstjóri byggði ákvörðun sína á upplýsingum úr skattframtölum umræddra félaga árin 2010, 2011, 2012 og 2013 um skattalegt eigið fé þeirra.

Kærandi krafðist þess í kæru til yfirsattaneftndar að hækkan ríkisskattstjóra yrði lækkuð þar sem ekki væru forsendur til að miða við hlutdeild kæranda í skattalega bókfærðu eigin fé umræddra lögaðila enda ekki unnt að sannreyna útreikninga ríkisskattstjóra og engin grein hafi verið gerð fyrir því í úrskurði ríkisskattstjóra hvernig hlutdeild kæranda í skattalegu eigin fé umræddra félaga hafi verið fengin.

Í úrskurði yfirsattaneftndar er vísað til bráðabirgðaákvæðis XXXIII við tekjuskattslög þar sem fram kemur að lögaðilar skuli telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um sé að ræða félög sem skráð eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í stað nafnverðs. Samkvæmt þessu bar kæranda að gera grein fyrir hlutdeild félagsins í skattalegu bókfærðu eigin fé þeirra félaga sem um ræðir. Sé þetta í raun ágreiningslaust.

Aðalkrafa kæranda byggði á því að annmarki væri á málsmeðferð ríkisskattstjóra þar sem kæranda hafi ekki verið gerð grein fyrir því hvernig skattalegt eigið fé væri leitt fram í skattframtölum þeirra félaga sem um ræðir. Yfirsattaneftnd benti á af þessu tilefni að ákvörðun á skattalega bókfærðu eigin fé félaganna réðist alfarið af upplýsingum úr skatt- og reikningsskilum þeirra sjálfra. Álitafni um ákvörðun á skattalega bókfærðu eigin fé þeirra félaga bar að útkljá við lögboðna meðferð á skattframtölum þeirra félaga og kærandi gæti ekki átt neina aðkomu að þeim málum. Í máli kæranda er þannig eingöngu um að ræða afleiddar breytingar á skattskilum félagsins vegna upplýsinga í skattskilum hinna félaganna. Með hliðsjón af því og með vísan til þess að ekki sé ágreiningur um að heildarhlutafé í umræddum félögum hafi numið þeim fjárhæðum sem um ræðir var kröfu kæranda hafnað.

Lögaðilum bar að telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem skráð eru í kauphöll en annars hlutdeild í skattalega bókfærðu eigin fé.

Bindandi álit

Álit 16/15

Álitsbeiðandi upplýsir að lykilstarfsmenn hans séu einnig eigendur hans. Starfsemin byggir einkum á útseldri þjónustu lykilstarfsmanna til viðskiptavina félagsins. Vegna eðlis starfseminnar og með hliðsjón af því að allir lykilstarfsmenn séu hluthafar í álitsbeiðanda sé vilji til þess að skipta hagnaði af rekstri félagsins með öðrum hætti en einvörðungu á grundvelli eignarhalds á hlutum í því. Það sé þannig vilji hluthafanna að skapa möguleika á því að skipta hagnaði félagsins að hluta til í samræmi við þátttöku hluthafa í að skapa hagnaðinn á grundvelli samþykktra viðmiða þar um.

Til að ná framangreindu markmiði hyggst stjórn félagsins leggja fram tillögu um eftirfarandi á hluthafafundi:

- Hlutfé álitsbeiðanda verði skipt í tvo flokka, A og B flokk.
- Óráðstafað eigið fé félagsins m.v. árslok 2015 tilheyri A flokki.
- Frá og með 1. janúar 2016 skuli hagnaður sem nemi tilteknu hlutfalli af EBITDA félagsins tilheyra B flokki og verða greiddur út sem arður árlega. Hlutfallið verði ákveðið endanlega á hluthafafundinum þegar ákvörðun verður tekin en yrði að líkindum á bilinu 30-45%.
- Arður í B flokki skiptist ekki á grundvelli eignarhalds heldur eftir ákvörðun framkvæmdastjóra félagsins á grundvelli reglna sem hluthafafundur myndi samþykkja. Reglurnar myndu grundvallast á eftirfarandi:
 - framlagi hluthafa til hagnaðar-myndunar, tekjuöflun fyrir hönd félagsins og fjárbindingu,
 - sölustarfi, verkefnaöflun og ábyrgð á verkefnum,
 - þróunar- og markaðsstarfi,
 - innra starfi og gæðamálum.

- Sá hluti hagnaðar sem ekki tilheyrir B flokki muni tilheyra A flokki og úthlutast sem arður á grundvelli almennra reglna og í samræmi við eignarhald á hlutum í A flokki.

Þá er upplýst að framangreindar reglur um úthlutun arðs í B flokki verði ekki bundnar við beint vinnuframlag (vinnutíma) og muni taka tillit til þátta utan vinnustaðar t.d. hversu virkir starfsmenn eru í félagsstörfum eða á öðrum vettvangi sem telst jákvæður fyrir álitsbeiðanda og markaðsstarf hans.

”

Vegna eðlis starfseminnar og með hliðsjón af því að allir lykilstarfsmenn séu hluthafar í álitsbeiðanda sé vilji til þess að skipta hagnaði af rekstri félagsins með öðrum hætti en einvörðungu á grundvelli eignarhalds á hlutum í því

Hluti hagnaðar álitsbeiðanda muni hins vegar lúta almennum reglum þar sem ákvarðanir um arðgreiðslur muni taka mið af m.a. fjárförf félagsins á venjulegum fjárfestagrundvelli.

Álitsbeiðandi lítur svo á að eftirfarandi atriði séu forsendur fyrir þeirri ráðstöfun sem um ræðir og þeirri niðurstöðu að arður af B hlutum í félaginu teljist tekjur af hlutareign:

- að allir hluthafar í álitsbeiðanda samþykki tillögu um breytingu á samþykktum félagsins, þ.e.
 - skiptingu hlutafjár í tvo flokka,

- að tiltekið hlutfall hagnaðar tilheyri sitt hvorum flokknum,
- að allur hagnaður sem tilheyri B flokki greiðist út árlega sem arður,
- að útgreiddur arður í B flokki skiptist ekki eftir eignarhaldi heldur eftir ákvörðun framkvæmdastjóra félagsins á grundvelli reglna settum á hluthafafundi í álitsbeiðanda,
- að álitsbeiðandi greiði sanngjörn laun á hverjum tíma sem séu ekki lægri en viðmiðunarlaun skattfirvalda

samkvæmt reglum um reiknað endurgjald,

- að við arðsúthlutun séu lagaskilyrði til útgreiðslu arðs sbr. m.a. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003 og að tekin sé lögformleg ákvörðun um úthlutun í samræmi við lög og samþykktir félagsins.

Af þessu tilefni óskar álitsbeiðandi eftir því að ríkisskattstjóri veiti bindandi álit um:

- hvort arður greiddur af [álitsbeiðanda] til hluthafa í A og B flokkum teljist tekjur af hlutareign og skatt-

leggist sem fjármagnstekjur sbr. 11. gr. laga nr. 90/2003 sbr. 4. tölul. C liðar 7. gr. og 3. mgr. 66. gr. sömu laga og að álitsbeiðanda beri því að halda eftir 20% tekjuskatti af arðinum sbr. 2. mgr. 2. gr. sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kemur fram að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt hafi að geyma skilgreiningu á hugtakinu skattskyldur arður og er ákvæðið svohljóðandi:

„Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu.“

Þá hefur 4. mgr. áður nefndrar 11. gr. að geyma svohljóðandi afmörkun á hugtakinu skattskyldur arður:

„Nú er félagi sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. slitið án þess að um sameiningu félaga sé að ræða, sbr. 51. gr., og skal þá telja til arðs úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð bréfanna. Einnig telst til arðs lækkun hlutafjár, sem greidd er út til hluthafa, umfram kaupverð.“

Samkvæmt framanrituðu teljist til arðs í skattalegu tilliti venjuleg arðgreiðsla og að auki sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hluthafa sem telja verður sem tekjur af hlutareign í félaginu. Arður í skilningi tekjuskattslaganna er þannig háður því að um sé að ræða tekjur sem móttakandi fær á grundvelli eignaraðildar að félaginu. Samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög geta slíkar tekjur eingöngu fallið þeim í skaut sem teljast vera hluthafar og fer um skattlagningu allt eftir því hvort tekjur af hlutareign teljast falla undir 1.-4. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst af hálfu álitsbeiðanda er það álit ríkisskattstjóra að arður sem greiddur er til hluthafa í A-flokki myndi falla undir það að vera hefðbundin arðgreiðsla samkvæmt 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga enda hefur ekki annað komið fram af hálfu álitsbeiðanda en að arður í þeim flokki skiptist á hluthafa á grundvelli eignarhalds. Kemur þá

til skoðunar hvort að sá hluti árangurstengdra greiðsla sem greiddur yrði til hluthafa á grundvelli þess að eignarhaldi þeirra á hlutabréfum í A-flokki yrði skipt upp í annars vegar A-flokk og hins vegar í B-flokk teljist vera við þær aðstæður hefðbundinn arður af hlutaeign

Í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 kemur fram í 2. mgr. 20. gr. sú meginregla að allir hlutir skuli hafa jafnan rétt í félaginu. Frá þessu má þó hverfa með því

”

Verði að líta á greiðslur til hluthafa í B-flokki sem afkastahvetjandi kaupauka sem skattleggja beri sem staðgreiðsluskyld laun

að kveða á um í samþykktum félags að hlutum sé skipt í sérstaka flokka. Í þeim tilvikum skal taka fram í samþykktunum hver munurinn sé á milli flokkanna. Sömu réttindi fyrir hluti skulu hins vegar gilda innan sama flokks. Þannig er ekki um það að ræða samkvæmt lögum um hlutafélög að mismunandi réttindi geti gilt innan hlutaflokks.

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, kemur fram sú meginregla að séu hlutir í einkahlutafélagi fleiri en einn skuli allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Frá þessari meginreglu má víkja með því að kveða á um það í samþykktum félagsins. Í ákvæðinu kemur einnig fram að í samþykktum megi meðal annars kveða á um hlutaflokka án atkvæðisréttar. Ekkert er þannig því til fyrirstöðu að hlutum í einkahlutafélögum sé skipt upp í flokka líkt og álitsbeiðandi hefur í hyggju að gera. En við þær aðstæður verður að telja að sama meginregla eigi við og rakin var hér að framan þ.e. að innan sama flokks skuli vera sömu réttindi fyrir hluthafa. Eins og álitaefnið er lagt fyrir ríkisskattstjóra er ljóst að svo er ekki sbr. umfjöllun hér síðar.

Álitsbeiðandi hefur upplýst að úthlutun í B-flokki grundvallist á framlagi hluthafa til hagnaðarmyndunar, tekjuöflunar fyrir félagið, fjárbindingu, sölustarfs, verkefnaöflunar, ábyrgðar á verkefnum, þróunar- og markaðsstarfi, innra starfi og gæðamálum allt samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra sem byggjast verður á þeim reglum sem hluthafafundur samþykkir. Tiltekið er í álitsbeiðni að reglur

um úthlutun arðs í B-flokki verði ekki alfarið bundnar við beint vinnuframlag og taki til þátta utan vinnustaðar s.s. virkni í félagsstörfum eða á öðrum vettvangi sem telst jákvæður fyrir félagið.

Þau atriði sem álitsbeiðandi hefur talið upp að eigi að hafa áhrif á úthlutun lúta langflest að því að auka hagnað og framlegð álitsbeiðanda. Af þessum upplýsingum verður einna helst ráðið að umbuna eigi þeim hluthöfum sem eiga

hlutabréf í B-flokki allt eftir því hversu mikið þeir hafi lagt af mörkum til framgangs og velgengni álitsbeiðanda og að umbunin sé ekki í hlutfalli við hlutareign þeirra í B-flokknum. Þær reglur sem álitsbeiðandi hefur í hyggju að leggja til grundvallar umbun til B-hluthafa eru þannig í eðli sínu afkastahvetjandi. Þannig virðist reglunum ætlað að spyrða saman eljusemi og árangri umræddra hluthafa sem jafnframt eru starfsmenn álitsbeiðanda og rekstrarlegri afkomu félagsins í stað þess að arðsúthlutun til hlutareigenda sé byggð á tilteknu hlutfalli í samræmi við eignarhlutdeild hvers og eins hluthafa.


Að framangreindu virtu er það álit ríkisskattstjóra að miðað við framfærðar forsendur þá verði að líta á greiðslur til hluthafa í B-flokki sem afkastahvetjandi kaupauka sem skattleggja beri sem staðgreiðsluskyld laun samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga sbr. og lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Staðgreiðslu ber þá að halda eftir í samræmi við ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ekki skiptir máli þó svo greiðslan sé innt af hendi undir formerkjum arðs á grundvelli eignarhalds á hlutabréfum í B-flokki enda hefur álitsbeiðandi upplýst að það sé ekki hlutareignin sem slík og arðsúthlutun af hagnaði félagsins í hlutfalli við þá hlutareign sem liggja til grundvallar greiðslunni. Umræddar tekjur geta því ekki í skattalegu tilliti talist arður af hlutareign, sbr. 1. tölul. 11. gr. tekjuskattslaga.

Boðskapur jólanna



Reynir Jóhannesson

*viðskiptafræðingur
virðisaukaskattssvið*



Senn líður að jólum, hátíð ljóss og friðar, jólaljósum og öðrum skreytingum fjölgar dag frá degi, jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum. Sú birta og von, sem jólahátíðin felur í sér, er kærkomin inn í þennan dimmasta og kaldasta tíma ársins. Gleði og eftirvænting jólanna bærast innra með okkur, allt eftir aðstæðum hvers og eins. Mér er það sérstaklega minnisstætt að þegar ég var yngri fannst mér jólin fyrst vera á næsta leyti þegar eplakassinn og eplalyktin voru komin í hús. Nú eru hins vegar um margt breyttir tímar. Í dag hefur „jólastressið“ ef svo má að orði komast tekið enn meiri völd en áður var og þá er hætt við því að boðskapur jólanna gleymist í öllum látunum. En hver er sá boðskapur? Það er hverjum og einum hollt að setjast aðeins niður um stund og hugleiða það í öllu jólaamstrinu hver sá boðskapur er. Ég held að nú á tímum sé okkur oftast en ekki gjarnt að huga meira að ytri umbúnaði jólanna en hugum hins vegar minna að inntaki og boðskap þeirra. Nú fyrir jólin eins og svo oft áður leggja verslanir áherslu á að hafa opið lengur og kaupmenn keppast við að selja sínar vörur. Það er eðlilegt að fólk vilji fá sér eitthvað fallett fyrir jólin og gleðja sína nánustu en mikilvægt er að slíku fylgdi ekki erfiðleikar og fjárhagsáhyggjur að jólum loknum. Gleymum því ekki að það er fyrst og fremst sá hugur sem býr að baki gjöfinni sem mestu máli skiptir en ekki stærð eða verðmæti hennar.

Segja má að Íslendingar búi í samfélagi allsnægta þó margir líti svo á að gæðum þessa heims sé misskipt. Sem betur fer er afkoma margra Íslendinga það góð að þeir geta veitt sér ýmislegt sem gleður huga og sál. En svo er ekki með alla í okkar þjóðfélagi og það hlýtur að vera markmið okkar allra að bæta hag þeirra sem minna mega sín og hafa á einhvern hátt orðið undir í lífsbaráttunni, hverju svo sem því er um að kenna. Um jól er oft farið fögrum orðum um þau fyrirheit okkar að bæta hag þeirra sem minna mega sín. Mikilvægt er að við látum ekki þar sitja við orðin tóm í þeim efnum heldur láta verkin tala. Því skal þó ekki neitað að reynt sé að bæta hag þeirra verst settu en vissulega má alltaf gera betur og það er eftirsóknarvert takmark að svo verði. Það eru allt of margir sem eiga um sárt að binda á þessum árstíma og upplifa sorg og harm í stað gleði og friðar. Höfum það hugfast að það er verkefni okkar allra að gera allt það sem í okkar valdi stendur til að færa hverjum þeim sem við þekkjum og á um sárt að binda, gleði, kærleik og umfram allt frið.

„Ekki spyrja hvað land ykkar geti gert fyrir ykkur – spyrjið hvað þið getið gert fyrir land ykkar.“, en þessi fleygu orð sagði John F. Kennedy í innsetningarræðu sinni í lok árs 1961 þegar hann var kjörinn forseti Bandaríkjanna. Ég held að það færi vel á því fyrir hvert okkar að hugleiða þessi orð og velta inntaki þeirra fyrir okkur. Nú á tímum þykir það sjálfsagt að gera



auknar kröfur til ríkisins um fjárframlög til margvíslegra og nauðsynlegra verkefna en á sama tíma er oftast en ekki uppi háværar raddir í þjóðfélaginu um að skattheimta ríkisvaldsins sé langt úr hófi fram. Höfum það í huga að ríkið er ekkert annað en samfélag þeirra þegna sem í því búa. Framlag okkar til ríkisins, m.a. í formi skatta og ýmissa gjalda, helst í hendur við þá þjónustu og framlög sem ríkið getur af hendi látið. Á sama tíma og fólk talar fjálglega um að komast hjá sköttum eru þeir hinir sömu háværir í gagnrýni sinni á ríkisvaldið um að ekki sé sett nægilegt fjármagn í hinar ýmsu framkvæmdir eða þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins. Framlag ríkisins til einstaka verkefna er háð þeim fjármunum sem ríkið hefur úr að spila. Síðan getum við endalaust deilt um það hvernig þeim fjármunum er varið til hinna mismunandi verkefna.

Að mínu mati eiga fyrrgreind orð John F. Kennedy vel við nú sem endranær og eru þörf áminning til okkar allra. Snemma árs 2014 tók embætti ríkisskattstjóra að sér það verkefni sem í daglegu tali er kallað „leiðréttingin“ sem m.a. fólst í leiðréttingu fasteignaveðtryggðra lána. Ég var hópi þeirra sem fengnir voru til að vinna að þessu verki. Ég er nokkuð viss um að við öll sem að þessu komu gerðum okkur ekki að fullu grein fyrir því hversu umfangsmikið og flókið þetta verkefni var. Hér var enga fyrirmynd að hafa. Þær voru margar vinnustundirnar sem fóru hjá hópnum í úrvinnslu umsókna,

***Hækka á himni fer sól
hún huggar, hún þerrar hvert tár.
Guð gefi ykkur gleðileg jól
og gæfuríkt komandi ár.***

símtöl, tölvupóstsamskipti og ýmislegt fleira þessu tengdu. Nú í lok árs 2015 er loksins farið að sjá fyrir endann á þeim hluta verkefnisins sem snéri að leiðréttingu fasteignaveðtryggðra lána. Efst í huga mínum á þessum tímamótum er hversu vel tókst til með framkvæmdina í einu og öllu. Embætti ríkisskattstjóra stóð í alla staði einstaklega vel að þessu verkefni svo eftir var tekið. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að vinna með öllu þessu góða og skemmtilega fólki sem að þessu kom. Hópurinn sem að þessu vann náði mjög vel saman, var samhentur og hafði ávallt léttleikann að leiðarljósi sem er mjög mikilvægt þegar álag er mikið. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem að þessu verkefni komu á einn eða annan hátt fyrir samstarfið.

Upplýsingatafla RSK 2015

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2015

Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

■ Af fyrstu 309.140 kr.	37,30%
■ Af næstu 527.264 kr.	39,74%
■ Af fjárhæð umfram 836.404 kr.	46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 50.902 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

■ Af fyrstu 71.145* kr.	37,30%
■ Af næstu 121.342 kr.	39,74%
■ Af launum umfram 192.487** kr.	46,24%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $3.709.680/365 \times 7 = 71.145$ ** $10.036.847/365 \times 7 = 192.487$

Annað

■ Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2015	20%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr.	6%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2015	1.637.601 kr.

Persónuafsláttur 2015

■ Einn mánuður.....	50.902 kr.
■ Hálfur mánuður.....	25.451 kr.
■ 14 dagar.....	23.429 kr.
■ Ein vika.....	11.714 kr.

Tryggingagjald

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	7,49%
■ Viðbót v/sjómannna á fiskiskipum	0,65%

Frádráttur vegna almenns aksturs

1.000 km, pr. km:	116 kr.
1.001 - 2.000 km:	114 kr.
2.001 - 3.000 km:	112 kr.
3.001 - 4.000 km:	98 kr.
4.001 - 5.000 km:	96 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

Virðisaukaskattur

■ Almenn skattþrep	24%
■ Sérstakt skattþrep	11%

Barnabætur 2015

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	194.081 kr.
- með börnum umfram eitt	231.019 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	115.825 kr.
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	323.253 kr.
- með börnum umfram eitt	331.593 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	115.825 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

Vaxtabætur 2015

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

■ Hjá einhleypingi	400.000 kr.
■ Hjá einstæðu foreldri	500.000 kr.
■ Hjá hjónum og sambúðarfólki	600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.

Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2015

Gildir frá 1. 11. 2015

■ Gisting og fæði í einn sólarhring	26.000 kr.
■ Gisting í einn sólarhring	14.800 kr.
■ Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	11.200 kr.
■ Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	5.600 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2014

Gildir frá 1. 12. 2014

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54